

ANNA ÞORBJÖRG JÓNASDÓTTIR

Litaraðar fötunum í fataskápnnum sínum

heimili sumar

allt í MIDJU BLADSINS



HÍBYLI

Sumargardínurnar settar upp í eldhúsinu

Sérblað um híbýli og eldhús

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Núna þarftu aðeins að sofa í 4 nætur þar til við opnum á Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. maí 2008 – 141. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Fyrsta íslenska myndbandið



Leoncie sendir frá sér myndband við lagið Enginn þríkantur hér í dag.

FÓLK 30

Leitar í Íslendingasögurnar



Porvaldur Davíð hyggst vinna leikgerð upp úr Íslendingasögum í sumar.

FÓLK 30

DNA í ævintýrlega ferð til Póllands

Suzuki-skólinn sendi kammersveit í alþjóðlega keppni í fyrsta sinn.

TÍMAMÓT 16


FH lagði KR



KR sótti ekki gull í greipar FH-liðsins frekar en fyrri daginn í gær.

ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



HITI 23 STIG í dag verða suðlægar áttir, 3-10 m/s, stífastur vestan til. Bjartviðri á austurhelmingi landsins fram eftir degi en skýjað vestan til og sums staðar lítilsháttar væta. Hiti 12-23 stig, hlýjast til landsins eystra.

VEDUR 4

Flugið verði í Vatnsmýrinni

58,5 prósent vilja að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 41,5 prósent vilja hann burt. Af þeim vilja flestir að hann flytjist á Keflavíkflugvöll.

SKOÐANAKÖNNUN Meirihluti Reykavíkinga, eða 58,5 prósent, vill að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni, samkvæmt nýrri skoðanakönnun. 41,5 prósent vilja að hann verði fluttur eitthvert annað. Mun meiri stuðningur er meðal kvenna en karla við að flugvöllurinn verði þar sem hann er. 64,1 prósent kvenna vill að flugvöllurinn verði þar sem hann er, en 52,9 prósent karla.

Ef litið er á svörin eftir stuðningi við stjórnmalaflokka er helsta stuðningsflokkur þess að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni kjós-

endur Frjálslyndra og Framsóknarflokks. 71,4 prósent kjósenda Frjálslynda flokksins vilja ekki færa flugvöllinn og 69,2 prósent kjósenda Framsóknarflokksins. 65,6 prósent þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk vilja einnig að flugvöllurinn flytjist ekki og 59,4 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins.


50,7 prósent kjósenda Samfylkingar og 55,8 prósent kjósenda Vinstri grænna vilja hins vegar að flugvöllurinn verði fundinn annar staður.

Af þeim sem sögðust vilja að

flugvöllurinn yrði færður sögðust 51,8 prósent vilja að flugvöllurinn flytjist á Keflavíkflugvöll. 34,7 prósent nefndu ekki neinn ákveðinn stað og 13,8 prósent vildu að flugvöllurinn yrði á Hólmsheiði. 2,8 prósent vildu að flugvöllurinn yrði fluttur á aðra staði.

Hringt var í 600 Reykavíkinga laugardaginn 24. maí. Spurt var; Á að flytja Reykjavíkflugvöll úr Vatnsmýrinni? 87,5 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Þeir sem svöruðu já við spurningunni voru svo spurðir; Hvert viltu að flugvöllurinn verði fluttur? - ss

Á að flytja Reykjavíkflugvöll úr Vatnsmýrinni?



Skv. könnun Fréttablaðsins 24. maí



ÁFRAM VALUR! Stuðningsmenn Vals höfðu ærna ástæðu til að fagna í gærkvöldi þegar þeir unnu sigur á Fjölnismönnum, 2-1, í fyrsta leik liðsins á nýjum velli að Hlíðarenda. Valsmenn lentu manni undir en skoruðu sigurmarkið undir lok leiks. Sjá síðu 24

Ísland er 27. landið sem Mick Munday heimsækir til að sjá Bob Dylan-tónleika:

Hefur séð Dylan 200 sinnum

FÓLK „Ég bý og vinn í Englandi, en ferðast mikið til annarra landa til að sinna áhugamálum mínum,“ segir Mick Munday, 53 ára gamall sendibílstjóri frá Winchester í Suður-Englandi. Mick kom til landsins á laugardagskvöld í þeim tilgangi að vera viðstaddur tónleika Bobs Dylan í Laugardalshöll í kvöld. Verður það í 201. skiptið sem hann ber Dylan augum á tónleikum.



MICK MUNDAY

Ísland er 27. landið sem Mick ferðast til í þessum tilgangi. „Ég

hef elt Bob Dylan nánast út um allan heim, meðal annars til Japans, Ástralíu og vítt og breitt um Evrópu.“ Spurður um ástæður fyrir þeim mikla fjölda tónleika sem hann hefur sótt segir hann Dylan vera sígildan listamann sem muni lifa góðu lífi eftir hundrað ár. „Það er eina vitið að sjá hann eins oft og

hægt er meðan hann er enn á lífi. Fyrstu Dylan-tónleikarnir sem ég sá voru í London fyrir þrjátíu árum og ég hef ekki enn fengið nóg.“

Mick hefur einu sinni komist í návígi við goðið sitt. Það var í Syracuse í New York fyrir sjö árum.

„Dylan var mjög indæll og spjallaði við okkur í dágóða stund. Hann er reyndar mun minni en manni óráð fyrir, og ég ætlaði varla að trúa því hversu smávaxin hetjan mín er,“ segir Mick og hlær dátt.

- kg

GARÐARSHÓLMI EFTIR TVO DAGA NÝJASTA BÓK HUGLEIKS

100 FYRSTU EINTÖK FRÍ

Kafbátur mánaðarins

329 kr

17 Subway staðir um allt land

...snjall leikur í hádeginu!



OFURHUGI Michel Fournier sýnir fréttamönnum „geimfar“ sitt.

Mettílaun í Kanada: Fallhlífarstökk úr 40 km hæð

KANADA, AP Michel Fournier, 64 ára gamall franskur fallhlífarstökkvari, bjó sig í gær undir nýjustu mettilraun sína. Fyrir birtingu í dag mun hann svifa með heliumloftbelg frá bænum North Battleford í Kanada.

Þegar belgurinn hefur borið hann upp að mörkum lofthjúpsins í um 40 kílómetra hæð mun hann síðan láta sig falla og „kafa“ í gegnum lofthjúpin, hugsanlega á allt að hljóðhraða. Með uppátækinu vonast Fournier til að geta hjálpað framrás vísindanna og að slá um leið alls fjögur met í frjálsu falli.

- aa

TENGI

Tilboðsdagar

Tilboð af völdum vörum í verslunum okkar. Meðan birgdir endast.

Opíð virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000

Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Sigurjón, spilarðu bob?

„Nú komstu mér í bobba.“

Sigurjón Þór Friðbjólfsson sem fer á sína 39. Bob Dylan-tónleika í Laugardalshöll í kvöld segist ekki hafa leikið tónlist með átrúnaðargoðinu undanfarið til að vera ferskur þegar stóra stundin rennur upp.

Cannes-kvikmyndahátíðin:

Rúnar fékk ekki Pálmann

MENNING Franska kvikmyndin *Entre les murs*, eða *Skólabeckurinn*, fékk Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes í gærkvöldi. Stuttmynd Rúnars Rúnarssonar, Smáfuglar, var tilnefnd í hópi stuttmynda en laut í lægra haldi fyrir myndinni *Megatron* eftir Marian Crisan.

Bandaríski leikarinn Benicio Del Toro var valinn besti leikarinn, fyrir hlutverk sitt sem Che Guevara í kvikmynd Stevens Soderbergh. Hin brasilíska Sandra Corveloni var valin besta leikkonan, fyrir hlutverk sitt í myndinni *Line of Passage*.



STOLT RÚSSA Dima Bilan á útopnu á sviðinu í Belgrad.

Eurovision-sigur Rússlands:

Bætist við röð íþróttasigra

RÚSSLAND, AP Sigur Rússa í Eurovision um helgina bættist í safn nýlegra titla þeirra í hinum ýmsu keppnisíþróttum.

Dmítrí Medvedev forseti hringdi í söngvarann Dima Bilan og óskaði honum til hamingju. Vladímír Pútín forsætisráðherra sendi honum símskeyti og sagði úrslitin „enn einn mikilvægur sigur fyrir allt Rússland“.

„Rússar eru bestir, við vinnum alla – í körfubolta, fótþolta, íshokki og Eurovision!“ sagði Evgení Plúsjenkó, Ólympíumeistari í listdans á skautum, sem dansaði með Bilan á sviðinu í Belgrad.

Stíflulón af völdum jarðskriðna veldur nýrri ógn á jarðskjálftasvæðinu í Mið-Kína:

Harður eftirskjálfti veldur tjóni

KÍNA, AP Einn harðasti eftirskjálftinn sem riðið hefur yfir hamfarasvæðið í Mið-Kína þar sem áætlað er að yfir 80.000 manns hafi farist skaut eftirlifendum skelk í bringu í gær. Einn maður lét lífið og hundruð slösuðust af völdum skjálftans í gær.

Skjálftinn mældist 5,8 að styrkleika og er sá öflugasti frá því hamfaraskjálftinn sjálfur reið yfir Setsúan-hérað hinn 12. maí. Alls 71.000 hús, sem staðið höfðu af sér stóra skjálftann, hrundu í gær.

Kínversk stjórnvöld staðfestu annars í gær að opinber fjöldi látinna af völdum hamfaraskjálftans

væri kominn í 62.664. Wen Jiabao forsætisráðherra hefur sagt að búast megi við því að yfir 80.000 hafi farist, enda er enn hátt í 24.000 manna saknað.

Milljónir eftirlifenda eru heimilislausir og sumir þeirra eiga nú á hættu að verða fórnarlömb flóða þar sem jarðskriður hafa stíflað ár. Vatnið sem þannig hefur safnast upp í lónum getur síðan brotið sér leið í gegnum skriðurnar og valdið skaðræðisflóðum neðan við þær. Fjöldi hermanna er nú að vinna að því að bægja þessari hættu frá, meðal annars með því að sprengja skriður sem hafa myndað slík stíflulón.



STÍFLULÓN Gríðarmikið vatn hefur safnast í stíflulón innan við jarðskriður, hér í Beichuan-sýslu í Setsúan.



BURT MEÐ SPILAKASSANA Leiðbeinandi reglur um neytendavernd barna gera meðal annars ráð fyrir að spilakössum verði úthýst úr verslunum í skólahverfum.

Spilakössum verði úthýst úr skólahverfum

Leiðbeinandi tillögur um neytendavernd barna gera meðal annars ráð fyrir að spilakassar muni hverfa úr verslunum í skólahverfum. Einnig kveður á um að unglingar undir átján ára aldri fái aðeins debetkort sem eru síhringikort.

NEYTENDAMÁL „Við höfum trú á því að sátt náist um reglurnar. Ef allt annað þrýtur verður gripið til löggjafar,“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda. Embætti Tryggva og umboðsmanns barna hafa í þrjú ár unnið að verkefninu neytendavernd barna, sem snýr að markaðssókn sem beinist að börnum og ungu fólki. Embættin munu funda með hagsmunaaðilum á morgun, þar sem reynt verður að ná almenntri sátt um þennan málaflökk. Í kjölfarið verða svo reglurnar kynntar almenningi.

„Við höfum fundað stíft með hagsmunaaðilum og fundið fyrir miklum vilja flestra til að koma þessum reglum í farveg. Í tilfelli

sem þessu, þar sem leiðbeinandi reglur eiga að koma í stað löggjafar, er ekki ásættanlegt að fallast á lögsta samnefnara sem allir geta verið sammála um. Því þurfa allir aðilar að gefa eitthvað eftir til að ásættanleg niðurstaða náist,“ segir Gísli. Hann segir mörg forðæmi þess að leiðbeinandi reglum sé fylgt til hlítar, meðal annars nýlegar reglur um starfshætti fyrirtækja í Kauphöllinni og reglur um neytendamál á hinum Norðurlöndunum.

Reglurnar munu meðal annars kveða á um fullkomið gagnsæi auglýsinga sem beint er að börnum og ungu fólki, og að spilakassar verði ekki leyfðir í verslunum skólahverfa. Einnig verður í regl-

unum að finna ákvæði þess efnis að unglungum undir átján ára ætti ekki að standa til boða að fá debetkort sem ekki eru síhringikort. Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir margar reglanna vera áréttingu á viðteknum venjum, eða nokkurs konar staðfestingu á reglum sem hvergi eru skráðar. Þó sé líka að finna þar nýjungar. „Markaðurinn finnur sífellt nýjar leiðir og við reynum að sjá fyrir vandamál sem upp geta komið. Við fengum markaðsaðila í lið með okkur til að minnka líkurnar á að reynt sé að fara í kringum reglurnar, eins og hefur gerst í bjórauglýsingum hérlendis,“ segir María.

kjartan@frettabladid.is

BSRB semur til 11 mánaða:

Launin hækka um 20 þúsund

KJARAMÁL Stefnt var að því í gærkvöld að BSRB og ríkið myndu undirrita nýjan kjarasamning til loka mars 2009.

Launataxtar hækka um 20.300 krónur á mánuði.

„Þetta er sá skammtímasamningur sem við lögðum upp með að fá og er að því leyti ásættanlegt,“ segir Ögmundur Jónasson, formaður BSRB. „Hins vegar voru vaktar væntingar af hálfu ríkisstjórnarinnar um sérstakt framlag til umönnunarstofnana – og þar með umönnunarstétta – sem er vonbrigði að skyldi ekki nást. Það er áhersla sem BSRB hefur hamrað á undanfarið.“

Gjaldeyrisforðinn aukinn:

Frumvarp um lántökuheimild

EFNAHAGSMÁL Ríkisstjórnin mun nú í byrjun vikunnar leggja fram frumvarp á Alþingi um heimild til að taka stórt erlent lán til að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans.

Þetta kom fram í máli Geirs H. Haarde forsætisráðherra í Silfri Egils í gær. Geir segist hafa orð formanna stjórnarandstöðunnar fyrir því að þeir muni greiða fyrir því að frumvarpið verði samþykkt.

Lagaheimild þarf til að Seðlabankinn geti tekið erlent gjaldeyrislán. Geir sagði Seðlabankann hafa unnið að undirbúningi lántökunnar fyrir hönd ríkisins allengi og að hann ætti jafnvel von á því að frumvarpið yrði lagt fram í dag eða í kvöld.



GEIR H. HAARDE

Viðbrögð við hrefnuveiðum:

Bandaríkin lýsa vonbrigðum

HVALVEIÐAR Carlos M. Gutierrez, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, hefur lýst miklum vonbrigðum með ákvörðun íslenskra stjórnvalda að gefa á ný út hrefnuveiðikvóta „utan við eftirlit og stjórn Alþjóðahvalveiðiráðsins“.

„Þetta eru vondar fréttir,“ segir í yfirlýsingu frá ráðherranum sem vitnað er í á fréttavefnum 7th Space. „Ég hvet íslensk stjórnvöld til að endurskoða þessa ákvörðun og einblína á allsherjarstefnumið hvalveiðiráðsins frekar en skammtímahagsmuni hvalveiðiaðila landsins. Á tímum þegar við ættum að vera að vernda hvali er Ísland að stefna í ranga átt,“ segir ráðherrann enn fremur.

STIGAR OG HANDRÍÐ ÚR GLERI OG STÁLI



ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

Dagur barnsins haldinn í fyrsta skipti á Íslandi:

Gleði og samvera í Ráðhúsinu

FÓLK Dagur barnsins var haldinn í fyrsta skipti á Íslandi í gær undir yfirskriftinni Gleði og samvera. Skemmtidagskrá var í Ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni dagsins en hann er haldinn að ákvörðun ríkisstjórnarinnar að tillögu Jóhönnu Sigurðardóttur, félags- og tryggingamálaráðherra.

Í Ráðhúsinu voru verðlaun veitt fyrir vinnstillögur að stafi og merki dagsins en ráðherra vildi að börn og ungmenni gætu merkt sér daginn. Hátt á annað hundruð tillögur að merki barst og um tugur tillagna að stafi. Bryndís Jóna Hilmarsdóttir, nemandi í þriðja bekk í Grundarskóla, átti vinnstillögunu að merki dagsins en hún teiknaði líflega mynd af krökkum og sól. Kristín Hrönn Jónsdóttir, nemandi við Menntaskólann við Sund, samdi vinningsstefið, sem hún sagði sumarlegt og höfða til allra aldursþópa.

Dorrit Moussaieff forsetafrú var viðstödd athöfnina í Ráðhúsinu en hún var verndari dagsins.

Víða um land var dagurinn haldinn hátíðlegur og fólk boðið frítt í sund og á sófn. Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað börnum 20. nóvember á hverju ári allt frá árinu 1945. Íslenska ríkisstjórn-



GLEÐI OG SAMVERA Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, fylgist með skemmtiatriðum í Ráðhúsinu ásamt Dorrit Moussaieff forsetafrú, verndara dagsins, og Urði Matthíasdóttur.

in valdi deginum tíma að vori með hækkandi sól. Dagur barnsins fellur á 24. maí að ári.

9.637 viðskiptavinir hjá Nova

Nú stýttist í að viðskiptavinir Nova verði 10.000 talsins! Þú gætir orðið tíupúsundasti viðskiptavinur Nova og hlotið í verðlaun Nokia N95 8G farsíma.

Að auki munum við hringja myndsimtal í 10 heppna viðskiptavini sem einnig fá nýjan Nokia N95 farsíma að gjöf frá Nova.

Við þökkum frábærar viðtökur við Nova – stærsta skemmtistað í heimi.



**0 kr. Nova
í Nova**

Simtöl, myndsimtöl,
SMS og MMS milli
viðskiptavina Nova
kosta ekki krónu!

2.000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir
öllum simatil-
boðum hjá Nova!

DAÐUR & STEINI



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

| GJALDMIDLAR | KAUP | SALA |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 72,06 | 72,4 |
| Sterlingspund | 142,65 | 143,35 |
| Evra | 113,23 | 113,87 |
| Dönsk króna | 15,175 | 15,263 |
| Norsk króna | 14,313 | 14,397 |
| Svænsk króna | 12,17 | 12,242 |
| Japanskt jen | 0,6955 | 0,6995 |

| | | |
|-----|-------|-------|
| SDR | 117,6 | 118,3 |
|-----|-------|-------|

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

145,8501

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Telur stjórn Orkuveitunnar andsnúna fyrirtækinu og vill forstjórnann á fund:

Útskýri afleiðingar Bitruákvörðunar

REYKJAVÍKURBORG „Ég hef áhyggjur af því að stjórn Orkuveitunnar virðist vera andsnúin fyrirtækinu," segir Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins.

Óskar, sem einn borgarfulltrúa segist ósammála því að hin pólitískt skipaða stjórn Orkuveitunnar ákvað að láta hætta undirbúningi Bitruvirkjunar, vill að Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR, komi ásamt ráðgjöfum sínum á fund borgar-ráðs.

„Ég vil að stjórnendur Orkuveitunnar geri borgarráði grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur fyrir fyrirtækið að hætt sé við Bitruvirkjun. Eru fleiri samningar

en vegna kísilhreinsiverksmiðjunnar í Þorlákshöfn í uppnámi? Hefur þetta áhrif á Hverahlíðarvirkjun og á stækkun Hellisheiðarvirkjunar?" spyr Óskar og segir málið afar áriðandi.

„Ég hef alvarlegar áhyggjur af orðspori Orkuveitunnar þegar það er svona mikill hringlandaháttur í málunum þar. Tilgangur fyrirtækisins er að nýta háhitann til kjarnastarfsemi sinnar og til að framleiða rafmagn. Þegar stjórn fyrirtækisins leggst eindregið gegn ríku hagsmunum fyrirtækisins sem er búið að leggja einn milljarð króna til að skoða þá held ég að sé eitthvað mikið að." - gar



ÓSKAR BERGSSON „Ég hef alvarlegar áhyggjur af orðspori Orkuveitunnar," segir borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Flokksformenn sammála: Eftirlaunalögin voru mistök

STJÓRNMÁL Formenn allra flokka á Alþingi viðurkenna að mistök hafi verið gerð við setningu laga um eftirlaun æðstu ráðamanna þjóðarinnar í desember árið 2003. Þetta kom fram í Silfri Egils í gær.

Frumvarpið var lagt fram af fulltrúum allra flokka og formenn allra flokka komu að samningu þess. Þegar til kastanna kom kaus stjórnarandstaðan gegn því.

„Það voru gerð mistök og ég ber vissa ábyrgð á því," sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Geir H. Haarde tók undir það og sagði það eiga við um marga fleiri. - sh



SÓR EMBÆTTISEIÐ Michel Suleiman gengur hjá heiðursverði við þinghúsið í Beirút í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnmál í Líbanon:

Suleiman kjörinn forseti

LÍBANON, AP Michel Suleiman sór í gær embættiseið sem nýr forseti Líbanons, í beinu framhaldi af því að hann hlaut tilskilinn meirihluta í atkvæðagreiðslu á Líbanonþingi. Þar með var mikilvægum áfanga náð í að leysa þá pattstöðu sem lengi hafði ríkt á milli stríðandi fylkinga og koma á stöðugleika í stjórn landsins.

Ríkisstjórnin, sem nýtur stuðnings Vesturlanda, og stjórnarandstaðan sem Hisbollah-hreyfingin fer fyrir, náðu í síðustu viku samkomulagi um að mynda þjóðstjórn til að binda enda á hálf annars árs pólitíska pattstöðu. Kjör Suleimans, sem er hershöfðingi stjórnarhersins, var liður í málamiðlunarsamkomulaginu. - aa

KÓLUMBÍA

Uppreisnarleiðtogi látinn

Nafntogaður leiðtogi langlíffustu uppreisnarhreyfingar Rómönsku Ameríku, FARC-foringinn Manuel Marulanda í Kólumbíu, dó úr hjartaáfalli í mars síðastliðnum. Frá þessu greindi háttsettur foringi FARC í gær. Marulanda er talinn hafa verið 78 ára að aldri. Aðalflugmyndarafræðingur FARC, Alfonso Cano, er tekinn við leiðtoga-hlutverkinu.

Forstjórinn segir enn hægt að virkja í Bitru

Forstjóri Orkuveitunnar segir enn færar leiðir til að reisa Bitruvirkjun þrátt fyrir neikvætt álit Skipulagsstofnunar því það bindi ekki hendur sveitarstjórnarinnar sem veiti framkvæmdaleyfi. Álitid er jafnvel sagt andstætt lögunum.

STJÓRNÝSLA „Það er ekki búið að slá Bitruvirkjun af heldur var samþykkt að hætta frekari undirbúningi á meðan stjórn og eigendur Orkuveitunnar skoða framhaldið," segir Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR.

Skipulagsstofnun segir í álitinu að Bitruvirkjun sé „ekki ásættanleg vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu". Hjörleifur segir álitid órökstutt og orka tvímælis.

„Allir lögbundnir aðilar sem eiga að fara yfir málið og hafa fræðilega þekkingu, eins og Umhverfisstofnun, gáfu tiltölulega jákvæðar umsagnir þannig að þessi harða og neikvæða niðurstaða frá Skipulagsstofnun kom okkur verulega á óvart," segir Hjörleifur.



HJÖRLEIFUR KVARAN

Þess má geta að Geir Haarde forsætisráðherra sagði í Ríkissjónvarpinu í gær að það hefði komið honum á óvart hversu fljót stjórn OR var að afskrifa Bitruvirkjun eftir að álit Skipulagsstofnunar lá fyrir.

Þegar lögum um mat á umhverfisáhrifum var breytt árið 2005 var horfið frá því að Skipulagsstofnun feldi úrskurðin en gæfi þess í stað út álit. „Það sé ekki hlutverk stofnunarinnar að ákveða hvort hafna eða leyfa skuli framkvæmd, held-



GUFUSTRÓKAR Á HELLISHEIÐI Daginn eftir að neikvætt álit Skipulagsstofnunar lá fyrir ákvað stjórn Orkuveitunnar að hætta undirbúningi Bitruvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ur sé slík ákvörðun í höndum viðkomandi leyfisveitenda," sagði meðal annars í athugasemdum með frumvarpinu.

Lögmaður einn, sem um árabil starfaði á þessu sviði, segist í samtali við Fréttablaðið telja að með því að segja Bitruvirkjun óásættanlega hafi Skipulagsstofnun farið út fyrir sitt lögbundna hlutverk. Hjörleifur Kvaran segir slík sjónarmið kunna að vera rétt. Sjálf-sagt sé að fara yfir þau en hann vilji ekki tjá sig um það að svo stöddu.

Álit Skipulagsstofnunar bindur ekki bæjarstjórn Ölfuss, sem getur enn veitt framkvæmdaleyfi fyrir Bitruvirkjun sé um það sött. „Það eru auðvitað leiðir til að

halda áfram með málið ef menn vilja en það er einfaldlega pólitísk ákvörðun," segir Hjörleifur.

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss, bendir á að Ölfus hafi áður farið gegn álit Skipulagsstofnunar. Það hafi verið varðandi námuvinnslu í Ingólfsfjalli. Sú ákvörðun bæjarstjórnar hafi síðan verið staðfest af úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

„Við hér í Ölfusinu erum mjög rík af náttúruauðlindum en höfum kannski ekki fengið að njóta þeirra eins og skyldi. Nú þurfum við í bæjarstjórninni að fara í gegnum það hvernig við getum nýtt þessar auðlindir okkur í hag," segir bæjarstjórninn. gar@frettabladid.is



Í TVENNT Hér sést vel hvernig búkur þotunnar brotnaði við slysið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugslys í Belgíu:

Flutningarísabota rann út af

BELGÍA, AP Stór flutningaflugvél rann út af flugbraut í flugtaki á Zaventem-flugvelli við Brussel í gær og brotnaði í tvennt. Fjórir af fimm úr áhöfn Boeing 747-þotunnar slösuðust í slysinu en einn komst ómeiddur frá því, að sögn yfirvalda.

„Það kviknaði ekki í vélinni en hún brotnaði í tvennt," tjáði Francis Vermeiren, bæjarstjóri Zaventem, útvarpsstöðinni VRT. För vélarinnar var heitið til Bahrain en ekki var upplýst hvaða farm hún bar. Þar sem eldsneytistankar hennar voru fullir þakti slökkvilið vallarins vélinu með kvoðu til að fyrirbyggja að það kviknaði í. - aa

Ólympíukyndillinn:

Ferðast einn dag í Tíbet

KÍNA, AP Hlaupið með ólympíueldinn gegnum Tíbet hefur verið stýtt niður í einn dag. Stjórnvöld í Kína skipuðu svo fyrir eftir að ferðalag kyndilsins var stöðvað í þrjá daga í síðustu viku í virðingarskyni við fórnarlömb jarðskjálftanna 12. maí í Setsúan-héraði.

Enn hefur ekki verið staðfest hvaða dag kyndillinn verður á ferðinni í Tíbet og hvort það verður í júní eða ágúst. Ferð ólympíueldsins um Kína undanfarnar vikur hefur annars gengið áfallalaust fyrir sig. - rat

Stúdentastjarnan og -rósin 2008
fallegar stúdentsgjafir sem fást hjá okkur

14 kt. gull
8.300 kr. Stjarnan
9.300 kr. Rósin

JÓN & ÓSKAR

Laugavegur 61 / Smáralind / Kringslan

www.jonogoskar.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

VEÐURBLÍÐA
Algjör bongóblíða er og verður á Norðaustur- og Austurlandi í dag og næstu daga með bjartvörri og hægum vindi. Reyndar er hætt við þoku með ströndum og þar verður mun svalara. Á miðvikudag eru horfur á að þessi hlýndi færist einnig yfir á norðvestan og vestanvert landið.

Á MORGUN 3-8 m/stífastur vestan til
MIÐVIKUDAGUR 3-8 m/s stífastur syðst

HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Billund | 14° |
| Ósló | 19° |
| Stokkhólmur | 18° |
| Gautaborg | 18° |
| Helsinki | 18° |
| Eindhofen | 19° |
| Amsterdam | 17° |
| London | 15° |
| Berlín | 24° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 24° |
| París | 19° |
| Basel | 22° |
| Barcelona | 19° |
| Alicante | 23° |
| Algarve | 19° |
| Tenerife | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Öflugt stéttarfélag - aukin réttindi

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA

fit.is

KJÖRKASSINN

Tókst þú þátt í símakosningu Eurovision?

| | |
|-----|-----|
| Já | 31% |
| Nei | 69% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Er útskriftarveisla á dagskrá hjá þér þetta vorið?

Segðu skoðun þína á visir.is.

Óskar Jónsson hefur endurheimt fartölvu sem rænt var af heimili hans: Tölvu skilað í þágu sjónvarpsefnis

FÓLK „Það væri tvísýnt með sum verkefni mín ef tölvan hefði ekki skilað sér aftur,“ segir Óskar Jónsson kvikmyndagerðarmaður.

Óskar endurheimti á föstudag fartölvu sem rænt var af heimili hans og Evu Maríu Jónsdóttur að Bjarnarstíg tveimur dögum áður. Í tölvunni voru drög að handritum og hugmyndum sem voru Óskari gríðarlega verðmæt.

Ókunnur maður hafði samband við Óskar á föstudag og sagðist hafa keypt tölvuna af krökkum. „Hann sagði að vinur sinn hefði sagt við sig „þú verður að skila þessari tölvu, maður,

annars verður bara lélegt sjónvarpsefni næsta árið,“ segir Óskar.

„Náunginn sagði mér sína sögu og var mjög sympatískur. Hann er ofvirkur og er á ritalíni. Sprautufíklarnir leita mikið til hans og reyna að skipta þýfi fyrir ritalín,“ segir Óskar.

Maðurinn hafði séð frétt um málið í Fréttablaðinu og ákveðið að hann vildi ekki eiga tölvuna. „Hann var til í að selja mér hana á sama verði og hann keypti hana, bara fimmtán þúsund kall,“ segir Óskar, himinlifandi yfir að hafa endurheimt atvinnutæknið.

- sgi



Á **INNBRÓTSSTAÐ** Tölvu leikstjórans var skilað til hans svo að þjóðin yrði ekki af góðu sjónvarpsefni næstu árin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinnudeilur í Noregi:

Opinberir starfsmenn í verkfall

NOREGUR, AP Verkfall um 3.500 hjúkrunarfræðinga, kennara og leikskólakennara skall á í Noregi í morgun. Verkfallið hófst formlega á laugardaginn en áhrifa gæti fyrst í dag þegar skólavikan hefst.

Þúsundir skólakennara um allan Noreg verða fyrir áhrifum verkfallsins. Deilt er um laun en Unio, Bandalag samtaka fagfólks, fer fram á sjö prósentlauna-hækkun. Starfsfólk í heilbrigðisgeiranum mótmælir víðar á Norðurlöndunum um þessar mundir en í Svíþjóð og Danmörku hafa yfir 80.000 hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og leikskólakennarar gengið út.

- rat

FIMM STJÖRNU GLÆPASAGA

Askja
— Hildur Heimsdóttir, Fréttablaðinu

Veröld

Útboð á ljósleiðurum og olíutönkum Nató

Ríkiskaup hafa boðið út leigu á tveimur ljósleiðurum og átta olíutönkum sem eru í eigu Nató. Stefnan er að minnka rekstrar- og viðhaldskostnað með því að veita einkaaðilum aðgang. Eykur mögulega gagnaflutningsgetu um fjórutíu prósent.

ÚTBOD Boðin hefur verið út leiga á tveimur ljósleiðurum sem liggja hringinn í kringum landið, og leiga á átta olíutönkum í Helgúvík. Hvorutveggja er í eigu Atlantshafsbandalagsins (Nató) en í umsjón íslenskra stjórnvalda.

„Þetta snýst um að við getum tryggt betri rekstur; það kostar að reka og viðhalda þessu,“ segir Þórir Ibsen, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Besta leiðin til að tryggja viðhald sé að halda tönkunum og ljósleiðurum í notkun.

Leigutakar þurfa að greiða fyrir rekstur og viðhald, og þurfa auk þess að greiða leigu. Þórir vill ekki segja hversu háar upphæðir ríkið muni geta innheimt í leigu, það fari eftir niðurstöðum útboðanna.

Bandaríkin greiddu um 120 milljónir króna á ári vegna viðhalds á ljósleiðaranum einum og því ljóst að ríkið getur sparað verulegar upphæðir.

Ekki er skylta að bjóða út leigu á ljósleiðurum né tönkunum, þar sem hvorutveggja teljast til varnarmannvirkja, segir Þórir. Engu að síður hafi verið ákveðið að fara útboðsleiðina, til að tryggja sanngirni og gott verð.

Nató lagði hólk með átta ljósleiðarastrengjum hringinn í kringum landið við upphaf tíunda áratugar síðustu aldar. Þeir tengja meðal annars fjórar ratsjárstöðvar, eina í hverjum landshluta.

Míla á fimm af strengjunum átta, en félagið er í eigu Skipta, móðurfélags Símans. Tveir af þremur



GRAFNIR Í JÖRD Oliutankar Nató í Helgúvík eru alls átta talsins og þjóna meðal annars flugumferð á Keflavíkurflugvelli. Sett eru skilyrði um aðgengi einkaaðila að geymsluplássi í tönkunum á sanngjörnu verði í útboðsskilmálum.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

ljósleiðurum í eigu Nató eru boðin til leigu, en Þórir segir að einum verði haldið eftir fyrir öryggissamskipti.

Útleiga á tveimur strengjum eykur mögulega gagnaflutningsgetu ljósleiðarakerfisins um fjórutíu prósent. Leiga á ljósleiðurum verður til tíu ára, og eru sett skilyrði um að þeir fari til tveggja ótengdra aðila.

Nató leggur áherslu á að ljósleiðararnir og olíutankarnir verði áfram til taks og þeim verði viðhaldið. Sett eru skilyrði um forgangsaðgang Nató að bæði ljósleiðurum og tönkum, þurfi bandalagið á að halda.

Athygli vekur að tankarnir eru auglýstir fyrir hönd Varnarmálastofnunar, sem verður ekki stofnuð fyrr en á mánudag. Þórir segir þetta gert vegna hagræðis, enda verði á endanum samið við stofnunina, ekki ráðuneytið.

brjann@frettabladid.is

Umhverfisvottaðar vörur
- fyrir sumarbústaðinn, veiðihúsið og ...

ECCLAB Satiné Clean, gólfþápa
Brial Clean, alhlíða hreinsiefni
Kristalin Clean, baðherbergishreinsir
Into WC Clean

Lotus eldhúsrúllur
Lotus Marabon Plus
Lotus T-þurrkur
Lotus V-þurrkur

Lotus WC pappír
Lotus WC Júmbó

Á tilboði í maí 2008
Umhverfisvottuð hreinsiefni og pappírsvörur
20% afsláttur

Servíettur NexxStyle 39x39cm 80stk, ýmsir litir

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

MÖGULEGAR ATHUGASEMDIR FRÁ ESA

Útleiga á ljósleiðurum og olíutönkum Nató hefur verið kynnt ESA, eftirlitsstofnun EFTA. Mögulegt er að stofnunin geri athugasemdir við fyrirkomulag útleignunar, á grundvelli þess að um ríkisstyrki sé að ræða.

Þórir Ibsen, skrifstofustjóri hjá utanríkisráðuneytinu, segir það skilning ráðuneytisins að ekki sé um ríkisstyrki að ræða.

Ekki er óalgeengt að mannvirki í eigu Nató annars staðar í Evrópu séu leigð út, og hefur bandalagið ekki gert athugasemdir við það fyrirkomulag. Alltaf er gerð krafa um forgang Nató að mannvirkjunum.

Alþjóðleg fjáröflunarráðstefna í Rangún skilar milljörðum í neyðaraðstoðarsjóð:

Ban segist bjartsýnn á opnun

BÚRMA, AP Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði í gær að hann vonaðist til að „umskipti“ hefðu orðið hvað varðar aðgerðir til að koma neyðaraðstoð til þeirra milljóna Búrmáa sem eiga um sárt að binda eftir hamfarirnar af völdum felli-bylsins Nargis í byrjun mánaðarins.

Alþjóðlegri fjáröflunarráðstefnu lauk í gær með þeim árangri að stjórnvöld í tugum ríkja hafa skuldbundið sig til að leggja samtals sem nemur mörgum milljörðum króna í hjálparaðgerðir.

Fulltrúar 52 ríkja sóttu fjáröflunarráðstefnuna sem haldin var í Rangún (Yangon), stærstu borg Búrma. Henni lauk á bjartsýnum nótum eftir að herforingjastjórnin sem er við völd í landinu hét því að fallið yrði frá hömlum á aðgengi



BJARTSÝNN Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri SP, á ráðstefnunni í Rangún í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

erlendra hjálparstarfsmanna til hamfarasvæðanna. Sumir fulltrúarnir á ráðstefnunni vildu setja þann fyrirvara á framlög ríkja sinna að herforingjarnir sönnuðu


í verki að þeir stæðu við fyrirheit um að opna aðgengið að fullu.

Að ráðstefnunni lokinni sagðist Ban bjartsýnn á að þetta gengi eftir.

- aa

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Lyf gegn verðbólgu



Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fólk í fjárfestingar- og sparnaðarhugleiðingum skoði öruggustu kostina þegar kemur að ávöxtun og tryggi sig gegn verðbólgunni. Skuldabréfasjóðir SPRON Verðbréfa eru frábær dæmi um sterka fjárfestingarkosti á verðbólgutímum.

Stuttur skuldabréfasjóður

Stuttur skuldabréfasjóður er blandaður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með stuttan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, traustra fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga. Sjóðurinn er að stærstum hluta verðtryggður. Litlar sveiflur, traustur fjárfestingarkostur.

Langur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður er blandaður, verðtryggður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með langan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum fjármálafyrirtækja, traustra fyrirtækja og að lágmarki fjórðung í ríkistryggðum skuldabréfum. Meiri sveiflur, góður fjárfestingarkostur.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

+ HÆTTU Í ALVÖRU

- Skynsamleg leið til að hætta því þú hættir á eigin hraða.
- NicoBloc hindrar allt að 99% af nikótíni og tjöru í filternum.
- Þú venur þig af nikótíni áður en þú drepur í.



TILBOÐ MÁNAÐARINS

25% afsláttur
Verð 2.990 kr. í Lyfju.
 Verð áður 3.990 kr.



ISLENSKA SIALIS LYP 42205 062/008

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Büðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður



www.lyfja.is

SIMPLY CLEVER



FJÖLSKYLDUBÍLLINN SEM EYÐIR SVO MIKLU MIKLU MINNA

Skoda Octavia 1,9 TDI® - 4,9 litrar á hundraðið

Skoda Octavia er vandaður og ríkulega útbúinn verðlaunabíll í fullri stærð með pláss fyrir alla fjölskylduna og rúmgott farangursrymi. Nýja TDI® dísilvélin skilar miklu og jöfnu afli og býr yfir frábærum aksturseginnleikum (einnig fánlegur með bensínvél). Skoðaðu Skoda Octavia - bíllinn sem eyðir svo miklu miklu minna.

Allir kaupendur Skoda Octavia fá frítt fyrir fjölskyldu sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í eitt ár.



Verð frá kr. **2.490.000**

Mánaðarleg afborgun: 29.900 kr.*

* Verð á Skoda Octavia 1,6 Miðað er við gengistrygðan bílasamning, útborgun 30% eða 747.000 kr. í 84 mánuði. Árlig hlutfallstala kostnaðar er 11,65%.

Allt að 17% verðlækkun á nýjum bílum

Laugavegi 172-174 - 590 5000 - hekla.is - hekla@hekla.is - umboðsmenn um land allt



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Áhugi á norrænum fræðum í háskóla í Peking:

Íslenska kennd í Kína

MENNTUN „Þetta er hluti af því að þeir eru að efla kennslu í norrænum fræðum við þennan skóla,“ segir Úlfar Bragason á stofu Sigurðar Nordals, en til stendur að hefja íslenskukennslu við Beijing Foreign Studies University í Kína í haust.

Munu tólf kínverskir nemendur leggja stund á íslensku sem aðalgrein í fjögur ár en auk þess læra nemendurnir ensku, sögu og alþjóðatengsl.

Mikil samkeppni er um að komast inn í skólann, sem hefur á sér gott orðspor enda er talsverður hluti starfsmanna kínversku utanríkisþjónustunnar menntaður við

skólann. Sænska, finnska og norska eru kenndar í skólanum og eru áform um að hefja þar dönskukennslu en alls eiga sextán Evrópuríki sendikennara við skólann. Hefur menntamálaráðuneytið falið stofu Sigurðar Nordals að leita að íslenskukennara til að koma íslenskukennslu á við skólann á haustmisseri 2008.

„Okkur vantar kennara í fjóra mánuði, til að koma þessu af stað,“ segir Úlfar. „Þeir eru búinir að velja stúdenta og vilja fá kennara,“ segir Úlfar en kínverskukunnáttu er ekki krafist þó að þekking á málinu og ekki síður málefnum Kína sé talinn kostur. - ovd



ÞURFUM AÐ FARA ÚT FLJÓTLEGA Fjölsmiðjan er áttatíu manna vinnustaður þar sem tíu faglærðir og sjöttíu unglingar starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjölsmiðjan er að verða húsnæðislaus

Framtíð Fjölsmiðjunnar er í hættu. Núverandi húsnæði á að rífa og fjármálaráðuneytið þykir draga lappirnar með fjárveitingu til kaupa á nýju húsnæði. „Má ekki gerast,“ segir félagsráðgjafi.

VINNUMARKAÐUR Framtíð Fjölsmiðjunnar er í hættu vegna þess að fjárveitingu vantar frá fjármálaráðuneytinu. Fjölsmiðjan er búin að sprengja núverandi húsnæði í Kópavogi utan af sér auk þess sem rífa á húsnæðið. Þá er ýmsu ábótavant, til dæmis eru brunavarnir ófullnægjandi og húsið lekur. Þorbjörn Jensson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar, segir að það kosti 30-40 milljónir að laga húsnæðið en eðlilega vilji enginn leggja í þann kostnað vegna þess að húsið eigi hvort sem er að rífa. Hann hafi fundið nýtt húsnæði en kaupin strandi á fjármálaráðuneytinu.

„Sveitarfélögin hafa samþykkt að borga fjörtíu prósent í nýju húsnæði og mótuð hugmynd er komin inn á borð fjármálaráðherra, sem þarf að samþykkja fjárveitingu fyrir sextíu prósentum, en það gengur mjög treglega. Staðan er sú að við þurfum að fara út úr þessu húsnæði mjög fljótlega. Ef ekkert gerist sé ég fram á að þessi áttatíu manna vinnustaður verði lagður niður,“ segir Þorbjörn.

Fjölsmiðjan hefur verið starfrækt í sjö ár og eru sjöttíu unglingar þar í fullri vinnu og tíu faglærðir. „Við þessi faglærðu fáum vinnu en ég sé ekki fram á að þessi sjöttíu ungmenni fái vinnu og ég skil ekki hver vill hafa það á samviskunni,“ segir hann.

„Ég er búinn að lifa og hræst með þessum ungmennum í sjö ár og hef séð að áttatíu prósent þeirra sem hafa komið til mín hafa fundið sér framtíð, annaðhvort í skóla eða fengið sér vinnu sem annars hefði kannski ekki orðið. Ég er



ÓTTAST STRAND „Ég óttast að vinna okkar í sjö ár sé að sigla í strand,“ segir Þorbjörn Jensson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

búinn að sjá að unga fólkíð sem ég fæ inn hefur verið taparar í gegnum lífið en þau fara héðan sem algjörir sigurvegarar brosandir út að eyrum.“

Þorbjörn er þegar búinn að finna nýtt húsnæði en óttast að missa af því. „Ég er búinn að finna nýtt húsnæði og þegar búinn að missa af því en svo er annað húsnæði í sigtinu og bara spurning hvenær ég missi af því líka. Ég óttast að vinna okkar í sjö ár sé að sigla í strand,“ segir hann.

Páll Ólafsson, félagsráðgjafi í Garðabæ, segir að Fjölsmiðjan sé gríðarlega mikilvæg og hafi reynst mjög vel. „Þetta er eiginlega eina úrræðið fyrir börnin eftir tíunda bekk. Það má ekki gerast að Fjölsmiðjan verði lögð niður. Þetta er eina úrræðið sem við höfum sem virkar fyrir þennan hóp,“ segir hann.

Böðvar Jónsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir að fjallað verði um málið við gerð fjárlaga.

ghs@frettabladid.is



Hafnfirðingar eru allir að dubba sig upp fyrir heimboð



Heimboð í Hafnarfjörð *Afmælishátíð 29. maí - 1. júní*

Í tilefni af hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar er þér og þínum boðið til veglegrar afmælishátíðar. Líkt og í ævintýrum, stendur veislan í marga daga og verður boðið upp á margvíslega skemmtan sem gleður augu, eyru og, ekki síst, bragðlauka.

Komdu og njóttu lífsins með okkur á hundrað ára afmælinu.
Við hlökkum til að sjá þig!

Ítarlega dagskrá allra hátíðardaganna
má finna á www.hafnarfjordur.is



Kynningarátak um

Erfðabreyttar lífverur



Jeffrey Smith

Framkvæmdastjóri Institute for Responsible Technology í Bandaríkjunum flytur opinberan fyrirlestur um:

Heilsufarsáhætta og erfðabreytt matvæli

The Documented Health Risks of Genetically Modified Foods

Grand Hótel Reykjavík

Þriðjudaginn 27. maí 2008 kl. 16.30

Setningarvarp: **Gunnlaugur K. Jónsson**, forseti Náttúruvæðingafélags Íslands (NLFÍ) og 1. varaforseti European Spas Association (ESPA)

Fundarstjóri: **Svanborg Sigmarsdóttir**, blaðamaður

UM JEFFREY SMITH:

Jeffrey Smith er einn kunnasti fyrirlesari heims um erfðabreytt matvæli. Hann er höfundur metsölubókarinnar *Seeds of Deception*, sem hefur haft gríðarleg áhrif á umræðu um notkun erfðatækni. Hann er tíður álitsgjafi stjórnvalda, almennasamtaka og fjölmiðla um umhverfis- og heilsufarsáhrif erfðatækni. Nýjasta bók hans, *Genetic Roulette*, rekur 65 áhættuþætti fyrir heilsufar sem stafa af neyslu erfðabreyttra matvæla, og sýnir fram á að núverandi öryggismat er ófullnægjandi vörn almennings gegn hugsanlegu tjóni.

www.erfdabreytt.net



Fulltrúar háskóla enn í minnihluta í háskólaráði samkvæmt breytingartillögum: Fjölga í ráðinu í stað þess að fækka

MENNTAMÁL Fulltrúum í háskólaráði Háskóla Íslands verður ekki fækkað úr tíu í sjö eins og gert var ráð fyrir í fyrstu drögum að frumvarpi til laga um opinbera háskóla, samkvæmt breytingartillögum meirihluta menntamálanefndar. Tillögurnar gera þvert á móti ráð fyrir að fjölgað verði um einn í ráðinu.

Í greinargerð með upprunalega frumvarpinu segir að fækkaun í háskólaráði um þrjá yrði til þess að auka skilvirkni ráðsins. Tillagan sætti gagnrýni meðal annars vegna þess að hún fól í sér að háskólaráð yrði að minnihluta skipað fulltrúum háskólasamfé-



HÁSKÓLI ÍSLANDS Tillögurnar gera ráð fyrir að gengið verði að kröfum stúdenta í HÍ um að þeir haldi tveimur fulltrúum í háskólaráði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lagsins. Þá gagnrýndu stúdentar að fækka ætti fulltrúum þeirra í ráðinu úr tveimur í einn.

Nú hefur meirihluti menntamálanefndar skipt um skoðun hvað varðar háskóla með meira en fimm þúsund nemendum, hætt við að fækka í ráðinu og vill í staðinn fjölga þeim í ellefu. Gengið hefur verið að kröfum stúdenta um að þeir haldi tveimur fulltrúum, og fulltrúum annarra hópa einnig fjölgað. Utanaðkomandi fulltrúar verða eftir sem áður í meirihluta.

Jafnframt er í breytingartillögum felld út umdeild grein sem veitti háskólaráði heimild til að óska eftir hækkun á skrásetningargjöldum stúdenta eftir þörfum.

- sh

Mannskepnan sögð ganga freklega á lífríkið:

Dýralíf skroppið saman um fjórðung

NÁTTÚRUFRÆÐI Stofnar villtra dýra af öllum stærðum og gerðum hafa skroppið saman um meira en fjórðung frá því árið 1970. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var á vegum Dýrafræðifélags Lundúna, Zoological Society of London og greint er frá á fréttavef breska ríkisútvarpsins BBC.

Stofnar landdýra skruppu saman um fjórðung, sjávardýra um 28 prósent og ferskvatnsdýra um 29 prósent, samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar.

Mannskepnan útrýmir um einu prósent af dýraríki jarðarinnar á hverju ári og einn mesti „útrým-

ingarkafli“ í sögu lífs á jörðinni stendur nú yfir, segir þar enn fremur.

Aðalorsakavaldarnir eru sagðir vera mengun, landbúnaður og úþensla þéttbýlis, rányrkja fiskistofna og veiðar.

Niðurstöðurnar voru birtar undir yfirskriftinni „The Living Planet Index“, en þær voru unnar í samstarfi við náttúruverndarsamtökin WWF. Á listanum eru rakin örlög 1.400 tegunda fiskjar, láðs- og lagardýra, eðla, fugla og spendýra á grundvelli upplýsinga sem fást úr birtum vísindagreinum og gagnagrunnum á netinu.

- aa


DÝRASTOFNAR SKREPPA SAMAN

Fjöldi fugla, land-, sjó- og ferskvatnsdýra hefur dregist saman um meira en fjórðung síðan árið 1970 að því að fullt er í nýrri skýrslu. „Living Planet“-vísitalan segir dýr vera að deyja út með hraða sem ekki hafi sést síðan á dögum risaeðlnanna.

Gullkarta (*Bufo periglenes*), sást síðast árið 1989



Fækkun dýra (1970-2005)



Mynd: Fish and Wildlife Service
Heimild: WWF/London Zoo

Hvaðan koma allir peningarnir?

HAGFRÆÐIDEILD

www.vidskipti.hi.is


HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hjá okkur ættir þú að komast nær svarinu. BS-nám í hagfræði er sérlega góður grunnur fyrir starfsframa, svo sem í fjármálageiranum og í öðrum störfum þar sem kunnátta í fjármálum kemur að gagni. BA-nám í hagfræði er unnt að móta að óskum nemenda og veitir þeim færi á að læra aðra námsgrein samhliða hagfræði, svo sem stjórnmálafræði og fjölmiðlafræði. Hagfræðinám er síðast en ekki síst góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í hagfræði og fjármálum, innan lands og utan. Umsóknarrestur er til 5. júní. Sótt er um rafrænt á www.hi.is

Rifriði um strípifýsn lauk illa:

Nakin móðir skaut sig í putta

BANDARÍKIN 73 ára kona í Fort Worth í Bandaríkjunum þurfti að gangast undir aðgerð eftir að hún skaut sjálfa sig í fingurinn á heimili sínu. Æði rann á konuna þegar hún lenti í rifriði við rifflaga fimmtugan son sinn um það hvort eðlilegt væri að hún klæddist aldrei neinum fötum heima við.

Þegar sonurinn reyndi að fá hana til að láta af strípilífínu gekk hún á dyr og sótti byssu. Úr byssunni hljóp skot sem hafnaði í vísifingri vinstri handar. Lögreglan tók vopnið af konunni og afhenti syninum það. Læknar töldu sárið ekki lífshættulegt. - sh

AVS-rannsóknasjóðurinn styrkir 64 verkefni með 320 milljóna króna framlagi:

Mikil áhersla er lögð á þorskeldi

SJÁVARÚTVEGUR Rannsóknaverkefni í þorskeldi voru áberandi í úthlutun AVS-rannsóknasjóðs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í ár. Alls fengu 64 verkefni styrki að þessu sinni með samtals um 320 milljónum króna en heildarfjöldi styrkja árið 2008 er orðinn 74. Ráðstöfunarfé sjóðsins var 100 milljónum króna hærra nú en á síðasta ári eða samtals rúmar 350 milljónir.

Fleiri umsóknir hafa verið til umfjöllunar hjá sjóðnum en áður, eða rúmlega 130. Eins og undanfarin ár eru umsóknir metnar í fjórum faghópum AVS-sjóðsins þar sem teknar eru fyrir umsóknir sem taka á fiskeldi, líftækni, markaði og svo umsvifamesta flokknum sem tekur á umsóknum er falla að veiðum og vinnslu.

Miklar vonir eru bundnar við þorskeldi hér

á landi og verkefni sem lúta að þessari vaxandi atvinnugrein því áberandi í úthlutuninni í ár. Mest áberandi meðal fiskeldisverkefna er „Kynbætur í þorskeldi og seiðaeldi“. Sjóðurinn hefur einnig styrkt allnokkur verkefni er taka á öðrum þáttum þorskeldis. Verkefni til að styrkja markaðssetningu eldisbleikju eru einnig áberandi enda talið afar mikilvægt að þessi íslenska eldistegund nái að skapa sér frekari sess á erlendum mörkuðum. - shá

SLÁTURTÍÐ Hraðfrystihúsið Gunnvör á Hnífsdal er leiðandi fyrirtæki í þorskeldi. Miklar vonir eru bundnar við eldið.

MYND/VALDIMAR



LAUGAVEGUR 33 Húsið mun hýsa skipulagssýningu á verkefnum í miðborg Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skipulagssýning í Reykjavík:

Kynna verkefni í miðborginni

SKIPULAGSMÁL Sérstök skipulagssýning á öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem í gangi eru í miðborg Reykjavíkur verður opnuð á sunnudaginn.

Var þetta nýlega samþykkt í Skipulagsráði Reykjavíkur en ráðið telur mikilvægt að gefa íbúum þannig tækifæri til að kynna sér allar tillögur og hugmyndir um uppbyggingu og umbætur í miðborginni. Samkvæmt upplýsingum frá skipulags- og umhverfissviði Reykjavíkurborgar verður sýningin haldin í húsi við Laugaveg 33. Þar verða hengdar upp skipulagsáætlanir og útlístuð áform sem tengjast miðborginni, uppbyggingu og verndun. Þá munu sérfræðingar skipulags- og byggingasviðs í miðborgarmálum hafa reglulega viðveru á sýningunni. - ovd



LÖGREGLAN HEFUR Í NÓGU AÐ SNÚAST Hegningarlagabrotum í apríl fækkaði frá sama mánuði í fyrra en fjölgar ef miðað er við aprilmánuði árunna 2005 og 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Afbrotatölfræði í apríl:

Umferðarlagabrotum fjölgar

LÖGREGLUMÁL Tæp 60 prósent líkamsárása í apríl voru framin að nóttu til samkvæmt afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra fyrir síðastliðinn mánuð.

Í sömu skýrslu kemur fram að flest hraðakstursbrot voru framin að degi til eða á tímabilinu milli klukkan eitt og sex síðdegis en umferðarlagabrot voru 5.592 talsins sem er umtalsverð fjölgun frá apríl 2005 til 2007. Má rekja fjölgunina að miklu leyti til aukinnar notkunar hraðakstursmyndavéla. Eignaspjöll eru þau brot sem helst dreifast jafnt yfir allan sólarhringinn. - ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Stútur velti bíl fyrir norðan

Bíll valt við bæinn Tröð í Eyjafirði á þriðja tímanum í fyrrinótt. Tveir voru í bílnum og er ökuumaðurinn grunaður um ölvun við akstur. Tvimennigarnir hlutu lítils háttar meiðsli.

Verkfræði Tölvunarfræði

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

www.verk.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Skemmtilegt nám í örri þróun á traustum grunni

Nám sem býður upp á spennandi starfsmöguleika á fjölbreyttum sviðum.

- » Byggingarverkfræði
- » Efnaverkfræði
- » Fjármálaverkfræði
- » Hugbúnaðarverkfræði
- » Iðnaðarverkfræði
- » Rafmagnsverkfræði
- » Reikniverkfræði
- » Tölvunarfræði
- » Tölvuverkfræði
- » Umhverfisverkfræði
- » Vélaverkfræði

Rafræn skráning á www.hi.is



Bensínið á snekkjuna of dýrt þetta árið?

Þú kemst samt í sólina með Plúsferðum :))

Sólarlottó - Mallorca

Verðfrá:

39.900 kr.

28. maí og 25. júní í 7 nætur. Innifalið: Flug, flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Plúsferðir leggja ávallt áherslu á að bjóða utanlandsferðir á hagstæðu verði. Besta verðið bókast fyrst.



PLÚSFERÐIR - Lágmúla 4 - 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is



RUGLINGUR Ekki voru allir á eitt sáttir um ágæti hægri umferðar. Lögregla hafði í nógu að snúast fyrstu dagana eftir breytingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skipt yfir á hægri akrein

Í dag eru liðin 40 ár frá því að Íslendingar breyttu úr vinstri umferð yfir í hægri. H-dagurinn markaði tímamót í sögu þjóðarinnar. Valgarð Briem var fyrsti Íslendingurinn til að skipta yfir á hægri akrein.

Hægri umferð var tekin upp á Íslandi klukkan sex að morgni sunnudaginn 26. maí 1968. Vigorð dagsins var „Við erum öll byrjendur“, sem vísaði til þeirra miklu sviptinga sem breytingin hafði í för með sér. Margir óttuðust að umferðaróhöppum myndi fjölga ótæpilega í kjölfarið, en sú varð blessunarlega ekki raunin.

Þessi viðamikla breyting á högum landsmanna krafðist mikils undirbúnings. Valgarð Briem hæstaréttarlögmaður veitti þriggja manna nefnd sem hafði yfirumsjón með breytingunni forystu. „Nefndarstarfið gekk í raun vonum framfar, því við höfðum enga reynslu og litla hugmynd um hvernig ætti að standa að þessu. Það bjargaði miklu að Svíar gerðu sömu breytingu árið á undan okkur. Við fórum í námsferð þangað og fylgdumst með undirbúningi og breytingunni sjálfri. Við græddum mikið á því.“ Spurður um valið á dagsetningu segir Valgarð ýmsa þætti hafa ráðið för. „Sunnudagurinn 26. maí var valinn vegna þess að þá var skólunum að ljúka en fólk ekki enn farið að rjúka til vinnu. Einnig skipti miklu að drulluvegir þess tíma væru flestir orðnir færir. Svo var ákveðið að hafa breytinguna á sunnudegi til að hafa kirkjuna með í ráðum, að prestarnir hefðu tækifæri til að messa yfir fólkinu.“



H-MERKJAM Valgarð Briem með eitt af hinum eftirminnilegu H-merkjam. Merkin voru keypt á góðu verði af Svíum, sem höfðu breytt yfir í hægri umferð árið áður og höfðu því lítið við merkin að gera.

Valgarð segir breytinguna hafa verið hitamál í þjóðfélaginu og margir fundir verið setnir. „Á einum fundinum spurði einn presturinn: „Hver þurrkar það blóð og þerrar þau tár sem þessi breyting hefur í för með sér?“ Svo það hann alla þá sem væru á móti breytingunni að standa upp. Við vorum fimm sem sátum kyrrir.“

kjartan@frettabladid.is



TÖLVUNARFRÆÐI

KEMUR ÞÉR Á KORTIÐ HJÁ ATVINNULÍFINU

Tölvunarfræði er afar fjölbreytt fagsvið sem býður upp á marga valkosti fyrir nám og störf, allt frá hagnýtum verkefnum til fræðilegra, frá umsjón tölvukerfa til smíði flókinnar hugbúnaðarkerfa, frá forritun til stjórnunar. Tölvunarfræðinám er góður grunnur fyrir starfsferil á fjölmörgum sviðum.

Tölvunarfræðinám við Háskólann í Reykjavík einkennist af fjölbreytileika og skapandi umhverfi þar sem nemendum gefst kostur á að vinna verkefni í nánum tengslum við fræðimenn og fyrirtæki. Við bjóðum nýja nemendur velkomna til náms og starfa við öflugustu tölvunarfræðideild landsins.

Tölvunarfræðideild HR býður upp á nám í

- BSc í tölvunarfræði (90 einingar)
- BSc í hugbúnaðarverkfræði (90 einingar)
- BSc í stærðfræði (90 einingar)
- MSc í tölvunarfræði
- MSc í hugbúnaðarverkfræði
- MSc í máltækni
- PhD í tölvunarfræði
- Kerfisfræðigráða (60 eininga nám í fjarnámi og með vinnu)

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍKUNIVERSITY

SIMPLY CLEVER



EF ÞÚ KEMST EKKI HRINGINN Á EINUM TANKI ÞÁ ERTU Á RÖNGUM BÍL.

Uppruni vinstri og hægri umferðar:

Vinstri umferð öruggari fyrir riddara

Vinstri umferð á sér mjög langa sögu. Þegar vopnaðir menn mættust, gangandi eða ríðandi, var tryggast að hafa höndina sem sverðinu brá sömu megin og sá var, sem á móti kom. Örvhentir riddarar urðu sjaldan ellidauðir.

Þar sem Bretar réðu ríkjum óku menn (og aka víða enn) vinstra megin á vegum eins og á Bretlandi. Á Indlandi, í Eyjaálfu og í nýlendum Breta í Afríku var hvarvetna tekin upp vinstri umferð. Þó á þetta ekki við um Egyptaland, sem herir Napóleons lögðu undir sig og innleiddu þar hægri umferð áður en Bretar komust þar til valda.

Hægri umferð verður rakin til frönsku stjórnarbyltingarinnar. Fram að henni náði stéttaskipting in til umferðarinnar í Frakklandi. Aðallinn ók vögnum sínum vinstra megin á vegunum og bolaði alþýðunni út á hægri kantinn. Gangandi almúgamenn héldu sig til hægri og viku út á vegkant fyrir umferð höfðingjanna. Eftir byltinguna 1789 töldu aðalsmenn tryggara að láta lítt á sér bera og slógust því í för með borgurunum. Þar kom að Robespierre (1758-1794) lögfesti hægri umferð í París.

Um Ísland er það að segja að þó hægri umferð hafi verið tekin upp í Danmörku í lok 18. aldar náði það

ekki til Íslands, enda kannski ekki mikil þörf fyrir slíkar reglur hér á landi á þeim tíma. Til gamans má geta þess að bent hefur verið á það að konur sneru til vinstri í íslenskum söðlum, og ef tvær hefðarfrúr hefðu mæst í þröngu einstigi og vikið til hægri, hefðu þær átt á hættu að krækja fótunum saman.

Stytt útgáfa af grein á Vísindavef Háskóla Íslands. Höfundur: Örnólfur Thorlacius, líffræðingur og fyrrverandi rektor Menntaskólans við Hamrahlíð.

VINSTRI HÆGRI SNÚ Ökumenn á Skúlagötu tileinka sér nýja síði á H-daginn, 26. maí 1968.



HAFÐU H Í MINNI - HALTU VÖKU ÞINNI

Hluti af herferðinni sem var undanfari H-dagsins var samkeppni um einkennislag dagsins. Sex lagahöfundar sömdu lög við ljóð Kristjáns frá Djúpálæk og var Raggi Bjarna fenginn ásamt hljómsveit til að sjá um söng og undirleik. Lag Þorvaldar Halldórssonar varð hlutskarpast og hljómaði ótt og títt í Ríkisútvarpinu í maí 1968. Hér gefur að líta brot úr texta lagsins:

Bókstaf þann sem heitir H hafa skal í minni Merkið víða munu sjá menn á vegferð sinni Boðskap flytja okkur á öllum þetta bláa H Er þú ekur veginn – aktu hægra megin

Af þér vanans viðjar brjót – vertu hvergi smeykur Farðu hægt og ferðar njót – förin verður leikur Til hægri vík, til hægri ak Hugsa um það hvert andartak Heilum bíl til baka best er heim að aka



RAGNAR BJARNASON SÖNGVARI



HALLGRÍMUR HELGASON

EINN SKEMMTILEGASTI DAGUR BARNÆSKU MINNAR

Hallgrímur Helgason rithöfundur minnst H-dagsins á skemmtilegan hátt í grein sinni „Reykjavík – Frá útgöngubanni til alheimsfrægðar“:

Skemmtilegasti dagurinn í borgarlífi barnæsku minnar var H-dagurinn. Dagurinn þegar hægri menn drifu loks í því að samræma gatnakerfið pólitískri stefnu sinni og skipt var yfir í hægri umferð. Tilbreytingarleysið var því líkt að það var á við 13 nýjar bíómyndir, tvær nýjar Borgarkringlur, sjö ferðir í Kolaportíð og heilan húsdýragarð bara það eitt að sjá bílana keyra öfugum megin á götunni. Vá!



GOTT Á HAUS NOTUM HJÁLM

HVÍTA HÚSIB/SÍA - 08-0763



Fjármál höfuðborgarinnar:

Ljós í myrkri

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Frjá sýðustu haustdögum hefur fátt spurst úr ráðhúsi Reykvikinga sem ástæða er til að fagna eða binda sérstakar vonir við um betri tíð með blóm í haga. Satt best að segja hefur hvílt skuggi yfir stjórnmalalífi höfuðborgarinnar.

Því meiri ástæða er til að veita því athygli þegar þaðan berast góð tíðindi. Opinber fjármálasýsla er að vísu ekki efni sem fangar athygli manna að öllu jöfnu. Óhætt er að fullyrða að borgarsjóður á ekki fremur en ríkissjóður marga hollvini sem láta sér annat um heilbrigði hans og viðgang. Fáir nenna að leggja við hlustir þegar talnaraðir þar um eru lesnar.

Það þykir vera einföld skylda þeirra sem sýsla með opinber fjármál að hafa þau í lagi. Ut frá því er gengið sem sjálfsögðum hlutum. Fari þeir á verri veg reyna menn gjarnan að leiða óþægilegar staðreyndir af því tagi hjá sér.

Eftir sem áður er það kaldur og harður veruleiki að forsenda alls þess áhugaverða og framsækna sem menn fýsir að ræða varðandi samneyslu borgaranna er sú að opinber fjármálasýsla sé í góðu horfi. Um nokkuð langan tíma hefur verið ákveðinn veikleiki í fjármálasýslu borgarinnar sem kominn var tími til að taka á.

Þær tölur sem borgarstjóri kunngerði í síðustu viku um reikningshald Reykjavíkurborgar á síðasta ári voru því eins og ljós í myrkri. Ársreikningurinn fyrir árið 2007 sýnir þannig mikinn viðsnúning. Á því ári hefur tekist að vinda ofan af vaxandi hallarekstri og skuldaföfnun.

Tölurnar segja sína sögu. Hallinn á rekstri aðalsjóðs borgarinnar á árunum 2003 til 2006 var tæpir þrettán milljarðar króna. Á móti var hagnaðurinn á árinu 2007 yfir sex milljarðar króna. Til viðbótar þessum tölum kemur hluti af söluandvirði Landsvirkjunar. Slíkar einskíptis tekjur eru hins vegar ekki hæfar í samanburði af þessu tagi.

Að sönnu hafa ytri aðstæður hjálpað fjármálastjórnendum borgarinnar að þessu leyti, eins og talsmenn núverandi minnihluta hafa réttilega vakið athygli á. Augljóst er á hinn bóginn að svo afgerandi breyting hefði ekki orðið án markvissrar stjórnunar og pólitísks ásetnings um að snúa vandrí þróun til betri vegar. Þau áform tókust. Niðurstaðan er því allrar eftirtektar verð.

Hún lýtur hins vegar að liðnum tíma og segir ekki mikið um framhaldið. Að því leyti hefur hún ekki forspárgildi, hvorki um fjármálin né pólitíska stöðu meirihlutans þegar kemur að upp- og niðurgangi. Þessi árangur opnar hins vegar möguleika á að tefla framhaldið í fjármálunum af sémilegri skynsemi.

Breyttar aðstæður í þjóðarbúskapnum hafa stílt stjórnendum sveitarsjóða og þar með borgarsjóðs upp frammi fyrir nýjum og mjög svo erfiðum aðstæðum. Tekjur þessara sameiginlegu sjóða munu skreppa saman. Góð afkoma síðasta árs getur valdið andvaraleysi varðandi framhaldið. Á miklu veltur hins vegar að hún verði nýtt til áframhaldandi aðgæslu í þessum opinbera rekstri.

Fjármálastjórnin verður þegar til kastanna kemur prófsteinn á þennan þriðja meirihluta kjörtímabilsins. Margir kunna að segja að honum verði við svo búið fátt til auðnu. Hann verður að sönnu sinn eigin gæfusmiður. En áframhald á öruggri fjármálastjórn er lykilatriði í því efni. Í ríkjandi efnahagsástandi er aukheldur brýnt að sveitarsjóðir sýni ábyrgð í fjármálum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Óli Kr. Ármannsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óljós samningur?

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins vilja fjórutíu prósent borgarbúa að sjálfstæðismenn velji Hönnu Birnu Kristjánsdóttur til að taka við sem borgarstjóri á næsta ári. Bent hefur verið á að þær niðurstöður segi ekki allt. Langflestir vilji eflaust Dag B. Eggertsson, enda sé Samfylkingin sá flokkur sem mælist með langhæst fylgi í Reykjavík. Gísli Marteinn Baldursson svaraði því sömuleiðis til í Fréttablaðinu í vikunni að málið væri ekki til umræðu innan flokksins, ekki frekar en hvert væri borgarstjóraefni minnihlutans.



Þetta er einkennilegt viðhorf í ljósi þess að fyrir liggur að Sjálfstæðisflokkurinn mun fá borgarstjórastöðina í mars samkvæmt samningi við F-listann, en ekki fulltrúi núverandi minnihluta. Eiga menn ekki von á að sá samningur haldi?

Forystan tekur afstöðu

Og þótt Vilhjálmur P. Vilhjálmsson sé enn oddviti flokksins í borginni, og borgarfulltrúar hans hafi ítrekað lýst því yfir að hann njóti þar fulls trausts og stuðnings, virðist forysta flokksins farin að hallast á sveif með almenningsálitinu. Geir H. Haarde sagði í Útvarpsfréttum í gær að Hanna Birna væri vel að stuð-

ingnum komin, og Björn Bjarnason óskaði henni „til hamingju með þetta verðskuldaða traust“.

Sérfræðinganefnd í málið

Björn er hins vegar ekki jafn hrifinn af áliti almennings á lögnum í Eurovision og segir úrslitin í ár sýna hve áhrif minnihlutahópa séu orðin mikil í Evrópu. „Þeir taka sig saman hver í sínu landi og greiða gamla ættlandinu atkvæði,“ segir Björn. Hann stingur upp á að endurvakin verði sú hefð að sérfróðir menn leggi mat á framlögin. Þá hætta Íslendingar kannski að fá sín tölfrátt frá Dönum.

stigur@frettabladid.is

Arfur Melkorku

Flóttamannavandamálið á Akranesi snýst ekki um það hver þau eru – heldur hver við erum. Hitt er svo aftur annað mál að það hvernig við erum mun hafa áhrif á hvernig þau verða. Sem aftur breytir okkur. Sem aftur breytir þeim...

Og smám saman erum við stödd í vitahring tortryggni og gagnkvæmrar löngunar til að skilja ekki „hinn“. Og sjálfskipaðir menningarvitar kynda undir andúðinni og reyna með öllum ráðum að koma í veg fyrir að fólkinu sjálfu takist að tala saman, því að í rauninni eru flestar manneskjur þannig gerðar að þeim leiðast deilur og vilja lifa í friði við aðra menn.

Fordæmi Vestfirðinga

Þetta snýst um sjálfsmynd. Að undanförunu hafa ýmsir rifjað það upp þegar Vestfirðingar tóku á móti stríðshrjáðu fólki frá fyrrum Júgóslavíu þar sem háð var eitt andstyggilegasta og bjánalegasta stríð seinni ára. Voru Vestfirðingar aflögu færir? Það fer kannski svolítið eftir því hvernig á það er litið. Þeir höfðu þá misst kvóta í stríðum straumum og þeir höfðu nýlega misst Gugguna, sjálft stoltið og flaggskipið sem Samherji ginnti út úr þeim með loforðum sem voru svikin, og síðast en ekki síst: á þeim höfðu dunið mannskæð og skelfileg snjóflóð.

Kannski finnst Magnúsi Þór Hafsteinssyni þetta ekkert miðað við þær hörmungar sem dnyji daglega á Skagamönnum en Vestfirðingar virtust telja að þeir hefðu sjálfir gott af því – eftir öll áföllin – að sökkva sér ofan í það verkefni að hlúa að öðrum manneskjum sem áttu um sárt að binda: Þeir töldu sig að minnsta kosti aflögu færa um kærleika.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Vandí Skagamanna

Vestfirðingar voru svo gæfusamir að þeim tókst að láta gott af sér leiða. Þeir sköpuðu mikilvægt fordæmi fyrir önnur sveitarfélög sem áttu í vændum að taka á móti flóttamönnum og hjálpa þeim að aðlagast íslensku samfélagi – settu tóninn í þessu starfi sem sleginn hefur verið fram að Magnúsi Þór, og orðið til þess að talið er að óvenju vel hafi tekist til á Íslandi við móttöku flóttafólks. Þetta hefur ásamt öðru orðið til þess að auka hróður samfélagsins á Vestfirðum, og þar með aukið stolt Vestfirðinga – og aukið lífsgæðin þar í margvíslegum skilningi.

Skagamenn skorið nú mörkin

Við skulum ekki dæma of hart einstaklinga sem víðra upphátt þær efasemdir sem sjálfsgött fara um hug flestra þeirra sem eiga í vændum að taka á móti flóttafólki, kynnast því og hjálpa því. Það geta ekki allir verið stórmenni. Fordómar rista alltaf grunnt og fjúka burt þegar fólk kynnist.

Ekki skulum við heldur ganga út frá því sem gefnu að Magnúsi Þór Hafsteinsson tali fyrir munn Skagamanna almennt, þegar hann sér öll tormeiki á því að 6.500 manna sveitarfélag hafi bolmagn til að taka á móti 30 einstæðum palestínskum mæðrum: kannski eru til fleiri stoltir Skagamenn.

Kannski eru jafnvel fleiri sem sjá í þessu möguleika, hugsa sér gott til glóðarinnar að fá nýtt blóð í fótboltann með krökkunum sem koma, eða hlakka til að auðga líf sitt með kynnum við konur með svo ólíkan bakgrunn og ímynda sér jafnvel að Akranes sé góður staður að búa á og henti til þess að laða fram hæfileika sem ekki hafa fengið að njóta sín í þrjúgandi ástandi flóttamannabúðanna.

Ég veit það ekki. Ég veit ekki mikið um samfélagið á Akranesi; en ég bið Akurnesinga um að hafa það í huga að hugmyndir mínar – og annarra landsmanna – um samfélagið á Skaganum mótast af því hvernig þeir standa sig í þessu máli.

Uppruni fólks hefur ekki allt að segja um það hvernig einstaklingurinn mótast, sérstaklega ekki þar sem einstaklingurinn fær frelsi til athafna og hugmynda. Skagamenn ættu líka að vita að fólk hefur meira að segja töluvert svigrúm þegar kemur að því að skilgreina uppruna sinn. Þeir líta á sig sem nokkurs konar Íra Íslands – og gott ef þeir halda ekki einhvers konar Írskaga daga á hverju ári með miklu riggarobbi. Auðvitað eru þeir engir Írar – ekki þannig lagað – og auðvitað er það bara skemmtilegt að þeir skuli telja sér trú um að á Skaganum lifi fremur en annars staðar hin keltneska arfleifð, sem að sönnu er til í íslensku þjóðlífi.

En hver er hún? Magnúsi Þór Hafsteinsson er greinilega búinn að gleyma því en við skulum vona að aðrir Skagamenn muni eftir Melkorku sem komin var um langan veg hingað í þetta öfgafulla land: einstæð móðir.

Þetta mál snýst um sjálfsmynd okkar sem erum afkomendur Melkorku.

Heildstæð þjónusta

UMRÆÐAN

Bryndís Guðmundsdóttir skrifar um þjónustu við börn með skarð í gómi

Fyrr stuttu tilkynnti Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, um breytingar á þjónustu við börn sem fæðast með klofinn góm/vör á Íslandi. Landspítalinn mun setja upp teymi lækna og tannlækna/tannréttingasérfræðinga sem sinnir heildstæðri þjónustu við þessa einstaklinga og tekið verður tillit til þess mikla umfangs og kostnaðar sem tannréttingar hjá þessum hópi hafa í för með sér.

Þetta eru mjög jákvæðar fréttir. Um árabíl hefur þessi hópur fengið mjög góða þjónustu á Íslandi, en hún hefur verið dreifð og kostnaðarsöm fyrir foreldra. Þá hefur ekki verið haldið utan um einstaklingsbunda þörf þessara einstaklinga fyrir sérfræðiþjónustu. Vegna kostnaðar og erfiðleika við að fá þjónustu sem ekki hefur verið tryggð fyrir þessa einstaklinga t.d. með samningum heilbrigðiskerfisins eða Landspítala við sérfræðinga sem sinna þessum málum, er foreldrum oft gert mjög erfitt fyrir og dæmi eru um að barn fái ekki nema hluta þeirrar þjónustu sem það þarf á hverjum tíma.

Tilkynningin frá Landspítala var okkur öllum fagnadarefni sem komum að málum þessara barna með



BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

einhverjum hætti, ekki síst foreldrum. Það vakti þó athygli að ekki er minnst á aðkoma talmeinafræðings í teymi sem þarf að sinna einstaklingum með skarð í gómi frá fæðingu til fullorðinsára. Það þarf sérhæfðan bakgrunn á mismunandi sviðum til að sinna einstaklingum með skarð/opið nefmæli og aðkoma sérfræðinga s.s. tannréttingasérfræðinga, lýtalækna, barnalækna, röntgensérfræðinga, talmeinafræðinga, háls-, nef- og eyrnalækna, er á mismunandi tímabilum og er einstaklingsbundin. Þessir aðilar hafa sótt sérþekkingu erlendis, hafa reynslu af starfi á Íslandi með einstaklingum með skarð í gómi, en þurfa umfram allt að vera í nánú samstarfi. Visir að svokölluðu „gómateymi“ var starfandi um nokkurn tíma en lagðist af fyrir nokkrum árum. Líklega hefur skort á frumkvæði í stjórnsýslunni til að setja teymi upp fyrir þennan hóp. Nú hefur yfirlýsing komið frá Landspítala í þessa átt.

Ég minni á að teymið hefur verið sett upp með það í huga að aðkoma sérfræðinga á mismunandi sviðum og tímabilum í lífi einstaklinga með skarð í gómi verði tryggð.

Förum alla leið!

Höfundur er talmeinafræðingur.

-2kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is



skemmtilegri



STELPU SUMMAR

Á STÖÐ 2 Í JÚNÍ



VISA

FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOD

Stöð 2, Stöð 2 bíó og Stöð 2 Extra í einum pakka á aðeins 4.890 kr. á mánuði fyrir kreditkorthafa Visa í boðgreiðslu m.v. þriggja mánaða skuldbindingu.

SÉRVALID EFNI FYRIR STELPURNAR Í JÚNÍ

So You Think You Can Dance - íslensku dansaramir leggja allt undir
Cashmere Mafia - frá framleiðendum Sex and the City
Traveler - hörkuspennandi þættir í anda 24 og Prison Break
Women's Murder Club - frábærir þættir í anda Cold Case
The Moment of Truth - magnaðir þættir sem slógu í gegn í Bandaríkjunum

The Riches
It's Always Sunny in Philadelphia
Cold Case
Grey's Anatomy
Notebook

Devil Wears Prada
Wedding Crashers
Music and Lyrics
Failure to Launch
In Her Shoes

**BRYNJÓLFUR BJARNASON RÁÐ-
HERRA FÆDDIST PENNAN DAG
ÁRIÐ 1898.**

„Besta ræktarsemin við for-
tíðina er að leggja hönd á
plóg til þess að skapa betri
framtíð.“

**Brynjólfur var formaður
Kommúnistaflokks Íslands og
Sósíalistaflokksins. Sat á þingi
í um tuttugu ár og var mennta-
málaráðherra í svonefndri ný-
sköpunarstjórn. Hann skrif-
aði fjölda greina og bóka um
stjórnmal og heimspeki.**



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 26. MAÍ 1973

Ægir skaut á togarann Everton

Árið 1973 voru oft hörku-
átök á miðunum við Ís-
land því Bretar vildu ekki
una útfærslu landhelg-
innar í fimmtíu sjómíl-
ur. Pennan dag kom varð-
skipið Ægir að togaran-
um Everton að taka inn
vörpuna á Sporðagrunni
nyrðra, um tuttugu sjómíl-
um innan fiskveiðimark-
anna. Togarinn hlýddi ekki
fyrirmælum varðskipsins
um að stansa heldur lagði
á flótta og ákvað skip-
herrann á Ægi, Guðmundur Kærnested, að skjóta
á togarann, fyrst púðurskotum og svo föstum
skotum. Endaði það með því að skotið var gat á



skrokk togarans neðan
sjávarmáls og kom strax
mikill leki að honum.
Breskir togarar umkringdu
Everton og Ægir var líka
á staðnum enda leit um
tíma út fyrir að togar-
inn mundi sökkva. Það
gerðist þó ekki. Viðgerð-
armenn frá freigátunni
Jupiter og dráttarbatnum
Statesman þéttu skotgöt-
in. Mennirnir um borð
voru aldrei í lífshættu
enda varaði Guðmundur
togaraskipstjórnari við sérstaklega áður en hann
skaut og ráðlagði honum að láta alla skipverja
fara aftur á skipið.

MERKISATBURÐIR

- 1056 Ísleifur Gissurarson er vígður biskup fyrstur manna á Íslandi og situr í Skálholti.
- 1521 Marteinn Lúther er bannfærður fyrir skrif sín og trúarafstöðu.
- 1805 Napoleon Bonaparte er krýndur konungur Ítalíu.
- 1845 Jónas Hallgrímsson andast þennan dag, 37 ára að aldri.
- 1969 Geimfarar Apollo 10 snúa aftur til jarðar eftir átta daga í geimnum.
- 1983 Fyrsta ríkisstjórn Steingrims Hermannssonar tekur við völdum. Meðal ráðherra er Ragnhildur Helgadóttir.

AFMÆLI



**RAGNHILDUR HELGA-
DÓTTIR,**
fyrirverandi
ráðherra, er
78 ára.



**JÓHANNA
VIGDÍS
ARNAR-
DÓTTIR,**
leik- og
söngkona,
er 40 ára.



**GUNNAR
HANSSON**
leikari er 36
ára.



FRÍÐRIK,
krónprins
Dana, er 40
ára.



DNA-KAMMERSVEITIN Einbeitingin skín úr augum þeirra Nínu Leu, Antons Björns og Daníels Hannesar og Eva Tosik kennari fylgist vel með.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Elskuleg fósturmóðir, systir, amma og langamma,

**Guðrún Jóhanna
Ólafsdóttir**

frá Ferjubakka í Axarfirði, til heimilis að
Hjallavegi 4, Reykjavík,

lést á taugadeild Landspítalans þriðjudaginn 13. maí.
Útför hennar mun fara fram frá Neskirkju þriðju-
daginn 27. maí kl. 13.

Steinþórunn K. Steinþórsdóttir Guðmundur V.
Sigurjónsson

Birna Ólafsdóttir Sigrún Snorradóttir
Ólafur Fáfniir Sigurgeirsson Bjarni Hrafnsson
Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir
og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og dóttir,

Ingveldur Hafdís Aðalsteinsdóttir

framhaldsskólakennari, Sjafnargötu 1, Reykjavík,

lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans
að kvöldi þriðjudagsins 20. maí.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju,
þriðjudaginn 27. maí kl. 15.

Óskar Jónsson Anna Krístrún Gunnarsdóttir
Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir Jakob Már Ásmundsson
Styrmir Óskarsson
Halla Þórlaug Óskarsdóttir
barnabörn
Guðríður Guðlaugsdóttir
Aðalsteinn Kristjánsson Anna Hjartardóttir

Fallegir legsteinar
á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

SUZUKISKÓLINN: SENDI KAMMERSVEIT Í ALPJÓÐLEGA KEPPNI Í FYRSTA SINN

DNA í ævintýrlega ferð til höfuðborgar Póllands

Kammersveitin DNA hefur ekkert með erfðagreiningu að gera heldur er nafn tríósins búið til úr upphafsstöfum hljóðfærleikaranna, Daníels Hannesar Pálssonar, Nínu Leu Jónsdóttur og Antons Björns Sigmarssonar. Þegar þessar línur koma fyrir almenningssjónir eru ofantalin þrjú ungmenni komin í heimsókn til höfuðborgar Póllands ásamt tónlistarkennaranum sínum Evu Tosik sem er pólsk. Aðalerindið er að taka þátt í alþjóðlegri tónlistarkeppni.

Fréttablaðið hitti hópinn á æfingu áður en lagt var í hann. „Þetta er í fyrsta sinn sem sveit frá Suzuki-skólanum tekur þátt í svona keppni,“ segir Eva. „Við eigum ekki von á neinum medalíum en hugsum þetta meðal annars sem skemmtiferð fyrir krakkana og ákjósanlegt tækifæri til að kynna andrúmsloftinu í Póllandi. Þetta verður ævintýraferð fyrir krakkana. Dagskráin er samblað af æfingum, skemmtun og fræðslu og við munum meðal annars skoða og heimsækja fæðingarstað tónskáldsins Chopins. Hann fæddist 1810 og það er þegar farið að undirbúa 200 ára afmæli hans.“

Eva segir Suzuki-tónlistarnám byggja á svokallaðri móðurmálsaferð. Þar læri börn að spila og hlusta á tónlist og síðar komi nótturnar inn, svipað og með móðurmálið þar sem við lærum að tala og tjá okkur áður en við lærum að lesa og skrifa.

Anton Björn er fjórtán ára. Hann kveðst hafa æft píanóleik frá þriggja ára aldri. „Ég var með pall fyrir fæturna og sat á háum stól,“ rifjar hann upp og slær létt á nótturnar fyrsta lagið sem hann lærði, Kópavogur hopp hopp! Nína Lea er þrettán ára. Hún hóf tónlistarferilinn líka snemma, byrjaði að strjúka fiðlustrengina þriggja ára og segist reyna að æfa sig á hverjum degi. Daníel Hannes er á þrettánda ári. Selló er hljóð-

færið hans og við það hefur hann unað sér frá því hann var fimm ára, hálf tíma til klukkutíma á dag. Þau eru búið að spila saman í fjögur ár í DNA-tríóinu en öll halda þau auk þess áfram að æfa einleik.

„Í Suzukiskólanum miðast námið mest við einleikara,“ útskýrir Eva og heldur áfram: „Það er nýtt að hafa svona kammerdeild. Ég valdi þessi börn saman upphaflega vegna þess að þau voru á líku stigi í náminu. Þá var eftir að stilla saman manngerðirnar, sem tekur líka tíma. Þau eru auðvitað ólík og tilfinningar og ein-kenni hafa sitt að segja í svona litlu tríói þar sem þau þurfa að hlusta á hvert annað og samhæfa túlkunina. Í stórrí hljómsveit spila allir undir stjórn eins stjórnanda en hér túlka þau sig sjálf.“

Þau Daníel, Nína og Anton segjast að sjálfsgöðu vera spennu fyrir ferðinni og fara ekki leynt með tilhlökkun sína. En hvaða lög mun DNA-sveitin flytja í keppninni í Póllandi? „Þau verða af ýmsu tagi,“ lýsir Eva. „Mig langaði að kynna íslenska tónlist í Póllandi og sneri mér til Atla Heimis Sveinssonar tónskálds. Hann var svo góður að útsetja Sofðu unga ástin mín fyrir þessa hljóðfæraskipan. Við vorum mjög heppin þar. Atli Heimir hefur hlustað á leik DNA-sveitarinnar einu sinni og var ánægður með hennar tjáningu. Sagði að við mættum leita til sín aftur ef okkur vantaði fleiri lög.“

Að viðtalinu loknu leikur sveitin Sofðu unga ástin mín af mikilli list og þeir tónar eiga svo sannarlega erindi út fyrir landsteinana. gun@frettabladid.is



HANDVERKIÐ SÝNT

Lerkið í Hallormsstaðarskógi má nota í ýmsa fagra muni eins og nemendur í hússtjórnarskólanum þar vita.

HEIMILI 2



PERSÓNULEGIR MUNIR

Erna Arnardóttir þrykkir skemmtilega frasa á ungbarnsamfellur og býr til púsluspil og músamottur úr persónulegum myndum.

HEIMILI 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR SUMAR GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ



MYNDAVÉLAR,
MIKIÐ ÚRVAL

KYNNTU ÞÉR VERÐIN Á
FOTOVAL.IS

Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman.
Skrufufrítt og smeltt saman.



kr.9.990.-
viðbótareining kr. 7.379.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS



Hér stendur Anna Þorbjörg Jónasdóttir stolt við fataskápinn, sem vekur óneitanlega athygli og aðdáun þeirra sem á líta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Regnbogi í fataskápnunum

Í látlausum fataskáp í Skuggahverfinu er kjólunum, pílsum, blússum og buxum raðað saman í öllum regnbogans litum.

„Hugmyndinni stal ég af stóru systur minni sem er álíka bókafrík og ég er fatafrík og litaraðar bókum sínum saman í hillur, en það er ótrúlega fagurt á að líta,“ segir Anna Þorbjörg Jónasdóttir, þjónustufulltrúi hjá Reykjavíkurborg, sem raðar flíkum sínum eftir litum í fataskápinn.

„Ég er flokkunarkona að eðlisfari og hef í gegnum tíðina prófað ýmis flokkunarkerfi, en þegar maður litaraðar veit maður alltaf upp á hár hvar flíkin er því maður gleymir ekki svo glatt hvernig fót eru á litinn. Böggull fylgir þó skammrifi ef maður eignast eitthvað fatakins sem ekki passar í flokkunarkerfið og þá er úr vöndu að ráða, en ég reyni að velja ríkj-

andi lit ef flíkin er marglit. Passi hún alls ekki í lita-bunkana lendir hún hiklaust á bak við,“ segir Anna Þorbjörg, sem þvertur fyrir að hún kaupir fót til þess eins að fylla í eyðurnar.

„Nei, svo galin er ég nú ekki,“ segir hún hlæjandi. „Uppáhalds litirnir eru rauður og bleikur, en þótt gulí staflinn sé minnstur rýk ég ekki út í búð eftir gulri peysu. Fólk hafði takmarkaða trú á að lita-skipulagið héldi og taldi víst að allt yrði komið í óreglu eftir smá tíma, en það er bara gaman að ganga frá hreinum þvotti og fylla upp í litaeyðurnar,“ segir Anna Þorbjörg brosmild.

„Í öðrum skápum heimilisins er einnig fínasta skipulag, enda vil ég hafa allt í röð og reglu. Reyndar er hægt að loka eldhússkápunum en þar hef ég heldur enga óreiðu að fela. Það er allt á sínum stað.“

thordis@frettabladid.is

Nú er rétti tíminn til að kaupa garðsláttuvélar



4 ha Briggs & Stratton mótur
51,5 cm sláttubreidd,
5 hæðarstillingar,

5 ha Briggs & Stratton mótur
51,5 cm sláttubreidd,
5 hæðarstillingar,
Grassasfnari.

6 ha Briggs & Stratton mótur
51,5 cm sláttubreidd,
5 hæðarstillingar,
Grassasfnari, drif.

ÞÓR HF | REYKJAVÍK: Ármúla 11 | Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

5125050
Auglýsingasími



Hiti í bústaðinn



Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.



Rafhitarar fyrir heita potta

Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is



Heimilislegur dúkur með mislögum sporum.



Jurtalituð áttablaðarós með augnsum í ófullgerðum púða.



Handmótaður og málaður bakki úr leir.

Handverk á Hallormsstað

Hátískuföt, hlýlegar ábreiður, smíðisgrip og útsaum af ýmsu tagi bar fyrir augu þeirra sem heimsóttu Handverks- og hústjórnskólann á Hallormsstað um fyrri helgi.

Boðið var upp á handavinnusýningu og hátíðakaffi í virðulegum stofum Handverks- og hústjórnskólans á Hallormsstað sunnudaginn 18. maí. Þar lögðu hinir sautján nemendur vorannar verk sín í dóm gesta og gangandi og var gaman að sjá fjölbreytt handverk þeirra og bragða á veislu-föngum sem borin voru á borð.

Hér getur að líta nokkra sýningarmuni sem unnir voru undir leiðsögn hjónanna Gissurar Árnasonar og Stefaníu Steinþórsdóttur. Þau eru áhugafólk um verkmenntir og kenna listmunagerð og útsaum við skólann.

-gun



Ámálaður og ísaumaður púði úr hör.



Allt úr nágrenninu nema stálið.



Hallormsstaðarlerkið nýtur sín vel í þessari skál.



Áhöld með sköftum úr hreindýrshornum og silfri.

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"

OUTLET SKÓZ

FISKISLÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK
opnar eftir breytingar



Herra
VERD 4.300.-KR.
st. 40-47,5



Snúka
VERD 3.500.-KR.
st. 27-35



Herra & Dönnu
VERD 4.000.-KR.
st. 37-47,5



Dönnu
VERD 4.500.-KR.
st. 38-41



Herra
VERD 4.500.-KR.
st. 41-46



Snúka
VERD 2.500.-KR.
st. 21-35

LEIÐIN LIGGUR Á GRANDANN
ÞAR SEM FINNA MÁ LANDSINS MESTA ÚRVAL AF SKÓM
Dönnu-SKÓN Herra-SKÓN Barna-SKÓN

Eign mömmu og pabba

Samfellur og bolir með persónulegri áletrun eru vinsæl í dag.

Erna Arnardóttir, grafískur hönnuður, hefur sérhæft sig í að þrykkja skemmtilega frasa á ungbarnasamfellur, boli og hettupeysur.

„Það sem hefur slegið í gegn hjá mér er hinar svokölluðu eignarsamfellur fyrir nýfædd börn. Í stað þess að börnin fari heim af spítalanum í samfellum þar sem á stendur „eign þvottahúsanna“ þrykki ég á samfellur nafn foreldranna í staðinn. Ef, sem dæmi, Jón og Gunna hafa eignast barn þá stendur á samfellunni „Eign Jóns og Gunnu“,“ útskýrir Erna. Eignarsamfellurnar hafa verið það vinsælar að Erna fékk einkaleyfi á þessa hugmynd sína.

Erna útbýr bókstafi í sérstakri vél sem hún svo pressar á flikur. Hún selur samfellur, boli og hettupeysur ásamt ýmsum öðrum varningi. Fólki getur komið með hugmyndir að texta til hennar sem hún setur á fótin. Frasar á borð við „Besti pabbi í heimi“ og „Litla systir“ eru vinsælir, svo og bænir sem Erna pressar á náttföt.

Erna býr einnig til púsluspil og músamottur úr persónulegum myndum, þrykkir á smekki, derhúfur og höfuðklúta. „Flöskubolir með eignaráletrun eru líka vinsælir hjá mér,“ segir Erna. Áletranir á samfellur fyrir nýfædd börn hafa verið mjög vinsælar, en hettupeysur fyrir eldri krakka hafalíka verið að sækja í sig veðrið.

Erna fékk hugmyndina að eignarsamfellum þegar hún



Erna Arnardóttir og Anna Kolbrún dóttir hennar í áletruðum bol frá mömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

eignaðist dóttur sína. „Ég vildi ekki að hún færi heim af fæðingardeildinni sem eign þvottahúsanna, svo ég hannaði samfellu á hana þar sem stóð „Eign Ernu“. Vinkonum mínum fannst þetta sniðugt svo ég hannaði samfellur fyrir þær þegar þær eignuðust sín börn. Þegar kom svo að því að fara að vinna frá dóttur minni var ég búin að koma mér upp öllum þeim tækjum sem þarf til að búa til svona áletranir þannig að ég sá þarna kjörið tækifæri til að fara út í svona framleiðslu og geta á sama tíma verið heima með dóttur mína,“ útskýrir Erna.

Erna heldur úti heimasíðunni www.assan.is þar sem hægt er að panta hjá henni vörur og persónulegar áletranir. klara@frettabladid.is

Silicone
Útsöluastaðir óskast
um land allt
Kísill ehf. Sími 551-5960
AMTAF ÞURRT KLÍB
TJALDSIL

Loftapanill
fyrir heimilið
Rakapolið efni
P. PORGRÍMSSON & CO
Ármúla 29 - 108 Rvík S:553 8640

5125050
Auglýsingasími



26. MAÍ TIL 31. MAÍ

TILBOÐSDAGAR Í SPORTLANDI

40% afsláttur
af hlaupaskóm

40% afsláttur
af Umbro barnafatnaði

30% afsláttur
af öllum Better Bodies fatnaði

20% afsláttur
af öllum öðrum vörum í búðinni
1.000 kr. og 2.000 kr. tilboðsslár

SPORTLAND
www.sportland.is

ÁRMÚLA 17 - 108 RVK - S: 581-1212



HITA KÚTAR
 Amerísk gæða framleiðsla
 30-450 lítrar
 Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
 DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
 SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Hringdu í síma
512 50 60
 ef blaðið berst ekki



Sólveig hefur spilað á hörpu síðan hún var tíu ára gömul og féll fyrir hörpuleik á listasafni í Arizona.
 FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Töfrahljómar hörpunnar

Sólveig Thoroddsen er ein af því unga fólki sem starfar við skapandi sumarstörf á vegum Hins hússins. Í sumar starfar Sólveig sem hörpuleikari en hún hefur spilað á hörpu síðan hún var tíu ára.

„Ég spila undir berum himni á hörpuna þegar veður leyfir,“ segir Sólveig, en starfið hennar í sumar varð til í gegnum starfsverkefni sem Hitt húsið kemur að. Sumarstarfið hefur gert henni kleift að æfa sig í að koma fram

opinberlega sem hörpuleikari. Sólveig verður með hádegistónleika í anddyri Norræna hússins 20. júní og einnig hinn 4. júlí.

Þegar Sólveig bjó í Arizona í Bandaríkjunum rákust hún og fjölskylda hennar á hörpuleikara sem var að spila á listasafni. Það varð til þess að hún fór að leggja stund á hörpuleik, þá tíu ára gömul. En á listasafninu var kennari hennar í hörpuleik fundinn.

Í dag hefur Sólveig tekið 7. stigið í hörpuleik og tónlistin heillar. Enda getur hún vel hugsað sér að halda áfram á tónlistar-

brautinni. Sólveig á tvær hörpur. Aðra kallar hún klassísku hörpuna, en á hana leikur hún yfirleitt klassíska tónlist frá mismunandi tímabilum. Síðan er það írská harpan sem hún notar til að leika þjóðlagatónlist. Sú harpa er ekki eins stór og þung og sú klassíska og getur Sólveig auðveldlega tekið hana með sér á milli húsa.

„Á hörpuna er spilað á margar nótur í einu,“ útskýrir Sólveig og bætir við að persónuleg túlkun sé það sem sé mest heillandi við tónlistina enda spili hver flytjandi á sinn hátt.

- vg

allt matur
 Alla föstudaga

Það er komið sumar!




Fallegar, gróskumiklar plöntur

Tré, sumarblóm, skautrunnar, berjarunnar, limgerðisplöntur, rósir, fjölærar plöntur, grænmetisplöntur og kryddjurtir. Mikið úrval af hengiplöntum.

Fagleg ráðgjöf um val á plöntum!

Annað nauðsynlegt í garðinn

Hengikörfur, ker, pottar, mold, áburður, smáverkfæri o.fl.



GRÓÐRARSTÖÐIN
STORÐ



Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.alyak.is

fasteignir

26. MAÍ 2008



Símar 551 7270, 551 7282 og 893 3985

Til sölu eitt hagstæðasta
farpegaskip landsins



Skipið tekur 90 farþega auk áhafnar. Skipið hent-
ar mjög vel í hvers kyns ferðamannaþjónustu, í
hvalaskoðun, sjóstangaveiði og m.fl. Fjármögn-
unarmöguleikar til staðar.

**Nánari upplýsingar og
myndir á hibyliogskip.is,
á skrifstofu og í sínum 892 6113 & 893 3985**

Puríður Halldórsdóttir hdl., lögg. fasteigna- og skipasali
www.hibyliogskip.is - hibyliogskip@hibyliogskip.is

- TRAUST Í VIÐSKIPTUM -



Eigninni hefur verið vel við haldið og er hún þó nokkuð endurnýjuð með nýjum gluggum.

Einbýli í grónum garði

RE/MAX Torg hefur til sölu 224,5 fermetra ein-
býlishús með grónum garði í Steinagerði.

Eignin er innst í lokuðum botnlanga í gróinni götu.
Þetta er einbýlishús með bílskúr og grónum garði
miðsvæðis í borginni. Bílskúr er inni í heildarfer-
metratölu. Eigninni hefur verið vel við haldið og er
hún þó nokkuð endurnýjuð með nýjum gluggum með
tvöföldu gleri og innihurðir á neðri hæð eru nýjar sem
og útihurðir. Rafmagn var endurnýjað að hluta fyrir
skömmu. Innanhússhönnun var unnin að hluta til í
samráði við Rut Káradóttur og lýsing er að hluta frá
Lumex. Komið er inn í forstofu og þaðan inn í hol þar
sem á vinstri hönd eru tvö herbergi, eitt lítið og annað

stærra með parketti á gólfi. Á neðri hæð er gesta-
salerni. Stofa og borðstofa eru samliggjandi og rúm-
góðar. Gengið er út á stóra timburverönd frá stofu.
Eldhús er með beykiinnréttingu og náttúrusteini
á gólfi. Inni af eldhúsi er þvottahús og búr og frá
þvottahúsi er hægt að ganga út í garðinn. Beykistigi
liggur upp á efri hæð hússins. Frá stiga er komið inn
í sjónvarpshol. Badherbergi er á efri hæð með bæði
badkari og sturtuklefa. Á efri hæð eru tvö barnher-
bergi og stórt hjónaherbergi með miklu skáaplássni
og parketti á gólfi. Ný hurð er á bílskúr og rennur þar
bæði heitt og kalt vatn og er bílskúrþakið nýtt. Bygg-
ingarár hússins er skráð 1957 en árið 1969 var stofa
stækkuð og árið 1989 var byggt ofan á húsið og for-
stofu bætt við. Ásett verð er 65,9 milljónir.



Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lántíma

Önnur þjónusta á ils.is:

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélur
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar atborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef
þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt
í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa
okkar eða haft samband á netinu.

Lánsúmsókn

Pegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir
þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á
fjórnum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969



100% fjármögnun — Engin útborgun!



Til sölu alveg nýtt stórglæsilegt raðhús á Costa Blanca ströndinni á Spáni með mögulegri 100% fjármögnun. Húsið er staðsett í Balcones de Cabo Roig hverfinu sem er á hinu þekktu Torreviejasvæði á Spáni. Húsið stendur við götu sem er með svokölluðu grænu svæði fyrir framan og ekki verður byggt þar. Handan við græna svæðið er sérlega smekklegr, sameiginleg sundlaug. Margir Íslendingar hafa fest kaup á húsum í þessum kjarna sem segir ansi margt um gæðin.

Stærð samtals: 85,84 fm.

Í þessum húsi eru 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi, eldhús, stofa, tvennar svalir, verönd og þakverönd með miklu útsýni til sjávar. Sameiginleg sundlaug. Bilastæði undir húsinu innfalið í verði. Þegar fólk kemur í skoðunarferð og af kaupum verður borgum við fyrir tvo aðila bæði gistingu og flug við afsal hússins.

Mögulegt er að fá allt kaupverðið lánað til 30 ára hjá spænskum banka. Öll gögn um verðmat liggja fyrir.



Costa Blanca
www.costablanca.is

GOLF-HOUSES
www.golf-houses.com

Bjarni 0034-663326472 // bjarni@costablanca.is • Ívar 0034-606743181 // breyting@hotmail.com



Hert gler
...í milliveggi

Íspan
GLER OG SPEGLAR

Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is



Danfoss ofnhitastillar

Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir þægilega húshitun og hámarks orkusparnað

Við erum leiðandi í framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss stjórnþúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Búgarðabyggð í Árborg
Hvað segja kaupendur?
www.tjarnabyggd.is

Tjarnabyggð

„Einn áhugaverðasti búsetukosturinn í dag“

Ljósleiðari, hitaveita og skólaakstur

Kynning

allar helgar í sumar frá kl.13-17

fasteignasalan **GARÐUR**

Fasteignasalan Garður: sími 5621200
Sigrún Sigurpáldóttir löggiltur fasteignasali
Landeigandi í síma 898-0343

Ljósleiðari um alla Tjarnabyggð

Það er Síminn

SIBA
ÞAKRENNUKERFI
á öll hús - allsstaðar
Úrval lita á lager

Létt í meðförum lang ódýrast

Frú

PL 01 Svart PL 45 Silfur-metall PL 20 Dökk Grá PL 22 Dökk Rauð PL 56 Dökk brún PL 42 Rauðbrún PL 80 Hvít PL 55 Kopper - metall PL 02 Kopper

Það er engin ástæða til að horfa á heiminn í svarthvítu. **SIBA-ÞAKRENNUKERFI** í fjölda lita

BLIKKÁS - FUNI

Smíðjuvegi 74 - 200 Kópavogi - Sími 515 8700
www.funi.is - www.blikkas.is

Grímsnes og Grafningshreppur: Sveitarómantik í hávegum höfð

Djúpahraun 14: Sumarhús í sérflokki

Lýsing: ÁRBORGIR Selfossi bjóða til sölu sumarhús í á 7.600 fermetra eignarlöð í landi Miðengis í Grímsnes og Grafningshreppi. Húsið, sem er á tveimur hæðum, er byggt úr limtrésbjálka og er allt hið glæsilegasta. Á neðri hæð er rúmgóð forstofa með fataskápum, gangur og baðherbergi með góðri innréttingu. Þar er einng stór og björt stofa auk borðstofu með innfældri lýsingu í loftinu. Úr stofunni er gengið út á stóra verönd. Á neðri hæðinni er einnig eldhús með vandaðri innréttingu og tvö parkettlögð svefnherbergi ásamt fullbúnu þvottahúsi með skápum. Timburstigi liggur upp á efri hæð en þar er stórt alrými, sem má nýta sem sjónvarpshol eða tómstunda-herbergi, með góðum svölum. Þar eru einnig tvö rúmgóð herbergi með svölum. Að auki eru á efri hæðinni góðar geymslur undir súð. Allar innréttingar og fataskápar eru frá Innex og parkett er á öllum gólfum. Umhverfið er mjög snyrtilegt. Búið er að hlaða stórar tröppur upp að húsi og gera góða grasflöt. Stór og skjólgóð verönd er umhverfis húsið og er hún að stórum hluta undir þaki.





Fjarðargötu 17
Hafnarfirði
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang: as@as.is
www.as.is
Opið virka daga
kl. 9-17



LÆKJARBERG - LAUS STRAX 121,4 fm neðri hæð í tvíbýli m/bílskúr. 2 sv.herb. Sérinnng. Verönd. Frábær staðsetning. **Verð 28,9 millj.** Laus við kaupsamning. 7053



ESKIVELLIR Falleg 109,5 fm íbúð á 2. hæð m/stæði í bílag. 3 sv.herb. 24 fm yfirb.svalir. **Verð 27,5 millj.** 7040



TUNGUVEGUR Kósý 63,7 fm neðri hæð í tvíbýli. Sérinnngangur. **Verð 15,5 millj.** 6851



BORGARHRAUN - TVÆR ÍBÚÐIR EF VILL GLÆSILEGT MIKIÐ ENDURNYJAD 113,6 fm EINBYLI á einni hæð, ásamt 51 fm BÍLSKÚR og 33,1 fm SKÁLI, eða samtals 197,7 fm **Verð 38,2 millj.** 4660

ELDRÍ BORGARAR



NAUSTAHLEIN Frábært einnar hæðar 60 fm 2ja herbergja RADHÚS fyrir eldri borgara við Hrafnistu í Hafnarfirði. **Verð 23,2 millj.** 7519



PRÚÐVANGUR - LAUST STRAX Fallegt 233,4 fm einbýli m/bílskúr innst í botnlanga við hraunjaðarinn. 5 sv.herb. Stór sólarverönd. **Verð 66,0 millj.** 6896

4RA TIL 7 HERB.



ÖLDUGATA - m/BÍLSKÚR - LAUS STRAX GÓÐ íbúð á 2. hæð í fjölbýli m/bílskúr, samtals 105,6 fm 3 svefnherbergi. **Verð 23,6 millj.** 7648

3JA HERB.



BLÍKAÁS - GLÆSILEG Falleg 85,7 fm 3ja herbergja efri sérhæð í góðu klæddu 6-býli á frábærum stað í Áslandinu. SÉRINNGANGUR. **Verð 23,2 millj.** 7594

2JA HERB.



NORÐURBAKKI Glæsileg 69,2 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð, ásamt 6,2 fm sérgeymslu. Stæði í bílageymslu. **Íbúðin afhendist fullbúin án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi** Verða flisar á gólf. 6643



HÓLAVELLIR - LAUST STRAX Fallegt endurnýjuð 136,1 fm einb. Teikn. af bílskúr fylgja. 4 sv.herb. **Verð 25,5 millj.** 7215



HERJÓLFSGATA - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Nýleg afar vönduð og glæsileg 131 fm 3ja til 4ra herb. íbúð á 3. hæð. **Verð 46,9 millj.** 7356



MÓABARD - FALLEGT ÚTSÝNI Fallegt 148 fm einbýli m/bílskúr á rölegum og góðum útsýnisstað. Allt að 4 sv.herb. **Verð 36,9 millj.** 6870



ERLUÁS - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Sérlega falleg 102 fm 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ í fallegu fjölbýli. SÉRINNGANGUR. Parket og flisar. **Verð 29,8 millj.** 7636




BURKNAVELLIR - ENDAÍBÚÐ 3ja til 4ra herbergja endaíbúð 91,1 fm efsta hæð í lyftuhúsi. Stæði í bílageymslu fylgir. Sérinnngangur af svölum. **Verð 24,5 millj.** 7543



LÆKJARSMÁRI Sérlega falleg tveggja herbergja íbúð ásamt stæði í góðu bílskylí á góðum og rölegum stað í Smárahverfinu í Kópavogi. **Verð 23,5 millj.** 7456

VOGAR



MIÐDALUR Fallegt 189,8 fm einbýli, ásamt 37,3 fm bílskúr, samt. 227,1 fm Afhendist fullbúin að utan. **Verð 29,5 millj.** 7276

SUMARHÚS



REYNIFELL Góður 39 fm bústaður staðsettur um 3 km frá Keldum í Rangárvallasýslu. 8.400 fm EIGNARLÓÐ. **Verð 7,7 millj.** 7605

RAÐ- OG PARHÚS



STEEKJARVAMMUR Fallegt mikið endurnýjað 160 fm raðhús á tveimur hæðum, ásamt 25 fm innbyggðum bílskúr, samtals 185,2 fm 4 svefnherbergi. **Verð 42,5 millj.** 7496



STRANDGATA Sérlega falleg og talsvert endurnýjuð fjögurra herbergja SÉRHÆÐ með SÉRINNGANGI í fallegu húsi á góðum stað í MIÐBÆ Hafnarjarðar. **Verð 25,9 millj.** 7545



AKURVELLIR - LYFTUHÚS Falleg og björt 91 fm íbúð á Völlum í nýlegu lyftuhúsi. Gólfefni eru flisar og parket. Stórar svalir. **Verð 22,4 millj.** 7489



ÁLFHOLT - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Falleg 66,1 fm 2ja herbergja íbúð á 4. hæð í góðu fjölbýli á frábærum útsýnisstað. Parket og flisar. Stórar svalir. **Verð 16,9 millj.** 7438



HEIÐARGERÐI - Mikið endurnýjað 139,2 fm einbýli. 4 sv.herb. **Verð 27,9 millj.** Laust við kaupsamning. 9838

EINBYLI



ERLUÁS - EINBYLI Á 1 HÆÐ Fallegt 194 fm einbýli á einni hæð með innb. bílskúr. Góð staðsetning og stórir pallar. **Verð 62 millj.** 7516



STEEKJARVAMMUR Fallegt og vel byggt 183 fm RADHÚS á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á góðum stað. 4 svefnherb. Parket og flisar. **Verð 43,5 millj.** 7617



SUÐURBRAUT Falleg 100,9 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu litlu fjölbýli á góðum útsýnisstað. 3 möguleg 4 svefnherbergi. **Verð 23,5 millj.** 7539



DREKAVELLIR - jarðhæð m/verönd Sérlega falleg og rúm-göð íbúð á jarðhæð með sér afgirtri verönd í litlu fjölb. Fallegar flisar á gólfum. **Verð 24,5 millj.** 7440



EYRARHOLT Falleg 62,4 fm íb. á 3. h. á útsýnisstað. Sameign góð, utan sem innan. **Verð 16,3 millj.** 7058

ATVINNUHÚSNÆÐI



TRÖNUHRAUN 3 Gott 258,4 fm atvinnuhúsnæði á 2 h. Skiptist niður í 138,4 fm fm götflöt, ásamt ca: 120,0 fm milliloft. **Verð 36millj.** 7541



FJÓLAVELLIR Nýtt og fallegt 223,5 fm einbýlishús, þar af bílskúr 37,5 FM. Allt að 6 herbergi. Flott gólfefni og innréttingar. Sérlega flott og vandað hús. **Verð 55,0 millj.** 6202



MIÐVANGUR Fallegt 188,2 fm raðhús m/bílskúr. 4 sv.herb. Svalir og falleg ræktuð lóð. **Verð 41,8 millj.** 7209



BREIÐVANGUR - GLÆSILEG Mikið endurnýjuð 4ra herbergja íbúð, ásamt bílskúr á 2. hæð í fjölbýli. Nýl. innréttingar og tæki, granít á borðum, parket og granít á gólfum. Arinn í stofu. **Verð 28,0 millj.** 6575



HRINGBRAUT - 3JA TIL 4RA Herb. Falleg talsvert endurnýjuð stóri afgirtri lóð. Uppþvottavél og ísskápur fylgja með íbúðinni. **Verð 19,9 millj.** 7439

GRINDAVÍK



ÁSABRAUT - GLÆSILEG Glæsileg 96,2 fm 3ja herb. ENDAÍBÚÐ á efri hæð í litlu nýlegu fjölbýli á frábærum stað í jaðri byggðar. SÉRINNGANGUR. **Verð 20,2 millj.** 7639



FJARÐARGATA - TIL SÖLU EÐA LEIGU "LAUST STRAX" 193 fm Á BESTA STAÐ Í HAFNARF. „LYFTA“ 4 herb., alrými með svölum, kaffistofa, wc, skjalag. og ræstik-ompa. Útsýni út á sjóinn. 7223



LYNGBERG - SÉRLEGA FALLEGT Fallegt mikið endurnýjað 132,4 fm einbýli á einni hæð, ásamt tvöföldum 53,2 fm bílskúr, samtals 185,6 fm á góðum stað innst í botnlanga. **Verð 52,9 millj.** 7434



FÍFUVELLIR - FLOTT RAÐHÚS Fallegt og vel skipulagt 201,2 fm raðhús m/bílskúr á góðum stað. 4 sv.herb. Skóli og leikskóli í göngu-færi. **Verð 47,9 millj.** 4907



DREKAVELLIR - JARÐHÆÐ Sérlega falleg og vönduð íbúð með stóri afgirtri lóð. Uppþvottavél og ísskápur fylgja með íbúðinni. **Verð 27,5 millj.** 7249



ÁLFASKEIÐ - LAUS FLJÓTL. Rúmgöð 148,3 fm íbúð m/bílskúr. 3 sv.herb. **Verð 27,9 millj.** 6282



FORNAVÖR - GLÆSILEGT Nýlegt 153,5 fm EINBYLI á einni hæð, ásamt 47,3 fm BÍLSKÚR, samtals 200,8 fm á fábærum stað við hraunjaðarinn. 4766



GRANDATRÖÐ - LAUST FLJÓTLEGA Nýlegt og glæsilegt atvinnuhúsnæði (ENDABIL) á góðum stað. Hæðin er 201,2 fm og milliloft 73,5 fm, samtals 274,7 fm **Verð 49,5 millj.** 7510



LINDARBERG - 2 SAMP. ÍBÚÐIR Fallegt 255 fm 2ja íbúða parhús/tvíbýli á frábærum útsýnisstað. Efri hæðin 173,4 fm með bílskúr. Neðri hæð 81 fm, ásamt 40 fm rými. **Verð 74,0 millj.** 7433

HÆÐIR



ENGJAVELLIR - GLÆSILEG - LAUS STRAX Ný og GLÆSILEG FULLBÚIN 128 fm 4ra til 5 herbergja EFFRI SÉRHÆÐ í fallegu nýju fjögurra íbúða húsi. **Verð 35,0 millj.** 7557



ÁLFHOLT - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Falleg talsvert endurnýjuð 100,2 fm 4ra herb. ENDAÍBÚÐ á 4. hæð (gluggar á þrjár hlíðar) á frábærum útsýnisstað. SÉRINNGANGUR. **Verð 24,9 millj.** 7037



VEGHÚSTÍGUR - UPPG. Vorum að fá í sölu flotta uppgerða hæð í þrívíli á rölegum stað. Sér inn-gangur. **Verð 37,9 millj.** 7315



ÁRNASTÍGUR - LAUST STRAX NÝLEGT OG GLÆSILEGT 133 fm ENDARADHÚS á einni hæð með BÍLSKÚR, á góðum stað í nýlegu hverfi. **Verð 24,9 millj.** 7606



ÁLFASKEIÐ 394,1 fm verzlunars-húsnæði ásamt 132 fm íbúð á góðum stað í miðsvæðið í Hafnarfirði. **Verð 130 millj.** laust fljótlega. 7121



DREKAVELLIR - SKIPTI MÖGULEG Fallegt 183 fm einbýli á einni hæð ásamt 30 fm bílskúr, samtals 213,8 fm Skilast fullbúin að utan, rúmlega fokheit að innan. LAUST STRAX. **Verð 42,9 millj.** 7351

NÝTT



DAGGARVELLIR - ALLT AÐ 90% LÁN Sérlega falleg 128,9 fm EFFRI SÉRHÆÐ í nýlegu 4ra íbúða húsi á frábærum stað í HRAUNINNU á Völlum. **Verð 32,9 millj.** 7488



LYNGMÓAR 3 - MEÐ BÍLSKÚR Falleg 113 fm 4ra til 5 herbergja ENDAÍBÚÐ á 2. hæð m/BÍLSKÚR í góðu 6 íbúða húsi í HJARTA GARDABÆJAR. Stórar svalir. Góð staðsetning. **Verð 28,7 millj.** 7250



LÆKJARGATA - Falleg 106,2 fm íbúð á 1. hæð m/stæði í bílag. 2 sv.herb. Skemmtilega hönnuð og vel með farin eign. **Verð 26,5 millj.** 7213



BADSVELLIR Fallegt, talsvert endurnýjað einbýli á einni hæð, ásamt bílskúr á mjög góðum stað í útjaðri bæjarinn. 4 svefnherbergi. **Verð 29,5 millj.** 7525



VÖRÐUSUND - GRINDAVÍK 167,4 fm atv.húsnæði, fullbúin að utan og tilb. til innréttinga að innan. **Verð 16,0 millj.** 9650



GUNNARSSUND - LAUST STRAX Fallegt 127 fm einbýli á frábærum stað í miðbæ Hfj. 3 sv.herb. Verönd, svalir og fallegur garður. **Verð 32,4 millj.** 7051



ÖLDUSLÓÐ - EFRI HÆÐ Í TVÍBÝLI 3ja til 4ra herb. risibúð með fallegu útsýni. Eignin er 72 fm en er mun stærri þar sem töluvert er undir súð og einnig er mikil sameign. **Verð 19,0 millj.** 7397



SUÐURBRAUT Rúmgöð 112,3 fm endaíbúð á 3. hæð. 3 sv.herb. Hús nýlega víðgert að utan. Frábært útsýni. **Verð 24,3 millj.** 7065



BURKNAVELLIR - Sérlega falleg 91,7 fm íbúð á 3. hæð á góðum stað. 2 sv.herb. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu. **Verð 23,0 millj.** 7100



SUÐRHÓP 1- FYRIR 50 ÁRA OG ELDRÍ 123,9 fm 3ja herb. ENDAÍB. Á 2. h. STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU í nýl. glæsilegu LYFTUHÚSI. **Verð 27,2 millj.** 7500



STAÐARSUND - GRINDAVÍK - 3 BIL EFTIR Ný 100 fm atvinnubíl, með mögulegt 40 fm milliloft. Stórar innkeyrsludyr, hiti í gólf, mikil lofthæð. Afhendist strax. **Verð frá 11,5 millj.** 9644



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmuili 7 • 108 Rvk

535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Daði Már Kristófersson Hagfræðistofnun HÍ og Erna Bjarnadóttir Bændasamtökum Íslands

Fundarstjóri: Haraldur Benediktsson
Allir velkomnir



Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

- Vatnsvinnsla við Hólmkelsá, fyrir Ríf, Snæfellsbæ
- Djúpborun við Kröflu, Skútustaðahreppi

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærefrestur til **24. júní 2008**.

Skipulagsstofnun



Kísilverksmiðja í Helguvík, Reykjanesbæ

Mat á umhverfisáhrifum - Athugun Skipulagsstofnunar

Tomahawk Development hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um framleiðslu kísils í Helguvík.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 27. maí til 8. júlí 2008 á eftirtöldum stöðum: Á bókasafni Reykjanesbæjar og í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Tomahawk Development: www.tomahawkdevelopment.dk.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **8. júlí 2008** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun



HVAÐ UNGUR NEMUR Rannsóknirnar verða á lífi og lífsskilyrðum barna, unglinga og ungmenna.

Ný Rannsóknarstofa í barna- og æskulýðsfræðum

Við Kennaraháskóla Íslands verður stofnuð rannsóknarstofa í barna- og æskulýðsfræðum í dag. Að stofunni stendur hópur einstaklinga með bakgrunn í mörgum greinum félagsvísinda-, uppeldis- og menntunarfræða og hugvísinda sem sameinast um rannsóknir á sviði stofunnar.

Undirbúning hafa annast Gestur Guðmundsson, prófessor í félagsfræði, Guðrún Kristinsdóttir, prófessor í uppeldisgreinum og velferð barna, og Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor og umsjónarmaður námsleiðar í tómsundafræði.

Rannsóknarstofa í barna- og æskulýðsfræðum (BÆR) hefur frumkvæði að og sinnir rannsóknum á lífi og lífsskilyrðum barna, unglinga og ungmenna þar sem menntun og uppeldi eru séð í heildrænu samhengi einstaklings og samfélags.

Rannsóknir stofunnar hverfast um hnattræna og staðbundna bernsku- og æskulýðsmenningu, félagsleg ferli og þátttöku barna og unglinga í mótun eigin lífs og hinna ýmsu samfélagssviða. Þær lúta einnig að þróun og störfum fagstétta á þessu sviði. Menntarannsóknir hvíla á breiðum grunni

þekkingar og sækja hana meðal annars til hug- og félagsvísinda, einkum þeirra alþjóðlegu vettvanga sem orðið hafa til undir merkjum bernskurannsókna og æskulýðsrannsókna. Meginsjónarhorn stofunnar eru slíkar þverfaglegar nálganir. Verkefni snúa að tengslum samfélags og menntunar, uppeldishlutverki menntunar og lífsgæðum, velferð og öryggi barna og unglinga og miða að því að efla styrk, völd, jafnrétti og samfélagslega þátttöku þeirra, meðal annars með því að rannsaka hagsmunatengsl og stöðu jaðarhópa.

Margar fagstéttir starfa á sviði bernsku- og æskulýðsmála hjá ríki, sveitarfélögum og félagsamtökum. Þátttakendur í rannsóknarstofu í barna- og æskulýðsfræðum eiga samstarf við fjölmarga aðila meðal fagstétta á sviði bernsku- og æskulýðsmála hjá ríki, sveitarfélögum og félagsamtökum og eru virkir í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi. Það er ekki síst ætlun stofunnar að efla og treysta slík tengsl. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá forsvarsmönnum.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Kristinsdóttir, prófessor við Kennaraháskóla Íslands.

Fyrsta garðgangan

Garðyrkjufélag Íslands stendur fyrir fyrstu garðagöngu sumarsins miðvikudaginn 28. maí, frá kl. 20 til kl. 22.

Formaður félagsins, Vilhjálmur Lúðvíksson, býður félagsmönnum að skoða vorskóginn vakna í eigin sumarhúsalandi.

Mæting við Hafravatn kl. 20 við hliðið í Brekkukoti sem er merkt

með blöðrum. Hægt er að komast að Hafravatni bæði frá Vesturlandsvegi við hringtorgið fyrir framan Bauhaus og einnig af Suðurlandsvegi við Geitháls og beygja inn á Hafravatnsveg við Dalland. Félagið hefur staðið fyrir garðgöngum til fjölda ára og hefur á þeim tíma skoðað ýmsa fjölbreytta og áhugaverða garða.

„...fyrst á visir.is“



VISIR.IS

...ég sá það á visir.is



LINDIR

OPNUM EFTIR

3 DAGA

Skapandi efnisveitur Ráðstefna SARE í KHÍ 28. maí 2008

09:00 – 09:15 – Setning. Kristín Dýrfjörð formaður SARE

09:15 – 10:45

Sögulegt yfirlit um *ReMidur* og *Reggio netværk*, um mögulega aðkomu sveitafélaga.

Karen Eskesen, formaður danska Reggio Emilia netsins.

Hugmyndafræði *ReMidu* – skapandi efnisveitu.
Rita Willum – Framkvæmdastjóri *ReMidu* Randes.

Fyrirlestur Ritu og Karenar er á ensku.

11:15 – 12:00

„Hringur Lífsins“ Við getum ekki verið án náttúrunnar en það er líka erfitt að ímynda sér heim án hátækni. Er hægt að blanda saman vistvænu samfélagi við fjöldaframleiðslu og hátækni þróun?

Georg Hollander – leikfanga- og þúsundþjalasmiður.

12:00 – 13:30 – Hádegismatur

13:30 – 16:30 – Smíðjur

Fótanuddtæki fæst gefins - gegn því að vera sótt!

Arnar Yngvarsson leikskólakennari, Iðavelli Akureyri

Hringur lífsins

George Hollander þúsundþjalasmiður, Öldu í Eyjarfjarðarsveit

Stelpa sem át allt þar til út úr henni valt
Kristín Dýrfjörð leikskólakennari og formaður SARE

Hvað er þetta? Hvað viltu að þetta sé?
Michelle Sonia Horne leikskólakennari, Stekkjarási Hafnarfirði

Grænar endur
Halla Dögg Önnudóttir og Edda Ýr Garðarsdóttir myndlistamenn,
leikskólanum Sæborg Reykjavík

Endurreisn hlutanna
Ilmur María Stefánsdóttir myndlistamaður

Skráning og frekari upplýsingar á www.congress.is

GÍTARINN
HLJÓDFÆRAVERSLUN

Stagg

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,
Auka Strengjasett,
eMedia geisladiskur.

Kr. 14.900

Fáanlegir Litir:
Viðarlitaður,
Sunburst,
Svartur,
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125
www.gitarinn.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

STUÐ MILLI STRÍÐA Matur er mannsins megin

VIGDÍS PORMÓÐSDÓTTIR ER SÍSVÖNG



Merkilega stór hluti af þeim auglýsingum sem við rekumst á á daglegu vafri okkar um fjölmiðlalöndin reynir að selja okkur matvæli. Það er svo sem ekkert svo undarlegt í sjálfu sér; við gætum vissulega verið án ýmissa þeirra hluta sem taka upp pláss í lífi okkar; en það er ómögulegt að komast hjá matarneyslu án þess að hljóta á endanum dapurleg endalok.

Með tilliti til þessa getur verið gaman að velta matarauglýsingum eilítið fyrir sér. Það er vitað mál að smekkur manna er misjafn þegar kemur að matarmálum eins og

öðrum og því er ljóst að það sem einum þykir girnilegt getur næsta manni þótt í hæsta máta fráhrindandi. Þó eru jafnframt viss matvæli sem allir geta verið sammála um að eru freistandi; pitsauglýsingar eru gott dæmi um slíkt. Nærmyndir af brakandi fersku grænmeti, tómatsósu og niðursneiddu pepperóni eru frískandi og ættu að höfða til flestra sem á annað borð kunna að meta þessar matartegundir. En lykillinn að vel heppnari pitsauglýsingu er osturinn og þá aðeins eftir að pitsan er komin úr ofninum. Bráðinn ostur er hvatinn sem fær viðskiptavini til þess að lyfta upp tólinu og hringja. Ef bráðinn ost vantar í pitsauglýsingu þína munt þú engar

pitsur selja, svo einfalt er það.

Erfiðara er að auglýsa kjöt og þá sérlega rautt kjöt. Blóðug stykkinn minna okkur óþyrmilega á eigin dauðleika, sem eru líkast til hugsanatengsl sem auglýsendur vilja forðast eins og heitan eldinn. Í ljósi þessa er merkileg sú ákvörðun verslanakeðju nokkurrar að klæða útibú sín stærðarinnar auglýsingum sem flestar eru nærmyndir af hráu eða lítt elduðu kjöti, svo stórar að hver fruma í kjötstykkjunum er á stærð við hnefa manns. Líklegt er að þeir viðskiptavinir sem haldið hafa tryggð við keðjuna eftir útlitsyfirlinguna séu þeir fáu sem eru alveg óhræddir við að horfa inn á við.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÁDEILA Verk Banksy eru ekki allra, en seljast þó dýrum dómum.

Banksy laðar að gestina

Í Lundúnum eru mörg góð, stór og virðuleg söfn sem hýsa verk eftir suma af þekktustu myndlistarmönnum sögunnar. Tvö þeirra eru Tate Britain, sem 4.600 manns heimsækja daglega, og The National Portrait Gallery, sem státar af svipaðri aðsókn, eða 4.400 manns daglega.

Í byrjun mánaðarins var þó opnuð myndlistarsýning á heldur óvenjulegum stað sem dró að sér fleiri daglega gesti en söfnin tvö hér að ofan samanlagt. Götulista-maðurinn umdeildi Banksy skipulagði stóra sýningu á verkum eftir sjálfan sig og aðra í niðurníddum neðanjarðargöngum. Sýningin sló þegar í stað í gegn; opunarhelgina sóttu hana heim um 9.500 manns á dag. Vel má vera að óhefðbundin umgjörð sýningarinnar hafi gert sitt til þess að laða gesti að þar sem engar reglur giltu um umgengni við listaverkin; þannig greip innblástur um 500 sýningargesti sem fundu sig knúna til þess að bæta einhverju við verkin. Nokkrir gestir létu efnishyggjuna hlaupa með sig í gönur og tóku með sér heim myndskreyttar hurðir og annað sem hægt var að fjarlægja af sýningarstaðnum.

Götulistarsýningunni er nú formlega lokið, þó svo að verkin komi til með að lifa á veggjum neðanjarðarganganna í einhvern tíma enn. Eflaust varpa safnstjórar stóru listasafna Lundúna öndinni léttar enda ljóst að betra er að standa ekki í samkeppni við Banksy. Vinsældir hans eru ógurlegar. - vþ



SALURINN Hýsir afmælistónleika Samkórs Reykjavíkur.

Samkórinn þrítugur

Samkór Reykjavíkur fagnar þrjátíu ára starfsafmæli með tónleikum í Salnum í Kópavogi annað kvöld kl. 20. Kórinn var stofnaður árið 1978, en upphaflegt nafn hans var Kór Snæfellingafélagsins í Reykjavík og síðar Snæfellingakórinn í Reykjavík. Árið 2004 var nafninu síðan breytt í Samkór Reykjavíkur. Á tónleikunum í Salnum mun kórinn líta yfir farinn veg og flytja lög bæði gömul og ný sem hafa verið kórnum kær á þessum þrjátíu árum. Stjórnandi kórsins er Keith Reed. Miðaverð er 2.000 krónur en eldri borgarar, öryrkjar og námsmenn fá miðann á 1.800 krónur. - vþ

Framandi menning á fjöllum Kassans

Samískt leikhús er sannarlega ekki tíður gestur í hérlendu menningarlífi, en annað kvöld verður bót þar á. Þá verður hin óvenjulega og rómaða samíska leiksýning „Sá hrímhærði og draumsjáandinn“ sett upp á sviðinu Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Samíska farandleikhúsið Beivváš stendur að sýningunni, en leikstjóri hennar og listrænn stjórnandi er Haukur J. Gunnarsson.

Sýningin einkennist af myndrænni fegurð, formfestu í umgjörð og íðilfögnum búningum, sem og sérstæðum hljóðheimi sem vinnur með hina samíska joik-sönghefð. Hreyfingar leikaranna fimm sem flytja verkið eru unnar á grunni hins japanska Noh-leikhúss og er sýningin því skemmtilegur samruni ólíkra menningarhefða. Verkið ætti að höfða til allra þeirra sem hafa áhuga á að kynna sér framandi listform og kynnst nýjum menningarheimum; í því mætast ljóðlist, myndlist, tónlist, dans og leiklist í nokkurs konar



DRAUMAR OG RAUNVERULEIKI Frá sýningunni „Sá hrímhærði og draumsjáandinn“.

draumleik sem getur veitt magnaða og óvenjulega reynslu. Verkið er flutt á samísku, en þar sem tiltölulega fáir Íslendingar skilja

það tungumál er enskum texta varpað jafnóðum á vegg sýningarrýmisins.

Beivváš-leikhúsið starfar í Kautokeino, einni af stærstu byggðum Sama í Noregi. Starfsemi þess hófst árið 1981 en síðan 1993 hefur það verið þjóðarleikhús Sama í Noregi og notið stuðnings þarlandra stjórnvalda. Markmið leikhússins er að efla samíska menningu með því að setja upp leiksýningar á samísku, kynna menningu Sama í Noregi og á erlendri grundu og efla þannig skilning og tengsl milli ólíkra menningarheima. Leikhúsið er meðal annars þekkt fyrir myndrænar og sterkar sýningar, þar sem búningar byggðir á samískum hefðum og notkun á snjó og ís hafa meðal annars vakið athygli. Miðaverð á sýninguna er stillt í hóf; miðinn kostar 2.500 kr. En vakin er athygli á því að aðeins er í boði þessi eina sýning annað kvöld og því er vissara að tryggja sér miða fyrr en síðar. - vþ

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Til að framkvæma þarf að kunna.

• Brynjar Þór Þorsteinsson

Viðskiptafræðingur frá viðskiptadeild



10 JÚNÍ
RENNUR
UMSÓKNAR-
FRESTURINN
ÚTI

WWW.BIFRÖST.IS

BS nám í viðskiptafræði

STAÐNÁM, FJARNÁM OG NÁM Á ENSKU

Í BS námi í viðskiptafræði eru öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta kenn. Námið er alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Lögð er áhersla á hópstarf og verkefnavinnu í nánum tengslum við fyrirtæki og stofnanir. Fjölbreytt viðfangsefni og virkt samstarf nemenda og kennara tryggja nemendum fyrsta flokks undirbúning fyrir ábyrgðarstöður í íslensku

atvinnulífi. Við deildina kenna innlendir og erlendir sérfræðingar úr atvinnulífinu, öflugt menntafólk og rannsakendur sem miðla nemendum af viltækri reynslu sinni, menntun og þekkingu.

Velja má að stunda námið í Háskólanum á Bifröst eða í fjarnámi samhliða vinnu með vinnuhelgum á Bifröst. Framsæknum nemendum stendur nú jafnframt til boða að taka allt námið á ensku. Allar nánari upplýsingar er að finna á bifröst.is.

ENNEHM / SIA / NM3379

FRUMGREINADEILD

- Staðnám
- Fjarnám

VIÐSKIPTADEILD

- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGADEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDAEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

> STRIPP FYRIR ALLA

Carmen Electra ætlar sér stóra hluti í því að strippvæða heiminn. Hún hefur gefið út kennslumyndbönd í strippi sem líkamsrækt og nýjasta nýtt úr herbúðum hennar er ferðastrippsúla sem hægt er að skella upp hvar og hvenær sem er. „Þú getur sett hana í stofuna eða æft þig í svefnherberginu,“ segir fyrrverandi Baywatch-gellan, sem er yfir sig ánægð með vöruna.



fólk

folk@frettabladid.is

Vilja banna Indiana Jones

Meðlimir kommúnistaflokksins í St. Pétursborg í Rússlandi hafa fordæmt nýjustu Indiana Jones-myndina. Þeim finnst myndin uppfyll af and-sovískum áróðri sem gefi brenglaða mynd af sögunni og krefjast þess að myndin verði bönnuð í landinu.

Myndin gerist árið 1957 og fjallar um fornleifafræðing leikinn af Harrison Ford sem á í kapphlaupi við illan liðsmann sovésku leyniþjónustunnar KGB, leikinn af Cate Blanchett, um að finna hauskuðu með dularfulla krafta. „Við sigruðum Hitler ásamt Bandaríkjunum og við vorum full samúðar þegar Bin Laden réðst á þá. Samt ákveða þeir að hræða krakka með kommúnistum. Þetta fólk kann ekki að skammast sín,“ sagði Viktor Perov, meðlimur kommúnistaflokksins. „Okkar konur líta ekki út eins

og nasistar en kannski var Cate Blanchett hrædd við að verða atvinnulaus og ákvað því að leika í þessari mynd.“

Myndin var frumsýnd í Rússlandi á fimmtudag í 808 bíósólum, sem er stærsta frumsýning Hollywood-myndar í landinu til þessa. „Harrison Ford og Cate Blanchett eru annars flokks leikarar og strengjatrúður CIA (bandarísku leyniþjónustunnar). Við verðum að banna þessu fólk að koma til landsins,“ sagði annar meðlimur Kommúnistaflokksins.

INDIANA JONES Fjórða myndin um fornleifafræðinginn Indiana Jones fellur ekki í kramið hjá kommúnistum í Rússlandi.



CATE BLANCHETT
Cate Blanchett leikur liðsmann sovésku leyniþjónustunnar KGB í myndinni.

Stoppar stutt við

Goðsögnin Bob Dylan, sem spilar í nýju Laugardalshöllinni í kvöld, lenti á Íslandi í gærkvöldi á einkaflugvél sinni með þrjátíu manns með í för og hátt í fimm tonn af græjum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins gista kappinn og hljómsveit hans saman á hóteli í miðbænum en aðstoðarmenn hans verða á öðru hóteli. Fljúga þeir síðan af landi brott í kvöld, strax eftir tónleikana.

Dylan hélt upp á 67 ára afmælið sitt á laugardag og heldur því sína aðra tónleika á ævinni í kvöld sem löggilt gamalmenni, en á afmælisdeginum spilaði hann á Nýfundnalandi. Um sex þúsund miðar hafa selst á tónleikana en alls eru átta þúsund miðar í boði og því ljóst að ekki verður uppselt á Dylan.



BOB DYLAN Goðsögnin Bob Dylan heldur sína aðra tónleika hér á landi í kvöld.

Síðustu tónleikar kappans hér á landi voru í Laugardalshöll árið 1990 á Listahátíð í Reykjavík. Á tónleikunum í kvöld verður Dylan með dúndurband með sér, sömu menn og spiluðu inn á nýjustu hljóðversplötuna hans, Modern Times.

Eurovision-stuð að eilífu

Páll Óskar hélt sitt árlega Eurovision-partí á Nasa með pomp og prakt á laugardagskvöldið. Þrátt fyrir að Ísland hafi ekki verið meðal efstu þjóða í ár var stemningin rífandi góð og ekki versnaði hún þegar Eurovision-stjórnur landsins stíga á svið.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

GLAUMUR OG GLEÐI

Það var ekki annað að sjá en að gestir á Nasa væru upp til hópa í rífandi stuði á laugardagskvöldið, þrátt fyrir að enn mættum við biða eftir Eurovision-sigrinum. Páll Óskar stýrði veisluhöldum af alkunnri snilld, söng sjálfur fyrir gesti og bauð til sín nokkrum skærustu Eurovision-stjörnum landsins, eins og þeim Helgu Möller, Selmu Björnsdóttur og Birgittu Haukdal.



Rífast um bón um sæðisgjöf

Það lítur ekki út fyrir að nokkurt lát verði á erjum hjónanna fyrrverandi Denise Richards og Charlie Sheen í brád. Nýjasta þrætuþli þeirra er tölvupóstur sem Sheen heldur því fram að Richards hafi sent núverandi kærustu hans, Brooke Mueller árið 2006, eftir að Sheen og Richards voru skilin. Efni meints tölvupósts hefur vakið töluverða athygli í fjölmiðlum ytra, en þar biður Denise nýju kærustu Sheen um leyfi til að fá sæði úr honum til að eignast barn.

Denise Richards þvertók fyrir að hafa sent slíkan tölvupóst í viðtali við Matt Lauer hjá The Today Show á dögunum. „Þetta er upp-diktaður póstur... Ég myndi aldrei senda kærustunni hans tölvupóst,“ sagði Denise og benti á að hún hefði ekki heldur þurft að sækja vatnið yfir lækinn þar sem hún átti í ástarsambandi við Richie Sambora á þessum tíma. „Ef ég hefði viljað sæði úr einhverjum hefði ég beðið Richie,“ segir Richards, og

bætir um betur. „Það sem Charlie veit ekki er að á þeim degi sem þessi póstur á að vera sendur fékk ég að vita í gegnum lækni móður minnar að hún ætti tvo til sex mánuði eftir ólifaða. Ég var ekki að hugsa um að verða ólétt, sérstaklega ekki eftir fyrrverandi eiginmann minn,“ segir Richards.

Sheen heldur þó fast við sína hlið málsins og sendi frá sér yfirlýsingu þar sem segir að ásakanir Richards um að tölvupósturinn sé uppspuni eða hafi verið breytt séu fátíðar. „Bara sú staðreynd að hún haldi áfram að tala um og áreita mig og Brooke þremur árum eftir skilnaðinn, sem er líka lengri tími en lengd hjónabandsins, lýsir örvæntingu og segir sitt,“ segir hann.

ÓSÁTT Charlie Sheen og Denise Richards eru ekki þar sátt hvort við annað, en hjónin fyrrverandi þræta nú um meintar tölvupóstsendingar Richards til kærustu Sheen.



Sumarbúðirnar Ævintýraland
Nú er óðum að fyllast!
Upplýsingar á
www.sumarbudir.is
og skráning í.
Síma 551 9160



Sumarbúðirnar sem krakkarnir velja!

Leikskólakennarafræði B.Ed.

Áhugavert nám sem býður upp á tækifæri til að hafa áhrif á mótun nýrra kynslóða. Áhersla á sköpun og þverfaglegt nám.

MENNTAVÍSINDASVIÐ

www.khi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Umsóknarfræstur er til **5. júní** / Skráning og upplýsingar á www.khi.is



STEINN STEINNARR

VIÐ HEIÐRUM MINNINGU MEISTARANS

Í tví
í tvíft
býr trú
Og mér
um svó

Og mér
hvert s
í tvíft
má trú

Og þú
og trú
ort all
að trú

En eins
hvað
að ef þ
þott un

Blóm
Ég hef fund
í þessum
spátt dæðum
þessum ljóðum
yfir blóm min.

Gamalt lag

Ég sé þig enn er sóttur ágrýnt,
Og sveitir fyllost endurmerðu lífi.
Þú varst og ert min hjartans heiladís,
Þú heimur kaldur brjóst mitt sundur rífi.

Ég sé þig enn er sólin kveður dag,
Og söngur kvíðsins glatt um strætin hljóma.
Þú kemur ein og mildast ljúfinglag
um ljúfna þín og hjartans dýptu óma.

Ég sé þig enn er sólin kveður dag,
Og söngur kvíðsins glatt um strætin hljóma.
Þú kemur ein og mildast ljúfinglag
um ljúfna þín og hjartans dýptu óma.

Grautur og brauð

Þeir börðust, þeir börðust um brauð og grautinn,
Því brauð og grautur er mannanna fæða.
Þeir lituðu, þeir stáku, þá hákkjótt sé brautin
að hamingjuljóð vorra jarðnesku gæða.
Og einn fékk þar of litlu og annar meira en nóg,
og einn lést af fyltu, ein hinn ur sultu dó,
að ríða síka gætur mörum þyngru brautin,
þannig hljóðar sagan um brauð og grautinn.

TÓNLEIKAR

Listahátíð í Reykjavík, Íslensku óperunni: 29. og 30. maí
Ísafjörður, Edinborgarhúsinu: 4. júní

Akureyri, Akureyrarkirkju: 12. júní

Eskifjörður, Fjarðabyggð, Kirkju- og menningarmiðstöðinni: 19. júní

Forsala aðgöngumiða á www.midi.is

Andvak

Á bak við þig
í þögn og mál,
Og inn í þús þús ómurlugu kyrr
kom aldrei neinin.

En tíman læddist fram hjá, rykt af svæti
með líkall,
Og dauði mátti
í huga þínu.

Og hugsun sjálfs þín bytti sér og brann
sem barnvænt eltur djúpt í þinni sál.
Þú bærdir vör, til einskis, angot þín
fékk aldrei máli.

Nei, þjáning þín bar atværi ávöxt neinin,
og engin tí gangi hafði lífs þíns nauð,
Hún læddist í þessu þjarna þínu
þung og dauð.

Mannkynssaga

Útan þess mannsins facti
veit stöva úr stað,
Og stöðinn hélt áfram að velja,
vestu það?

Og sjó þúndrum árum síðar
kom Ghagga Ghú,
Um Ghagga Ghú finnst hvergi
nein heimilidinu.

Og sjó þúndrum árum síðar
komst þú, komst þú.

Utan hringins

Ég geng í hring
í kringum allt, sem er.
Og minn þessa hring
er veröld þín.

Min skuggi féll um stund
á gluggans gler.

Ég geng í hring
í kringum allt, sem er.
Og utan þessa hring
er veröld mín.

Vorvís

Hægur andvari
húmbárrar nætur
um hug minn fer.

Ást mína og hamingju
enginn þekkir
og enginn sér.

Og ljóð mitt ber samskonar
svip og það,
sem ekki er.

 **Hlustaðu á lögin Blóm í flutningi KK og Í tvílyftu timburhúsi í flutningi Steina í Hjálmmum ókeypis á www.baekur.is**



GEISLADISKUR

Ferð án fyrirheits er yfirskrift tónleika og geisladisks. Tónleikar verða á Listahátíð í Reykjavík tvö kvöld í röð, 29. og 30. maí. 4. júní verða tónleikar á Ísafirði, 12. júní á Akureyri og 19. júní á Eskifirði. Í ár eru liðin 100 ár frá fæðingu Steins Steinars og er nafnið, Ferð án fyrirheits, sótt í eina af ljóðabókum hans. Söngvararnir KK, Ellen Kristjánsdóttir, Helgi Björnsson, Þorsteinn Einarsson (úr Hjálmmum), Hildur Vala Einarsdóttir og Svavar Knútur Kristinsson (úr Hrauni) flytja lög sem samin hafa verið við kvæði skáldsins. Nýju lögin á geisladisknum semja Jón Ólafsson og Sigurður Bjóla.



er stoltur styrktaraðili þessa verkefnis

Cortes með 150 manns í New York

„Við erum nokkrir kórar, um það bil 150 manns, sem munum flytja Carmina Burana í Carnegie Hall 14. júní næstkomandi,“ segir Ásrún Davíðsdóttir sem er í stjórn Óperukórsins, um fyrirhugaða tónleika í einu þekktasta tónleikahúsi veraldar í dag. „Þetta er í annað sinn sem Gardari býðst að stjórna kórtónleikum í Carnegie Hall en hann er fyrsti og eini Íslendingurinn sem hefur stjórnað tónleikum þar,“ segir Ásrún en fyrir fjórum árum stjórnaði Gardar yfir 300 söngvurum sem fluttu Elijah eftir Mendelssohn í aðalsal hússins.

Ásrún segir æfingar hafa gengið ótrúlega vel þrátt fyrir fjöldann sem mun fara utan, „Kórarinn hafa æft hvor í sínu lagi í vetur en fyrir mánuði var byrjað að æfa

saman. Endaspretturinn var svo um helgina þar sem allir komu saman í æfingabúðum í Söngskólunum í Reykjavík,“ segir Ásrún og bætir við að hópurinn muni einnig syngja í byggingu Sameinuðu þjóðanna 12. júní og flytja þar íslenskt efni.

Sérstakir upphitunartónleikar verða haldnir fyrir ferðina og mun Íslendingum því gefast kostur á að hlýða á verkið áður en hópurinn heldur vestur um haf. „Við höldum tónleika í Langholtiarkirkju 1. júní klukkan 20 og 21 og svo stefnum við á að vera með miðnætur-tónleika sama kvöld, en einsöngvarar verða Sigrún Hjálmtýsdóttir, Bergþór Pálsson og Þorgeir Andrésson. Þetta verður fjáröflun fyrir ferðina en í leiðinni mjög góð æfing,“ segir Ásrún.



STJÓRNAR TÓNLEIKUM Í ANNÐ SINN Í CERNEGIE HALL Carmina Burana verður flutt undir stjórn Gardars Cortes í New York 14. júní.

Nytt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★ ★ ★ ★ 1/2 SV MBL

★ ★ ★ ★ ★ - V.J.V., Topp5.is / FBL

★ ★ ★ ★ 1/2 SV MBL

★ ★ ★ ★ ★ - V.J.V., Topp5.is / FBL

| | | |
|---------------------------|----------------------|----|
| INDIANA JONES 4 - POWER | kl. 4.30, 7 og 10 | 12 |
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10.10 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 og 6 | 7 |

SAMBIO

FRÁBER ROMANTÍSK ÖRLÖGASAGA

TELJAFÓTLA GOLDEN GLOBE VINDUÐA

| | | |
|-------------------------|-------------------------|-----|
| INDIANA JONES 4 DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN THE TIME OF... | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| NIM'S ISLAND | kl. 5:30 | L |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:30 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 | 16 |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:40 | 12 |

| | | |
|-----------------|---------------|----|
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| DEFINELY MAYBE | kl. 8 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:30 | L |

| | | |
|-----------------|-----------|----|
| IRON MAN | kl. 5:40 | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 | 12 |
| NIM'S ISLAND | kl. 6 - 8 | 12 |

| | | |
|-------------------|---------------|----|
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MADE OF HONOR | kl. 8 | L |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:10 | 12 |

INDIANA JONES 4 DIGITAL kl. 6:30D - 9D - 10D 12

NEVER BACK DOWN kl. 11:30 14

NIM'S ISLAND kl. 6 - 8 L

U2 3D 3-D DIGITAL kl. 11:40/3D L

IRON MAN kl. 6:30 - 9 12

NÝTT Í BÍÓ!

★ ★ ★ ★ ★ „Hasar, breiur og gott grín“ - S.V. MBL

★ ★ ★ ★ ★ „Trú forezrum sínum og er kærkomin viðstíu“ þessa mögnuðu seríu. Meir en 600 þúsund að bíói um.“ - V.J.V., Topp5.is

★ ★ ★ ★ ★ „Bíóið var þess virði“ - F.B.S., Film.is

★ ★ ★ ★ ★ „Ljálfr endurlundur“ - P.H.P.O.V.

★ ★ ★ ★ ★ „Þráskemmtill mynd um bárráttu kynjanna. Hómórotinn misir stjórnan mark.“ - V. Jónsson.

★ ★ ★ ★ ★ Stendur í þáttum undir væntingum... - K.H.G., DV

★ ★ ★ ★ ★ „Þraggöður skemmtibíli sem hefur ástíðinni fullkomlega“ - S.V. MBL

FÖR BEINT Á TÖPPINNI Í BANDARÍKJUNUM!

ÖSKUR BERA ENGAN ÁRANGUR!

HAROLD OG KUMAR ERU MÆTTIR AFTUR!

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

| | | |
|-------------------------------|----------------------|--------------|
| INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| INDIANA JONES 4 LUXUS DOLBY D | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | 21 |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10:15 | 7 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | 5% |
| BUBBI BYGGIR Í VILTA VESTRINU | kl. 4 | 5% |
| HORTON | kl. 4 | ISLENSKT TAL |

REGNBÖGINN Sími 551 9000

| | | |
|-------------------------------|----------------------|-----------------|
| KICKIN IT OLD SKOOL | kl. 5:40 - 10:20 | 7 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GR | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| 21 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| BRÜGGUMINN | kl. 6 | ISLENSKUR TEXTI |

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

| | | |
|-----------------------|----------------------|-----------------|
| INDIANA JONES 4 | kl. 6 - 8:30 - 11 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | 21 |
| STREET KINGS | kl. 10:30 | 16 |
| BRÜGGUMINN | kl. 6 | ISLENSKUR TEXTI |
| BEYOND THE VOID | kl. 8 | 7 |

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

| | | |
|-------------------------------|----------------------|----|
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GR | kl. 6 - 8 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10 | 5% |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN A **midi.is**

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

Taka upp í Bandaríkjunum

Félagarnir Gunnar Valdimarsson og Skúli Helgason hafa stofnað upptökufyrirtækið Niceland Productions á Flórída. Eftir að hafa stundað nám við sama skóla í ríkinu án þess að vita hvor af öðrum hittust þeir á endanum og ákváðu að starfa saman.

„Þetta hefur gengið alveg fínt. Við erum ekki enn sem komið er að vinna í þessu eingöngu en það kemur að því vonandi. Við erum búnir að vera heppnir og höfum unnið með mörgum skemmtilegum karakterum hérna eins og Scott Hays. Hann hefur unnið með alls konar hljómsveitum og tónlistarmönnum eins og 50 Cent, Eminem og Blue Man Group,“ segir Gunnar, sem er útskrifaður úr kvikmynda- og hljóðupptökunámi sínu. „Hann vann með okkur í að „mixa“ lag fyrir The Ones sem er íslensk hljómsveit sem ég var að spila með þegar ég bjó heima. Það var mikill heiður að fá hann til að hljóðblanda þetta lag með okkur. Það kom þannig til að hann var að kenna hljóðblöndun í Full Sail University þar sem ég og Skúli vorum báðir. Honum leist svo vel á það sem við vorum að gera að hann sló til.“

Á leiðinni til Montana
Skúli, sem lýkur innan skamms sínu hljóðupptökunámi, bætir því við að þeir félagar ætli á næstunni að flytja sig um set á kaldari slóðir í Montana þar sem þeir munu starfa í hljóðverinu SnowGhost. „Það verður mjög spennandi og bætir eflaust í reynslubankann fyrir Niceland Productions. Þeir taka upp alls konar tónlist og voru seinast að



GUNNAR OG SKÚLI Félagarnir Gunnar Valdimarsson og Skúli Helgason hafa stofnað upptökufyrirtækið Niceland Productions.

vinna með Death Cab for Cutie,“ segir hann.

Íslendingar í heimsókn
Þeir félagar hyggjast starfa áfram í Bandaríkjunum og hvetja íslenska tónlistarmenn til að kíkja í heimsókn. „Við hvetjum íslenskar hljómsveitir til að hafa samband við okkur ef áhugi er fyrir því að koma til Bandaríkja-anna og taka upp lög eða myndbönd. Það ætti ekki að flækjast fyrir mönnum þar sem Icelandair er með loftbrúna enn í gangi,“

segir Skúli og telur líklegt að þeir haldi áfram með starfsemina þegar þeir flytja heim, hvænær sem það verður. „Við höfum t.d. tekið svoltið eftir því að það er ekki lagt eins mikið í hljóð við kvikmyndir heima eins og hér og það er ekki útilokað að maður reyni að miðla reynslu sinni á því sviði þegar maður kemur heim.“

Nánari upplýsingar um Niceland Productions má sjá á heimasíðunni www.nicelandproductions.com.

frey@frettabladid.is

Lifandi goðsögn í Háskólabíói

Það mátti greina það á áhorfendum í Háskólabíói á laugardagskvöldið að þar fór fram stærsti djassviðburður ársins. Það ríkti mikil eftirvænting í andyrinu fyrir tónleikana og djasstónlistarmenn voru margir meðal áheyrenda.

Rétt rúmlega níu gekk Wayne Shorter inn á sviðið ásamt meðspilurum sínum þeim John Patitucci bassaleikara, Danielo Perez píanóleikara og Brian Blade trommuleikara. Shorter verður 75 ára í ágúst nk. og er búinn að vera að spila djass í hálfu öld, m.a. í hljómsveit Miles Davis frá 1964-1970 og með Weather Report á áttonda og níunda áratugnum auk ótal annarra verkefna. Hinir spilarnir eru mun yngri, þó að þeir eigi þegar að baki umtalsverð afrek í spilamennskunni. Í hugum margra er Wayne Shorter nátengdur rafdjass-bræðingnum sem var áberandi á áttonda áratugnum, en

kvartettinn sem spilaði í Háskólabíói var órafmagnaður - kontrabassi, flygill og trommuset ásamt tenór- og sópransaxófónum hljómsveitarstjórans.

Kvartettinn spilaði samfelt og án hlés í tæpar níutíu mínútur. Löginn voru tengd saman og úr varð samfelt flæði, dýnamískt og lifandi þar sem skiptust á lágværir kaflar og háværir, hraðir og hægari og allir hljóðfæraleikarnir fengu tækifæri til að sýna hvað í þeim bjó. Það er skemmt frá því að segja að þarna voru miklir snillingar á ferð sem allir sýndu stjórnutakta. Sérstaklega var ég heillaður af píanóleik Danielo Perez og svo tilþrífum Shorters sjálfs bæði á tenórinn og sópraninn. Shorter er ekkert að spenna sig um of í spilamennskunni, lætur tilfinninguna ráða og hefur skilning á því að stundum hafa fáar nótur meiri áhrif en margar.

Eftir hraustlegt upplapp kom

TÓNLEIKAR

Wayne Shorter Quartet

Listahátíð í Reykjavík Háskólabíói 24. maí

★ ★ ★ ★

Tónleikar Wayne Shorter og félagi í Háskólabíói á laugardagskvöldið voru vel heppnaðir. Níutíu mínútur af eðal spilamennsku.

kvartettinn aftur á svið og tók aukalag, tónleikagestum til mikillar ánægju. Wayne Shorter er einn af mestu meistrum djassheimsins og það var gott að sjá hve mikill áhuginn fyrir honum var. Uppsett var á tónleikana og áheyrendur virtust almenn glaðir með kvöldið. Þeim sem ekki fengu miða skal bent á að tónleikarnir voru hljóðritaðir og verða á dagskrá á Rás 1 á þriðjudagskvöldið.

Trusti Júlíusson

SPORT 2

Stórkostlegir heimildabættir um 10 bestu
knattspyrnumenn Íslands fyrr og síðar.
Öll þriðjudagskvöld í sumar.



10bestu
Pétur Pétursson

**FYRSTI ÞÁTTUR Á MORGUN KL 21:00
FYLGSTU MEÐ FRÁ UPPHAFI**

> Arnór Atla vann Eurovision-veðbankann

Það var ekki bara á Íslandi sem vel var fylgst með Eurovision á laugardag. Handboltlandsliðið horfði saman á keppnina í Madrid og skemmtu strákarnir sér að sögn konunglega. Þeir settu meira að segja upp veðbanka sem Eurovision-nörd hópsins, Arnór Atlason, vann með glæsibrag. Hann spáði Rússum sigri og var aðeins einu sæti frá því að spá rétt fyrir um örlög Eurobandsins. Arnór varð fyrir vikið einum 200 evrum ríkari. „Hann hafði greinilega einhverjar aðrar upplýsingar en við um gang mála í Belgrad,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari léttur.

sport
sport@frettabladid.is



ÍSLENSKA HANDBOLTALANDSLIÐIÐ: TAPAÐI ÖÐRU SINNI, 37-35, FYRIR SPÁNVERJUM Í VINÁTTULANDSLEIK

Sóknarleikurinn frábær en vörnin vandamálið

Íslenska landsliðið í handknattleik tapaði seinni æfingaleik sínum gegn Spánverjum í Madrid í gær, 37-35. Leikurinn var mjög fjórugur og jafn en íslenska liðið leiddi með einu marki í leikhliði, 22-21. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var nokkuð brattur þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Þessi leikur var alveg svakalega hraður eins og lokatölur og ekki síst hálfleikstölur gefa til kynna. Það var keyrð hróð miðja alveg miskunnarlaust. Við erum einu yfir í hálfleik og vorum í möguleika allan tímann en þetta ekki fyrir okkur. Spánverjarnir eru náttúrliga hrikalega sterkir og svo hjálpuðu spænskir dómamar leiksins lítið til,“ sagði Guðmundur en íslenska liðið flaug til Berlínar í gær og keyrði þaðan yfir til Magdeburgar, en þar mun liðið æfa fram að undankeppni Ólympíuleikanna sem fram fer í Wrocław í Póllandi um næstu helgi.

„Ég var mjög ánægður með sóknarleikinn í dag, sem var alveg frábær líkt og í fyrri leiknum. Við fáum þess utan ein fimmán mörk úr hraðaupppláupum eða hraðri miðju. Ég var ekki eins ánægður með varn-

arleikinn sem gekk alls ekki nógu vel að þessu sinni. Ég spilaði bæði 3-2-1 vörn og 6-0 vörn en hvorugt var að virka nógu vel. Spánverjarnir komust of mikið á línuna og fengu þá auðveld mörk eða vítaköst,“ sagði Guðmundur en markvarslan var talsvert betri í gær en á laugardag.

„Björgvin stóð sig mjög vel og það er í raun sorglegt að ná ekki sigri með 35 skoruðum mörkum og 17 vörðum boltum. Það ætti venjulega að duga til sigurs. En við tókum það jákvæða úr þessu og næstu dagar fara í að laga varnarleikinn hjá okkur,“ sagði Guðmundur en hann hafði ekki tekið ákvörðun um það í gær hvort hann ætlaði að gera breytingar á hópnunum.

Mörk Íslands: Guðjón Valur Sigurðsson 9, Snorri Steinn Guðjónsson 7, Ólafur Stefánsson 6, Arnór Atlason 3, Alexander Petersson 2, Vignir Svavarsson 2, Sturla Ásgeirsson 2, Róbert Gunnarsson 1, Einar Hólmgeirsson 1, Sigfús Sigurðsson 1, Bjarni Fritzon 1. Björgvin Páll Gústavsson varði 13 skot og Hreiðar Levý Guðmundsson 4.



Pálmi bjargaði veislu Valsmanna

Húsvíkingurinn Pálmi Rafn Pálmason sá til þess að Valsmenn gátu fagnað sigri í fyrsta leik sínum á nýjum heimavelli. „Eins og nokkrum tonnum hafi verið hent af bakinu á mér,“ sagði fyrirliði Vals eftir leikinn.

FÓTBOLTI Valsmenn opnuðu nýjan og glæsilegan völl í gær með mikilli veislu. Leikurinn gegn Fjölni var fjórugur og spennandi en heimamenn tryggðu sér sigur með marki á lokamínúturnum.

Valsmenn höfðu undirtökin í fyrri hálfleik. Bjarni Ólafur var kominn í miðvarðarstöðuna og dagsskipunin var greinilega að finna Birki Má á hægri kantinum. Það gekk ágætlega hjá Valsmönnum og Birkir átti finar rispur. Á tíðum voru langspyrnur Vals þó algjörlega óþarfar og of margar.

Fyrsta markið á Vodafone velliinum skoraði Helgi Sigurðsson þegar hann potaði boltanum inn úr vítateignum eftir aukaspyrnu sem send var inn í teig. Aukaspyrnudómurinn var umdeildur og voru gestirnir afar ósáttir með dóminn. Staðan í hálfleik var 1-0 fyrir heimamönnum.

Síðari hálfleikur fór rólega af stað. Fjölnismenn náðu undirtökunum og ógnuðu marki Valsmanna vel. Hornspyrna þeirra fór í slána og út en jöfnunarmark Fjölnis var einnig umdeilt. Hafþór Ægir Vilhjálmsson sá stjórnur þegar hann fékk skot beint í andlit. Hann lá óvígur eftir en ef um höfuðmeiðsl er að ræða stöðvar dómari leikinn yfirleitt strax. Það gerði hann ekki, Fjölnismenn héldu sókninni áfram, boltinn barst til Ómars Hákonarsonar sem skoraði úr teignum.

Fjölnismenn ætluðu sér greinilega að sækja til sigurs. Kjartan varði frábælega frá Ásgeiri Aroni áður en Pálmi Rafn skoraði sigurmarkið þegar Valsmenn voru einum færri. Baldur Bett fékk beint rautt spjald fyrir brot. Sigurmarkið kom undir lok leiksins og Vodafone völluminn ærðist af fögnuði. Heilt yfir hefði Fjölnir átt skilið að fá meira út úr leiknum en seigla Valsmanna var mikil og þeir hirtu öll stigin.



SÓTT AÐ MARKI Helgi Sigurðsson sendir hér fyrir Fjölnismarkið í leiknum í gær. Helgi átti finan leik en hann skoraði fyrsta markið á hinum nýja og glæsilega Vodafone-veli. Stúkan var þéttsetin og stemningin góð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFJAN

„Það var æðislegt að sjá boltann inni undir lokin,“ sagði Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Vals. „Mér fannst við vera betri í fyrri hálfleik en við duttum aðeins niður í þeim seinni. Það skall hurð nærri hælum við okkar mark en við bitum frá okkur og sýndum mikinn karakter í að vinna. Að vinna fyrsta heimaleikinn var fyrsta skrefið í því að gera þennan völl á gryfju,“ sagði fyrirliðinn sem hrósaði einnig Fjölnisliðinu fyrir góðan leik.

„Menn höfðu talað um að við töpuðum síðasta vígsluleik á Hlíðarenda og ofan á það spiluðum við illa í síðasta leik þar sem við töpuðum. Það var því fiðrildi í mag-

anum á mér fyrir leikinn en að ná að vinna er eins og að nokkrum tonnum hafi verið hent af bakinu á mér,“ sagði glaðbeittur Sigurbjörn.

Ásmundur Arnarson, þjálfari Fjölnis, var brattur í leikslök. „Það er engin skömm að tapa hér. Ég er nokkuð sáttur við frammistöðuna, við sýndum hörkuleik. Menn lögðu gríðarlega vinnu í þetta og við vorum ekki síðri aðilinn hér í dag. Ég hefði viljað fara með eitthvað út úr leiknum. Mörkin voru ódýrari og þeir fengu of mikinn tíma til að klára leikinn. Við vissum að við myndum ekki vinna alla leikina í sumar,“ sagði Ásmundur.

hjalti@frettabladid.is

| | | |
|-------|------------|---------|
| | 2-1 | |
| Valur | | Fjölnir |

Vodafonev., áhorf.: 1.714 • Einar Örn Danielsson (5)

1-0 Helgi Sigurðsson (41.)
1-1 Ómar Hákonarson (60.)
2-1 Pálmi Rafn Pálmason (84.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|----------------------|
| Skot (á mark) | 10-14 (5-5) |
| Varin skot | Kjartan 4 – Þórður 3 |
| Hörn | 7-4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12-13 |
| Rangstöður | 2-5 |

| VALUR 4-3-3 | FJÖLNIR 4-3-3 |
|-------------------------|--------------------------|
| *Kjartan Sturlus. 8 | Þórður Ingason 6 |
| Gunnar Einarsson 7 | Gunnar V. Gunnars. 5 |
| Atli Sveinn Þórarins. 5 | Kristján Hauksson 5 |
| Bjarni Ólafur Eiriks. 6 | Óli Stefán Flóventsson 6 |
| René Carlsen 6 | Magnús I. Einarsson 5 |
| Birkir Már Sævarsson 7 | Ágúst Gylfason 4 |
| Sigurbjörn Hreiðars. 6 | (83., Ólafur Johnsson -) |
| Baldur Bett 3 | Ásgeir Aron Ásgeirs. 6 |
| Pálmi Rafn Pálmason 6 | (89., Andri Ivarsson -) |
| Hafþór Ægir Vilhjálm. 5 | Gunnar Már Guðm. 7 |
| (65., Rasmus Hans. 5) | Ómar Hákonarson 6 |
| Helgi Sigurðsson 7 | Ólafur Páll Snorrason 6 |
| (83., Albert Ingason -) | David Rúnarsson 6 |
| | (70., Tómas Leifsson 6) |

*Maður leiksins

| | | |
|------|------------|---------|
| | 1-0 | |
| Fram | | Próttur |

Laugardalsv., áhorf.: 1.132 • Jóhannes Valgeirsson (7)

1-0 Hjálmar Þórarinnsson (12.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|---------------------------|
| Skot (á mark) | 4-17 (3-7) |
| Varin skot | Hannes 7 – Bjarki Freyr 2 |
| Hörn | 3-8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10-17 |
| Rangstöður | 0-2 |

| FRAM 4-4-2 | PRÓTTUR 4-5-1 |
|-------------------------|------------------------|
| Hannes Halldórsson 7 | Bjarki Freyr Guðmun. 6 |
| Óðinn Árnason 7 | Eysteinn Lárusson 6 |
| Reynir Leósson 7 | Þórður Hreiðarsson 5 |
| *Auðun Helgason 8 | Michael Jackson 7 |
| Sam Tillen 7 | Kristján Björnsson 7 |
| Paul McShane 6 | Rafn Andri Haralds. 6 |
| Daði Guðmundsson 4 | (78., Ismael Silva -) |
| Heiðar Geir Júlíusson 4 | Hallur Hallsson 5 |
| (67., Ingvar Ólason 6) | (65., Adolf Sveins. 6) |
| Halldór H. Jónsson 5 | Haukur Sigurðsson 5 |
| Hjálmar Þórarinnsson 6 | Dennis Danry 6 |
| Ivar Björnsson 5 | Magnús Már Lúðvíks. 5 |
| | Hjörtur Hjartarson 6 |

*Maður leiksins

Fjölgar í Ólympíuhópnum:

Bergur Ingi fer til Peking

FRJÁLSAR Sleggjukastarinn Bergur Ingi Pétursson úr FH tryggði sér farseðilinn á ÓL í Peking í gær þegar hann kastaði sleggjunni 74,52 metra á móti í Kaplakrika. Bergur Ingi sló um leið eigið Íslandsmet.

Ólympíulágmarkið er 74 metrar og Berg vantaði metra upp á það fyrir skömmu síðan en hann hefur bætt sig um rúma fjóra metra á aðeins einu ári.

- hbg



FÓTBOLTI Hjálmar Þórarinnsson var hetja Fram í gær er hann skoraði eina mark leiksins gegn Prótti á Laugardalsvöllum í gær. Markið kom snemma í leiknum og var jafnræði með liðunum eftir það í fyrri hálfleik. Próttarar áttu hins vegar þann síðari frá upphafi til enda þó svo að aldrei kæmi jöfnunarmarkið.

Leikurinn byrjaði fremur rólega og því kom það mönnum í nokkuð opna skjöldu er Hjálmar Þórarinnsson skoraði með góðu skoti rétt utan vítateigs. Hann hirti boltann eftir að miðvörðurinn Þórður Hreiðarsson missti hann klaufalega frá sér og skilaði knettinum laglega í markið.

Próttarar áttu nokkrar ágætar rispur og var Rafn Andri Haraldsson oftast maðurinn á bak við þær. En það gekk illa að klára færin með almennilegri tilraun í teign-

um. Gestirnir mættu mun öflugri til leiks í síðari hálfleik og áttu nokkur góð færi sem þeim tókst þrátt fyrir allt ekki að færa sér í nyt. Hjörtur Hjartarson fékk tvö góð færi og þá var dæmt mark af Prótturum sem var vissulega réttur dómur.

En sóknarþungi Framara var einfaldlega ekki til staðar í síðari hálfleik og máttu þeir þakka fyrir að hafa haldið hreinu í leiknum. Varnarleikur liðsins, með Auðun Helgason fremstan í flokki, var öflugur og Hannes gerði vel á köflum í markinu.

Próttarar geta fyrst og fremst sjálfum sér um kennt hvernig fyrir þeim fór en það sýndi sig í þessum leik að það skiptir ekki máli hversu mörg færi liðið fær, heldur hvernig því tekst að nýta þau.

„Eins og ég hef áður sagt þá

verða góðir dagar og slæmir hjá okkur,“ sagði Þorvaldur Örylgsson, þjálfari Fram, eftir leik. „Það er auðvitað gott að vinna á slæmu dögnum en á móti kemur að mér fannst við vera betri aðilinn í leiknum á móti ÍA í síðustu umferð. Við áttum meira skilið úr þeim leik en við fengum.“

Eysteinn Pétur Lárusson, fyrirliði Próttar, var hins vegar ekki alveg jafn sáttur með gang mála.

„Þetta eru gríðarleg vonbrigði enda áttum við seinni hálfleikinn. Þeir komust snemma yfir og pökkðu strax í vörn. Þeir voru meira að segja byrjaðir að tefja strax í fyrri hálfleik. En við fengum færin, sérstaklega í lokin, þar sem þeir vörðu til að mynda á línu. Hvað er hægt að segja við því? Menn verða einfaldlega að nýta færin sem þeir fá.“

- esá



STERKUR Auðun Helgason finnur sig vel með Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

Æsileg Formúlukeppni í Mónakó þar sem mikið gekk á frá upphafi til enda:

Dramatískur sigur hjá Hamilton

FORMÚLA 1 Bretinn Lewis Hamilton fagnaði sigri í Mónakó-kappakstrinum í gær sem var mjög fjórugur. Hamilton slapp reyndar fyrir horn snemma í kappakstrinum þegar hann keyrði utan í hlið og sprengdi dekk.

Það reyndist dulin blessun í þeim árekstri því hann fékk fullan tank um leið og skipt var um dekk. Hann gat því frestað síðasta viðgerðarhléinu sínu og byggt upp góða forystu áður en hann tók síðasta hliði sitt.

Robert Kubica á BMW tók annað sætið af Ferrari-manninum Felipe Massa. Þjóðverjinn Adrian Sutil hafði verið að keyra vel og átti fjórða sætið nokkuð víst þegar

heimsmeistarinn Kimi Räikkönen keyrði aftan á hann undir lokin og sá til þess að Sutil datt úr leik. Mark Webber varð því fjórði, Sebastian Vettel fimmti og Rubens Barrichello sjötti.

Brautin var blaut þegar keppni hófst í gær og þá lenti Hamilton í sínum ógöngum. „Það var mjög erfitt að ráða við rigninguna og það spýttist svo mikið vatn á mann í tólftu beygju að það var engu líkara en maður væri að keyra í gegnum á. Ég fór ofan í þessa á og rann bara á hliðið. Þegar veðrið er svona skiptir öllu að halda sér bara á brautinni en ég get ekki lýst því hversu erfitt það er í raun og veru. Við breyttum um taktík

eftir slysið og það vann með okkur,“ sagði Hamilton eftir kappaksturinn.

Fernando Alonso keyrði út af en gat haldið áfram. Þeir David Coulthard og Sebastian Bourdais fóru einnig út af á sama stað en voru ekki eins lánsamir og Alonso.

„Ég náði gríðarlegum hraða um tíma og var að keyra sekúndu betur en flestir öikumennirnir. Þá var þetta orðið frekar auðvelt. Þessi sigur er sá stærsti hjá mér á ferlinum og mun verða það sem eftir lifir á mínum ferli. Þegar ég ók síðustu hringina var ég að hugsa um þegar Ayrton Senna vann hérna,“ sagði Hamilton brosmildur.

- hbg



SIGURREIFUR Hamilton sagði að sigurinn í gær væri hátindurinn á ferli hans.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR Lék vel gegn Kolding. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kvinnalandsliðið:

Sigur gegn Kolding

HANDBOLTI Íslenska kvinnalandsliðið náði fram hefndum gegn danska liðinu Kolding, sem það tapaði fyrir á laugardag.

Landsliðið átti miklu betri leik í gær og vann, 26-23. Þetta var síðasti æfingaleikur liðsins fyrir slaginn gegn Rúmenum um laust sæti á EM en fyrri leikur fer fram hér á landi um næstu helgi.

Mörk Íslands: Rakel Dögg Bragadóttir 6, Dagný Skúladóttir 5, Sólveig Lára Kjærnested 5, Sara Sigurðardóttir 2, Hildigunnur Einarsdóttir 1, Stella Sigurðardóttir 1, Arna Sif Pálsdóttir 1. Berglind Íris Hansdóttir varði rúmlega tuttugu skot í íslenska markinu.

- hbg



KEVIN GARNETT Fór fyrir liði Celtics. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Úrslitakeppni NBA:

Loks vann Boston á útivelli

NBA Besta lið NBA-deildarinnar í vetur, Boston Celtics, vann sinn fyrsta útisigur í úrslitakeppninni í ár þegar það mætti Detroit þriðja sinni í úrslitum Austur-deildar.

Boston var miklu sterkara allan leikinn og vann sannfærandi, 94-80, og leiðir því einvígið 2-1.

„Fyrsta tapið á heimavelli gaf okkur mikinn og nýjan kraft og við vissum sem var að við þurftum virkilega að vinna þennan leik,“ sagði Paul Pierce, leikmaður Boston, eftir leik en hann hafði óvenju hljótt um sig og skoraði aðeins 11 stig.

Kevin Garnett var sterkastur þeirra grænu með 22 stig og 13 fráköst. Rip Hamilton skoraði mest fyrir Detroit, 26 stig.

- hbg

TUCSON

TOGARI

Verð áður kr. 3.390.000. Nú aðeins:

3.090.000

+ aukahlutapakki upp á 290.000

Heildarkaupuki að verðmæti kr. 590.000

Verð aðeins:

34.900

kr. á mánuði*



Hefur gæðin



Frábær jepplingur með frábæra toggetu


Hyundai Tucson siglir nú inn á markaðinn á fantagóðu verði. Við köllum hann í gamni togara, því hann fer létt með að draga bæði fellihýsi og hjólhýsi. Hann er líka drekkhlaðinn aukabúnaði en innifalið í verðinu er **dráttarbeiðli, bakkskynjarar, heilsársdekk og smart vindskeið**. Þetta eru ný við-mið í verði á þessum einum mest selda jepplingi á Íslandi.



Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524



Kaplakríki, áhorf.: 2.249 Garðar Örn Hinriksson (9)

1-0 Matthías Vilhjálmsson (33.)
2-0 Tryggvi Guðmundsson (38.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|---------------------|
| Skot (á mark) | 11-11 (5-8) |
| Varin skot | Daði 7 - Kristján 3 |
| Horn | 2-11 |
| Aukaspjrmur fengnar | 17-10 |
| Rangstöður | 2-1 |

| | |
|------------------------------|-------------------------|
| FH 4-3-3 | KR 4-5-1 |
| Daði Lárusson 7 | Kristján Finnþogason 6 |
| Guðm. Sævarsson 5 | Egbert Rafn Einarsson 3 |
| Freyr Bjarnason 7 | Gunnlaugur Jónsson 4 |
| Tommy Nielsen 7 | Grétar Sigurðarson 5 |
| Hjörtur L. Valgarðs 6 | Guðm. Gunnarsson 4 |
| Davíð Þór Viðarsson 6 | Gunnar Örn Jónsson 3 |
| (87. Heimir Guðm. -) | (54. Ingim. Óskars. 6) |
| Dennis Siim 7 | Jónas Guðni Sævars. 5 |
| *Matthías Vilhjálm. 7 | Skúli Jón Friðgeirs. 5 |
| Atli Guðnason 5 | (70. Kristinn Magn. 5) |
| (68. Matthías Guð. 4) | Viktor Bjarki Arnars. 4 |
| Atli Viðar Björnsson 6 | Óskar Örn Hauksson 4 |
| Tryggvi Guðmunds. 6 | (70. Atli Jóhanns. 6) |
| | Guðjón Baldvinsson 6 |

*Maður leiksins



Sparisjóðsv., áhorf.: 1.478 Ólafur Ragnarsson (3)

1-0 Hallgrímur Jónasson (16.)
1-1 Vjekoslav Svadumovic (50.)
2-1 Guðmundur Steinarsson, víti (68.)
3-1 Þórarinn Kristjánsson (90.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|-------------------|
| Skot (á mark) | 19-5 (6-3) |
| Varin skot | Ómar 1 - Madsen 1 |
| Horn | 8-2 |
| Aukaspjrmur fengnar | 23-19 |
| Rangstöður | 4-0 |

| | |
|-------------------------------|-------------------------|
| KEFLAV. 4-4-2 | ÍA 5-3-2 |
| Ómar Jóhannsson 6 | Espen Madsen 6 |
| Guðjón Antoniuson 7 | Árni Thor Guðmunds. 5 |
| Guðmundur Mete 7 | Dario Cingel 5 |
| Kenneth Gustafson 6 | Heimir Einarsson 4 |
| Nicolai Jørgensen 7 | Atli Guðjónsson 5 |
| *Hólmur Rúnars. 8 | (72. Björn Bergma. -) |
| Hans Mathiesen 6 | Guðjón H. Sveinsson 6 |
| (68. Hörður Sveins. 6) | Helgi P. Magnússon 5 |
| Hallgrímur Jónasson 6 | (87. Andri Júlíusson -) |
| (41. Jón Eysteins. 6) | Bjarni Guðjónsson 7 |
| Simun Samuelsen 7 | Igor Bilokapic 3 |
| Patrick Redo 6 | (46. Jón Vilhelm 6) |
| Guðmundur Steinarsson 7 | Vjekoslav Svadumovic 7 |
| (72. Þórarinn Kristjánsson -) | Stefán Þórðarson 5 |

*Maður leiksins

Landsbankadeild karla

| | | | | | | |
|----------------|----------|----------|----------|----------|-------------|-----------|
| Keflavík | 4 | 4 | 0 | 0 | 12-6 | 12 |
| FH | 4 | 3 | 1 | 0 | 12-4 | 10 |
| Fram | 4 | 3 | 0 | 1 | 6-1 | 9 |
| Fjölnir | 4 | 3 | 0 | 1 | 7-3 | 9 |
| Valur | 4 | 2 | 0 | 2 | 8-8 | 6 |
| Fylkir | 4 | 2 | 0 | 2 | 5-6 | 6 |
| Breiðablik | 3 | 1 | 2 | 0 | 3-2 | 5 |
| ÍA | 4 | 1 | 1 | 2 | 3-6 | 4 |
| KR | 4 | 1 | 0 | 3 | 5-7 | 3 |
| Þróttur | 4 | 0 | 2 | 2 | 4-7 | 2 |
| Grindavík | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-7 | 0 |
| HK | 4 | 0 | 0 | 4 | 2-10 | 0 |

Sjö sigrar í röð hjá FH gegn KR

FH-ingar eru komnir aftur á sigurbraut í Landsbankadeildinni enda fengu þeir uppáhaldsmótherja sína í heimsókn í Krikann í gær. KR fékk færin í fyrri hálfleik en slapp við stærra tap í síðari hálfleik.

FÓTBOLTI Það ætlar að ganga illa hjá KR-ingum að losna undan taki FH-inga og enn ein sönnun þess kom í Kaplakríka í gær þegar liðið tapaði sjöunda deildarleiknum í röð á móti FH. FH-ingar unnu 2-0 og eru þar með komnir með tíu stig í öðru sæti Landsbankadeildarinnar.

Logi Ólafsson, þjálfari KR, breytti um leikaðferð og fækkaði í sókninni en líkt og í síðustu tveimur leikjum á undan, sem töpuðust einnig, þá gekk KR-liðinu skelfilega að nýta færin sín. FH-ingar biðu átekta, fyrirliðinn þeirra, markvörðurinn Daði Lárusson, hélt þeim inn í leiknum í takt við klaufaskap sóknarmanna KR og skorðu síðan tvö falleg mörk sem komu þeim í lykilstöðu í leiknum.

KR-ingar byrjuðu leikinn mjög vel og voru mun hættulegri fram eftir öllum fyrri hálfleiknum. Nýja leikskipulagið virtist henta mjög vel gegn FH-liðinu og í kjölfarið var liðið að vinna marga bolta á miðjunni sem skiluðu sér í stórhættulegum skyndisöknum.

FH-ingar voru meira með boltann en voru að gefa færi á sér á sama tíma og þeim gekk illa að opna vörn KR-liðsins. Það átti hinsvegar eftir að breytast því Matthías Vilhjálmsson þakkaði, Heimi Guðjónssyni, þjálfara FH, traustið með því að setja hann inn í byrjunarliðið í fyrsta sinn í sumar. Matthías skoraði með glæsilegum skalla eftir fyrirgjöf frá Dennis Siim og aðeins fimm mínútum síðar var Tryggvi Guð-



ATÖK Daði Lárusson markvörður og KR-ingurinn Guðjón Baldvinsson keyra hér saman í Krikannum í gær.

mundsson búinn að auka muninn í 2-0 þegar hann skoraði beint úr aukaspjrmu.

Leikur FH-liðsins hafði verið allt annað en sannfærandi fram eftir hálfleiknum en á þessum tveimur augnablikum sýndu þeir hvað þeir geta verið hættulegir

með alla þessa sóknarhugsandi leikmenn inn á vellinum. Logi Ólafsson var ekkert að auka sóknarþungann hjá sínu liði eftir hálfleikinn og smám saman tóku FH-ingar öll völd á vellinum og KR-ingar virtust vera vonlausir allan hálfleikinn. Ekki batnaði

staðan þegar fyrirliðinn Gunnlaugur Jónsson var réttilega rekinn útaf fyrir að toga niður Atla Viðar Björnsson sem var sloppinn í gegn. Það sem eftir leið leiksins var þetta því aðeins spurning um hversu stór sigur FH-inga yrði. FH-ingar náðu þó ekki að bæta við fleiri mörkum.

„Við erum búnir að vera með stígandi leik í mótinu, byrjuðum illa en erum búnir að gera leik okkar miklu betri síðan þá. Það vantar bara eitt og það er að klára færin. Við vorum miklu betri í upphafi leiks og hefðum getað klárað leikinn með einu eða tveimur mörkum áður en þeir skora. Þetta er rosalega svekkjandi,“ sagði KR-ingurinn Jónas Guðni Sævarsson.

„Þeir komu gríðarlega einbeittir í byrjun leiks, þeir áttu ágætis færi og við vorum hálfvankaðir fyrstu 20 mínúturnar en eftir það fannst mér við ráða ágætlega við þetta. Við fengum tvö fín mörk og í seinni hálfleik fannst mér þetta aldrei vera spurning,“ sagði Heimir Guðjónsson, sem setti Matthías Vilhjálmsson inn á miðjuna með góðum árangri.

Það er við hæfi að enda þetta á ótrúlegri tölfræði KR-inga í síðustu tíu deildarleikjum sínum á móti FH. Þeir hafa ekki unnið einn leik, tapað 9, fengið tvöfalt fleiri rauð spjöld (4) en mörk sem þeir hafa skorad (2) og þá hafa þeir þurft að sækja boltann 26 sinnum í netið hjá sér. Tak FH-inga á KR-ingum er ekkert að losna.

Ekkert lát á góðu gengi Keflavíkurlíðsins sem lagði Skagamenn í Bítlabænum í gærkvöldi:

„Til skammar hvernig Ólafur nálgadist verkefnið“

FÓTBOLTI Keflavík er eitt á toppi Landsbankadeildarinnar með fullt hús stiga eftir að hafa unnið 3-1 sigur á heimavelli gegn ÍA í gær. Guðjón Þórðarson var ómyrkur í máli eftir leikinn og allt annað en sáttur við frammistöðu Ólafs Ragnarssonar dómara.

„Ég er ósáttur við að tapa en það sem er sorglegast er að bæði lið voru að reyna að spila fótbolta en svo koma aðrir menn með aðrar forsendur. Það er algjörlega óforsvaranlegt hvernig Ólafur kom inn í þennan leik og hvernig hann nálgadist verkefnið sitt,“ sagði Guðjón.

„Sumt af þessu sem hann er að flauta er út á hól og honum til skammar hvernig hann nálgast þetta verkefni sitt. Það sem þið fréttamenn eigið að kanna er að það var haldinn fundur hjá dóm-

aranefndinni þar sem rætt var hvernig þeir ætluðu að taka okkur í gegn. Meðal annars var fjallað sérstaklega um það hvernig taka ætti á Stefáni Þórðarsyni,“ sagði Guðjón.

Ólafur Ragnarsson hefur oft dæmt betur en í gær og notaði hann flautu sína fullmikið. Keflavíkingar náðu forystunni í leiknum á 17. mínútu leiksins þegar Hallgrímur Jónasson náði að koma knettinum í markið.

Vörn Skagalíðsins var alls ekki nægilega örugg og átti í miklu basli með hnitmiðaðan sóknarleik Keflavíkur. Fyrir leikhlé voru heimamenn nær því að ná að bæta við marki en gestirnir að jafna. Í seinni hálfleik lék Skagalíð mun betur og Vjekoslav Svadumovic jafnaði eftir að Ómar Jóhannsson hélt ekki skoti Jóns Vilhelms Áka-

sonar.

Guðmundur Steinarsson kom Keflavík aftur yfir úr vítaspjrmu og enn syrti í álinn fyrir ÍA þegar Stefán Þórðarson fékk sitt annað gula spjald. Þórarinn Brynjar Kristjánsson innsiglaði sigur Keflavíkur undir lokin þegar varnararlína ÍA var orðin heldur falið.

„Skagamenn hafa hörkulið og var spád í toppbaráttuna. Við undirbyggjum okkur fyrir þennan leik í samræmi við það,“ sagði Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur.

„Við höfum fengið þrjá heima-leiki af fjórum og erum að skila fullu húsi hér heima. Við erum með heilsteypit lið og það er að skila sér. Hópurinn hjá okkur er stærri en í fyrra og það er af hinu góða. Það eru meiri gæði á æfingum og meiri gæði í leikjum.“ - egm



1-0 Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson kemur hér Keflavík yfir í gær.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Alvöörum nám í

EINKAÞJÁLFRANÁM

ÍAK einkaþjálfaranám er samvinnuverkefni Heilsu- og uppeldisskóla Keilis og Sportmenntunar. Markmiðið er að mennta framúrskarandi einkaþjálfara með yfirgripsmikla þekkingu á heilbrigði einstaklinga og hæfni til að búa til einstaklingsmiðaðar þjálfunaráætlanir á sviði styrktar og þolþjálfunar. Rík áhersla er lögð á verklega kennslu.

FYRRI UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 13. JÚNÍ!



Á SIGURBRAUT Halldór Arnar Hilmisson og félagar í Fylki hafa unnið tvo leiki í röð eftir sigur á HK í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

HK er enn án stiga í Landsbankadeildinni:

Jóhann sökkta HK

FÓTBOLTI Ekki tókst HK mönnum að fá sín fyrstu stig í gærkvöld í Árbæ því það voru Fylkismenn sem fóru með sigur af hólm, 2-1, og unnu þar með sinn annan sigur í röð og virðast vera að ná sér á strik eftir erfiða byrjun.

Fyrri hálfleikur var einstaklega bragðdaufur. Lítið var um sóknartilburði hjá liðunum og þeim gekk illa að byggja upp sóknir. Leikmenn virkuðu hálf áhugalausir í sínum aðgerðum og þó svo að heldur hafi lifnað yfir mönnum undir lok hálfleiksins, og þá sérstaklega gestunum í Kópavogi, var markalaust í leikhlið og ljóst að leikmenn gætu lítið annað en bætt leik sinn í síðari hálfleiknum.

Það var greinilegt að leikmenn liðanna fengu góðar hálfleiksraður frá þjálfurum sínum því allt annað var að sjá til liðanna. Eftir einungis 13 mínútna leik voru komin þrjú mörk og þar af hafði Jóhann Þórhallsson skorað tvö fyrir Fylki eftir að hafa verið skipt inn á í hálfleik. Í millitíðinni jafn-

aði Iddi Alkhag fyrir HK eftir mistök í öftustu línu Fylkismanna. Leikmenn HK voru sterkari í síðari hálfleiknum en tókst þó ekki að jafna leikinn þrátt fyrir tækifæri til að gera svo.

Leifur Garðarsson þjálfari var vitaskuld ánægður í lok leiks. „Ég er mjög ánægður með þessu þrjú stig en kannski ekki alveg leikinn sem slíkan. Þetta var ekki endilega fallett en við fengum þrjú stig og út á það gengur þetta. Við ræddum saman eins og fullorðnir menn í hálfleik hvað við ætluðum að gera, tempóið í fyrri hálfleik var alltof hægt og menn voru að klappa boltanum alltof mikið. Við reyndum að breyta því og það tókst,“ sagði Leifur.

Gunnar Guðmundsson, þjálfari HK, var hins vegar ekki eins sáttur. „Vissulega eru þetta vonbrigði að klára þetta ekki að minnsta kosti með einu stigi eða þess vegna öllum þremur. Það er bara svona,“ sagði Gunnar.

- sjj

| FYLKIR | 2-1 | HK |
|------------------------------|-------------------------|--|
| 1-0 Jóhann Þórhallsson (52.) | | |
| 1-1 Iddi Alkhag (56.) | | |
| 2-1 Jóhann Þórhallsson (58.) | | |
| Fylkisvöllur, áhorf.: 1.262 | | |
| Magnús Þórisson (7) | | |
| TÖLFRÆÐIN | | |
| Skot (á mark) | 10-11 (7-6) | |
| Varin skot | Fjalar 5 – Gunnleifur 5 | |
| Horn | 4-5 | |
| Aukaspjrnur fengnar | 9-7 | |
| Rangstöður | 2-1 | |
| | | Fylkir 4-5-1 Fjalar Þorgeirsson 8 - Þórir Hannesson 7, Kristján Valdimarsson 6, Valur Fannar Gíslason 7, Víðir Leifsson - (6., Andrés Már Jóhannesson 6), Peter Gravesen 6, Guðni Rúnar Helgason 5, Ólafur Ingi Stígsson 5, Ian Jeffs 7, Halldór Hilmisson 4 (85., Ásgeir Börkur Ásgeirsson -) - Haukur Ingi Guðnason 4 (46., * Jóhann Þórhallsson 9). |
| | | HK 4-5-1 Gunnleifur Gunnleifsson 7 - Stefán Eggertsson 6, Hólmur Eyjólfsson 5, Finnþórir Llorens 5, Hörður Árnason 4 (68., Damir Muminovic 5) - Mitja Brulc 4, Goran Brajkovic 5, Finnur Ólafsson 6, Þorlákur Hilmarsson 5 (57., Almir Cosic 5), Aaron Palomares 6 (86., Hermann Þórs. -) - Iddi Alkhag 7. |



Fiskbúðin Hafberg.
Gnoðarvogi 44. s 5888686

**ATH opið alla
laugardaga 11-14**

LÚÐU OG LAXASPRENGJA
LÚÐUSNEIÐAR aðeins 1390 kr kg
LÚÐUFLÖK... aðeins 1390 kr kg
LAXAFLÖK... aðeins 1190 kr kg
LAXASNEIÐAR aðeins 890 kr kg
STÓR HUMAR aðeins 4900 kr kg

ÚRVAL FISKRETTA Á GRILLIÐ....

tilboðið gildir aðeins í dag



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



einkapjálfun



Keilir
Atlantic Center
of Excellence

> Harry Shearer

Shearer spilaði á bassa með Spinal Tap. Hann er röddin á bak við Ned Flanders og fleiri en tuttugu aðrar persónur í Simpsons-þáttunum þar á meðal Skinner skólustjóra, hr. Burns og aðstoðarmann hans Smithers, Ottó strætóbílstjóra, og séra Lovejoy. Stöð 2 sýnir Simpsons alla virka daga.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ER HÆTTUR AÐ FLJÚGA

Krakkar, ekki pota í flugvélnar!

Fyrir um það bil áratug klúðruðu flugstjórar á Boeing-þotu landingu á Akureyrarflogvelli. Flugstjóri sem sat við hliðina á mér útskýrði það á leiðinni út úr vélinni að þar sem flugbrautin væri í raun of stutt fyrir stóra þotu hefði þurft að bera sig að með öðrum hætti en gert var. Reyndar þurfti ég ekki útskýringar á því að eitthvað hefði verið athugavert við landinguna. Til þess að stöðva þotuna áður en hún lenti í isköldu Atlantshafinu þurfti að nauðhemla með þeim afleiðingum að farangur og stöku gamalmenni köstuðust fram eftir farþegarýminu. Örvæntingaróp fólksins og bænir þess skömmu síðar fullvissuðu mig um að ég hefði verið nálægt ótímabærum fundi við skaparann. Síðan hef ég barist við sjúklega flughræðslu og ekki síður háðsglósúr frá fjölskyldu og vinum. Keppast menn við að fullvissa mig um að flug sé öruggur ferðamáti og bera fyrir sig tölfraði um hversu margir farast í umferðinni á hverju ári. Einu áhrifin sem það hefur



haft eru að ég keyri hægar en áður. Það vekur mig því til umhugsunar að ég hef ómótstæðilega gaman af því að horfa á heimildarmyndir um flugslys. Framboðið af slíku myndefni er endalaust þar sem fleiri en ein sjónvarpsstöð sem ég hef aðgang að sýnir slíkar myndir dag eftir dag. Þar er sömu rökum fyrir öryggi í flugi þó laumað að með reglulegu millibili og ég var farinn að trúa því að ég væri móðursjúkur. Þangað til á laugardaginn.

Flugdagurinn var haldinn með pompi og prakt á Reykjavíkflugvelli. Eftirfarandi tilkynning hljómaði í hátalarakerfinu stuttu eftir að ég kom: „Það eru dæmi um að börn séu að pota í vélnar sem eru til sýnis. Ég verð að biðja foreldra að koma í veg fyrir slíkt þar sem þessi tæki eru afar viðkvæm og minnsta snering getur haft áhrif á flughæfni þeirra.“ Góða ferð!

EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Zathura. A Space Adventure (Jumanji 2)** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 One Three Hill** SKJÁREINN



▶ **21.15 Lífsháski** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.30 Missing** STÖÐ 2



▶ **23.55 NBA úrslitakeppni Detroit - Boston** STÖÐ 2 SPORT

SJÓNVARPIÐ

- 15.55 Sunnudagskvöld með Evu Mariu
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Ungar ofurhetjur
- 17.53 Skritin og skemmtileg dýr
- 18.00 Gurra grís
- 18.06 Lítil prinsessa
- 18.17 Herramenn
- 18.30 Út og suður Endursýndir þættir frá 2005. Gísli Einarsson flakkar vítt og breitt um landið og bregður upp svipmyndum af áhugaverðu fólki. (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.15 Ný Evrópa með augum Palins
- ▶ 21.15 Lífsháski
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Sportið Í þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, innlenda sem erlenda.
- 22.45 Herstöðvarlíf Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Meðal leikenda eru Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh, Sterling K. Brown og Brian McNamara.
- 23.30 Soprano-fjölskyldan Lokasýra myndaflokksins um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. (e)
- 00.25 Kastljós
- 01.00 Dagskrárlök

BÍÓ

- 06.00 Zathura. A Space Adventure (Jumanji 2)
- 08.00 Fjölskyldubíó-Shark Tale
- 10.00 Glory Road
- 12.00 Nanny McPhee
- 14.00 Fjölskyldubíó-Shark Tale
- 16.00 Glory Road
- 18.00 Nanny McPhee
- ▶ 20.00 Zathura. A Space Adventure (Jumanji 2) Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna, sem er sjálfstætt framhald af Jumanji.
- 22.00 12 Days of Terror
- 00.00 Ray
- 02.30 Air Panic
- 04.00 12 Days of Terror

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Oprah
- 08.45 Kalli kanína og félagar
- 08.50 Í fínu formi
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 10.10 Homefront
- 10.55 Matur og lífsstíll
- 11.25 Sjálfstætt fólk
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbours
- 13.10 Numbers
- 13.55 In God We Trust
- 15.55 Háheimar
- 16.18 Leðurblökumaðurinn
- 16.43 Skjaldböknar
- 17.08 Tracey McBean
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.30 The Simpsons Lífið hjá Hómer og Marge Simpson gengur sinn vanagang ▶ en ekki liður sá dagur að þau eða börnin, Bart, Lisa og Maggie, rati ekki í vandræði!
- 19.55 Friends
- 20.20 American Idol Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörmunu. Dómarar eru Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson.
- 21.05 American Idol - Lokabáttur
- 22.30 Missing Þriðja þáttaröð þessa spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknum.
- 23.15 Swinging Einstaklega beittur og örliðið kræfur breskur sketsabáttur um spaugilegar hliðar á kynlífi.
- 23.40 Cool Money Bobby er nýsloppinn úr fangelsi og kominn til konu og barna. Hann verður fljótt eirðarlaus og fer að skoða leiðir til að finna sér fljótengið fé.
- 01.10 Shark
- 01.55 Numbers
- 02.40 Missing
- 03.25 In God We Trust
- 05.05 The Simpsons
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag
- 06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SPORT

besta sætið

- 07.00 Landsbankadeildin 2008 FH - KR.
- 15.55 Landsbankadeildin 2008 FH - KR
- 17.45 NBA Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
- 19.45 Landsbankadeildin 2008 Breiðablik - Grindavík Bein útsending frá leik Keflavíkur og IA í Landsbankadeild karla.
- 22.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir og öll mörkin skoðuð í Landsbankadeild karla.
- 22.45 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttabáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
- 23.15 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveru ræða mál. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mergjar.
- ▶ 23.55 NBA 2007/2008 - Playoff games Bein útsending frá leik Detroit - Boston

SPORT 2

enski boltinn

- 17.45 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 18.40 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimssóttir, gömlu stjörnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 19.10 Enska 1. deildin Bristol City - Hull
- 21.00 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 22.00 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
- 22.30 Bestu leikirnir Tottenham - Reading

SKJÁREINN

- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 15.55 Vörutorg
- 16.55 Leiðin að titlinum (e)
- 17.45 Rachael Ray Spjallbáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 18.30 Game tívi (e)
- 19.10 Svalbarði (e)
- ▶ 20.10 One Tree Hill Bandarísk unglingsasería þar sem humor, dramatík og bullandi rómantik fara saman. Lucas reynir að komast að sannleikanum um heilsubresti föður síns á meðan Haley er ekki sátt við að leyfa Dan að kynna Jamie litla. Nathan gefur Quentin góð ráð, Brooke hefur í nógu að snúast og Payton reynir að friða samviskuna eftir vandræðin með Lucas.
- 21.00 Eureka (2.13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Jack Carter veit ekki hverju hann á að trúa þegar hann hittir Susan Perkins eftir að hafa verið viðstaddir jarðarför hennar. Það er fleira furðulegt á sveimi í bænum og Jack þarf hjálp frá snjöllustu íbúum bæjarins til að leysa þessa ráðgátu.
- 21.50 C.S.I. Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Þriggja ára stúlka er myrt á hrottafenginn hátt og Catherine leggur allt í sölnur til að finna morðingjann.
- 22.40 Jay Leno Spjallbáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 Brotherhood (e)
- 00.30 Bob Dylan - The Other Side of the Mirror (e)
- 02.00 C.S.I.
- 02.40 Vörutorg
- 03.40 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚRSLITABÁTTURINN Í AMERICAN IDOL
Í KVÖLD KL. 20:20

skemmtilegri

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

AMERICAN IDOL

Það er komið að úrslitastundu í American Idol og spennan er orðin óbærileg. Aðeins tveir keppendur standa eftir sem nú leggja allt undir til að syngja sig inn í hug og hjórtu bandarísku þjóðarinnar með það að markmiði að vinna keppnina.



ÞVIÐ MÆLUM MED

Ný Evrópa með augum Palins

SJÓNVARPIÐ KL. 20.15
Í þessum breska myndaflokki fer leikarinn Michael Palin úr Monty Python-hópnum um tuttugu lönd í Mið-, Austur- og Suðaustur-Evrópu sem hafa nýlega gengið í, eða eru við það að ganga í Evrópu-sambandið. Palin kynnir sér sögu og menningu og lítur glöggu gestsauga á venjur heimamanna á hverjum stað.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

| | |
|-----------------------------------|-----------------------------------|
| 06.05 Morgunvaktin | 15.30 Dr. RÚV |
| 06.50 Bæn | 16.00 Síðdegisfréttir |
| 07.30 Fréttayfirlit | 16.13 Hlaupanótan |
| 08.00 Morgunfréttir | 17.03 Viðsjá |
| 08.30 Fréttayfirlit | 18.00 Kvöldfréttir |
| 09.05 Okkar á milli | 18.25 Spegillinn |
| 09.45 Morgunleikfimi | 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar |
| 10.13 Stefnumót | 19.00 Endurómur úr Evrópu |
| 11.03 Samfélagið í nærmynd | 20.00 Leynifélagið |
| 12.00 Fréttayfirlit | 20.30 Stjómukikir |
| 12.02 Hádegisútvarp | 21.20 Kvika |
| 12.20 Hádegisfréttir | 22.12 Orð kvöldsins |
| 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar | 22.15 Frá Tónskáldþinginu í París |
| 13.00 Vít og breitt | 23.10 Lárétt eða lóðrétt |
| 14.03 Bak við stjórnumar | 00.07 Næturtonar |
| 15.03 Útvarpsagan: Lesarinn | |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Seinfeld
17.30 Wildfire

18.15 The Class Nýr gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í tuttugu ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.

18.35 American Dad 3 Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans.

19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar. Jerry, George, Elaine og Kramer lenda oft í afkáleikum aðstæðum og taka upp á afar fáránlegur tiltækjum.

20.30 Wildfire Þriðja þáttaröðin Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.

21.15 The Class

21.35 American Dad 3

22.00 Big Shots 22.45 Curb Your Enthusiasm í

23.20 Entourage

23.45 American Dad

00.10 Comedy Inc.

00.35 Sjáðu

01.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir eru Elísabet Jökulsdóttir og Sigríður Klingenberg ásamt leynigesti.

21.00 Mæður og dætur Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir veltir fyrir sér sambandi mæðgna ásamt gestum sínum.

21.30 Í kallfæri Jón Kristinn Snæhólm ræðir um málefni líðandi stundar við gesti sína.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 21 Søndag 10.50 Ny Alliance 11.20 OBS 11.25 Aftenshowet 11.50 Søren Ryge præsenterer 12.20 Danskernes Krønike 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 Family Guy 14.15 Skum TV 14.30 Den lyserøde panter 14.35 Naruto 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Tigerdyret og Plys 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Supernabo 18.00 Tæt på en dronning 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Mistænkt 7: Sidste akt 21.35 OBS 21.40 Truslen fra dybet 22.20 Seinfeld 22.40 Smagsdommerne

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Camilla Plum i hagen 10.40 Hellensterne 11.40 Åpen himmel fra Grønnåsen kirke, Tromsø 12.10 Elgspjosjonen 12.35 Kim Possible 13.00 Giro d'Italia direkte: 16. etappe 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barn-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mine venner Tigergutt og Brumm 16.25 Bali 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Bedre puls 17.55 Faktor 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21.19.30 Album 20.30 De som bygger landet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Den mistenkte 22.55 20 spørsmål 23.25 Kulturmytt 23.35 Sport Jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Agenda 11.00 Sportspeglin 12.15 Brödrene Mozart 14.00 Rapport 14.10 Gørmorron Sverige 15.00 Ramp 15.30 Mega 16.00 Bolibompa 16.10 Ebb och Flo 16.15 Rom Racerbil 16.30 Lata Lucy 16.35 Jane och draken 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Kören - vad hände sen 18.50 Friluftsliv 19.00 Sthlm 19.45 The Full Monteverdi 20.00 Kiss loves you 20.55 Rapport 21.05 Kulturmysteria 21.20 Glasklart 22.20 Brottskod: Försvunnen 23.05 Sändningar från SVT24

Hágæða háskólanám

FISKELDISFRÆÐI
SJÁVAR- OG VATNALÍFFRÆÐI

Áhersla á auðlindir vatns og sjávar, umhverfismál, líffræðilegar og tæknilegar hliðar fiskeldis.

Diplóma í fiskeldisfræði *
BS í sjávar og vatnalíffræði
sameiginleg námsbraut með HÍ
MS í sjávar og vatnalíffræði

HESTAFRÆÐI
OG REIÐMENNASKA

Áhersla á líffræði hestsins, tamningar, reiðmennsku og reiðkennslu.

Hestafræðingur og leiðbeinandi
Tamningamaður (diplóma)
Þjálfari og reiðkennari (diplóma)

Hestafræðingur (BS)
sameiginleg námsbraut með Lbhí



FERÐAMÁLAFRÆÐI

Áhersla á náttúru, menningu, upplifun, afþreyingu og rekstur.

Diplóma í ferðamálafræði ásamt
landvarðar- og staðarvarðarréttindum *
Diplóma í viðburðastjórnun *
BA í ferðamálafræði

* boðið í fjarnámi

ÖFLUGUR HÁSKÓLI
Í ÖRUM VEXTI

Við erum sérhæfð. Sérhæfingu fylgja gæði. Við Háskólann á Hólum starfa úrvals kennarar og aðstaða til náms er frábær. Fjölbreytt störf að loknu námi í vaxandi atvinnugreinum.

Umsóknarfrestur: 10. júní

www.holar.is

Háskólinn á Hólum

551 Sauðárkrókur

s: 455 6300



LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hef yfirleitt ekki tækifæri til að hlusta á neitt í vinnunni. En ef ég hef útvarpið á hlusta ég alltaf á Rás 2.“

Bertha María Ársælsdóttir, matvæla- og næringarfræðingur.

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT

2. íprótt, 6. í röð, 8. flán, 9. yfirbreiðsla, 11. átt, 12. grobb, 14. nirfill, 16. skóli, 17. struns, 18. hætta, 20. bókstafur, 21. land í Asíu.

LÓDRÉTT

1. elds, 3. klukka, 4. land í Evrópu, 5. rjúka, 7. rægja, 10. knæpa, 13. dvelja, 15. tafli, 16. mælieining, 19. norð.

LAUSN

LÁRÉTT: 1. bális, 3. úr, 4. danmörk, 5. ósa, 7. baknæga, 10. krá, 13. una, 15. skák, 16. mól, 19. no.
LÓDRÉTT: 2. juddó, 6. áb, 8. ras, 9. lak, 11. na, 12. sknum, 14. náhöf, 16. ma, 17. ark, 18. ögn, 20. ká, 21. laos.

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingar- deild Pósthússins í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

Post húsið

Sækir sér efnivið í Íslendingasögurnar

„Ég kom heim síðustu helgi og fór beint á æfingar fyrir Killer Joe, sýninguna sem ég var í áður en ég fór út. Nú erum við að setja verkið upp á Akureyri og það er strax orðið uppselt á fjórar sýningar af fimm,“ segir Þorvaldur Davíð Kristjánsson, sem er í leiklistarnámi við Juilliard í New York, en mun eyða sumrinu á Íslandi.

„Ég ætla að taka mér smá frí eftir sýningarnar til að ná áttum og tala almennilega við fjölskyldu og vini, en svo á ég von á tveimur vinum mínum frá Bandaríkjunum til landsins. Við stofnuðum saman leikhóp úti, en annar þeirra er bekkjarbróðir minn í Juilliard og hinn er í leiklist í Columbia. Við ætlum að ferðast um landið í

sumar og vinna að leikgerð upp úr Íslendingasögum sem við munum svo þróa frekar. Við sjáum hvað verður úr því en þetta er bara byrjunin á stærra verkefni,“ segir Þorvaldur, sem mun hverfa aftur af landi brott í ágúst en kveðst ætla að njóta Íslands til hins ýtrasta þangað til. „Þegar maður fer út áttar maður sig á því hvað manni þykir vænt um landið, svo ég ætla bara að njóta víðáttunnar, drekka íslenskt vatn og anda að mér fersku lofti. Eitthvað sem maður tekur allt of oft sem sjálf-sögðum hlut.“

Spurður um lífið í New York segist Þorvaldur hafa lítinn tíma fyrir utan skóla. „Ég er í skólanum alveg frá ný á morgnana til tíu

eða ellefu á kvöldin. Það eru einstaka hálf tíma pásur en þetta eru alveg þrettán tíma skóladaðar og svo eru alltaf einhverjir tímar um helgar. Námið er mjög krefjandi, en auðvitað skemmtilegt í leiðinni, alveg eins og ég vil hafa það,“ segir Þorvaldur Davíð, sem býr á heima- vist skólans ásamt öðrum fyrsta árs

nemendum. „Ég deili tíu fermetra herbergi og sef í efri koju með píanóleikara í neðri kojunni. Við erum uppi á 26. hæð svo útsýnið er mjög gott, en ég reikna með að finna mér íbúð fyrir næsta vetur. Ætli maður leiti ekki bara í Harl- em að einhverju á viðráðanlegu verði,“ segir Þorvaldur Davíð og hlær.

FERÐAST UM LANDIÐ Í SUMAR Þorvaldur Davíð fór beint á æfingar fyrir Killer Joe þegar hann kom frá New York, þar sem hann stundar leiklist- arnám við Juilliard.



SÁTT VIÐ SITT Friðrik Ómar og Regína Ósk voru því fegnast að hafa ekki lent í hinu alræmda sextánda sæti og sátu við sitt, sem skilaði þeim fjórtánda sætinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EUROBANDIÐ: NÍUNDI BESTI ÁRANGUR ÍSLANDS Í EUROVISION

Sátt við fjórtánda sætið

Níundi besti árangur Ísland í Eurovision varð staðreynd á laugardaginn, fjórtánda sæti. „Það var góður árangur að komast upp úr undanriðlinum og svo erum við bara mjög sátu við fjórtánda sætið – Ísland hefur aldrei áður verið í fjórtánda sæti, svo þetta er eitthvað alveg nýtt,“ sagði Friðrik Ómar brosandí og borubrattur þegar hann kom út úr höllinni í Belgrad. Keppendurnir tándust einn af öðrum út eftir skrallið, aðeins einn, væmni hjarta- knúsarinn Dima Bilan, fagnaði sigri.

Sigur hans, og fyrsti sigur Rússlands, var mjög afgerandi. Þetta var fyrir löngu orðið svo öruggt að salurinn var farinn að baula þegar hin fyrirsjáan- legu nágrannaatkvæði röðuðu sér í hús hjá Rússum. Öll stemming fyrir spennandi atkvæðagreiðslu var dottin niður og hjá Íslendingunum var helsta spennan hvort við lentum í sextánda sæti. Það voru síðustu tólf stig kvöldins – frá Dönun – sem björguðu okkur frá þeim alræmda stað.

Norrænu þjóðirnar sýndu síst minni nágranna- kærleika en aðrir. Auk fulls húss frá Dönun fékk Eurobandið átta stig frá Svíum og Norðmönnum og sjó frá Fínum. Aðrir sem voru góðir við okkur voru Portúgalir, sem gáfu okkur sjó stig, og Bretar og Maltverjar, sem gáfu okkur sex hvor þjóð.

Íslendingar launuðu svo greiðann og gáfu Fínum sjó stig, Norðmönnum tíu stig og Dönun tólf stig.



STUÐNINGSLIÐIÐ Foreldrar Regínu Óskar stukkðu upp í flugvél til Belgrad þegar ljóst varð að Eurobandið kæmist í úrslit.

Svíagrýlan fékk hins vegar bara þrjú. Aðeins Norðmenn toppuðu okkur af Skandináviþjóðum, en þeir náðu fimmta sæti. Við erum því næstbest Norðurlandþjóða. Og við unnum þetta auðvitað miðað við höfðatölu.

Friðrik og Regína stóðu sig gríðarlega vel og sýndu fádæma dugnað og úthald. Þau eru vel að afslöppun komin og skruppu í gær til Danmerkur til að hafa það gott með Heru Björk sem þar býr.

gunnarh@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Ekki fór mikið fyrir lítilli frétt tímarits- ins Föstudags um knattspyrnuleik þar sem borgarfulltrúinn **Gísli Marteinn Baldursson** ætlaði að bregða á leik

þá um daginn. Kappleikurinn var á milli fótboltafélags sem Gísli Mart- einn er meðlimur í og fanga á Litla- Hrauni. Bolli Thoroddsen, flokksfé- lagi Gísla, er hugmyndasmiðurinn á bak við þetta framtak en því miður var leiknum frestað vegna óviðráð- anlegra ástæðna. Hann mun hins vegar fara fram í byrjun júní.

Sumarfrí landsmanna eru farin að bresta á og margir hugsa sér gott til glóð- arinnar þegar utanlandsferðirnar eru pantaðar. Feg- urðardrottningin Manúela Ósk og eiginmaður hennar, **Grétar Rafn Steins- son**, þurftu hins vegar lítið að stressa sig á hótélkostnaði því þau eru nú í faðmi fjölskyldu Manúelu á Flórída þar sem hún á hús með öllu og njóta sólarinnar og hvítra sanda ríkisins sem oftast er kennt við ellilífeyrisþega.

Knattspyrnukappar virðast seint þreyttast á því að reyna fyrir sér í viðskiptalífnum. Nú hafa tvíbura- bræðurnir athafnasömu, **Bjarki og Arnar Gunnlaugssynir**, stofnað fyrirtæki með engum öðrum en **Guðna Bergssyni**. Ekki er vitað hvers eðlis fyrirtækið er en ef að líkum lætur má reikna með því að það fari að láta til sín taka í fasteigna- eða fjármálagæranum áður en langt um líður. Enda bræðurnir þekktir fyrir útsjónarsemi sína og herkaensku á því sviði.

-fgg



Leoncie gerir sitt fyrsta myndband á íslensku

„Ég er að fara að senda frá mér splunkunýtt tónlistarmyndband. Það fyrsta sem ég sendi frá mér á íslensku,“ segir Icy Spicy Leoncie, sem í dag sendir frá sér mynd- band við lagið Enginn þrikantur hér. Myndband þetta ku vera fullt af brakandi húmor. „Þetta er mjög hlægilegt tónlistarmyndband,“ segir Leoncie, sem í leiðinni sendir frá sér myndband við lagið Love in a Pub in Essex; enska útgáfu lagsins Ást á pöbnum sem Íslend- ingar þekkja svo vel. Hún segist hafa fengið góðar viðtökur við myndböndum sínum. „Fólk ætti bara að kíkja á youtube og sjá allt það hrós sem ég hef fengið frá Bandaríkjamönnum,“ segir Leoncie.

Leoncie er nú búsett í Essex á Englandi, ásamt manni sínum Viktori Þóri Alberti Martin, og

líður vel þar. Þó segist hún ekki hafa orðið vör við Íslendingafélag þar í landi. „Íslenska sendiráðið í London er svo upptekið við að eyða peningum í íslenska tónlist- arruslahrúgu,“ segir Icy og und- rast ekki að sjálf fái hún engan stuðning þaðan. „Mér er hafnað af því að ég er snillingur og íslensk tónlist myndi aldrei þola saman- burðinn. Tónlistarmenn hræðast mig og reyna því að bola mér í burtu en ég hlæ að ötta þeirra við mig og mína hæfileika.“

Leoncie er að öðru leyti sátu með lífið og tilveruna. „Hvernig get ég verið annað? Ég nýt mikillar vel- gengni, ég er frábær músikant, frábær lagahöfundur og já, ég er farsæll fasteignasali,“ segir Icy Spicy Leoncie. Myndbönd hennar má sjá síðunni www.youtube.com/icyspicyleoncie.

-shs



SPICY Leoncie líður vel í Englandi.



NJÓTTU FERÐLAGSINS Á GÓÐUM NOTUÐUM BÍL



**NISSAN TERRANO II
SE 2,7 TDI**
Árgerð '99, ekinn 165 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.190.000
Tilboðsverð kr. 599.000



**SUZUKI GRAND
VITARA**
Árgerð '00, ekinn 135 þ.km,
bensín, beinskíptur.
Verð kr. 750.000
Tilboðsverð kr. 299.000



SUZUKI SX4
Árgerð '08, ekinn 1200 km,
bensín, 5 girar.
Verð kr. 2.490.000.
Tilboðsverð kr. 2.190.000



TOYOTA RAV-4 4WD
Árgerð '02, ekinn 52 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.830.000.
Tilboðsverð kr. 1.499.000



**Garmin leiðsögutæki
ásamt Íslandskorti
fylgir völdum tilboðsbílum**

Garmin Nüvi 250 ásamt Íslandskorti
að verðmæti kr. 40.800



**SUZUKI GRAND
VITARA XL7**
Árgerð '03, ekinn 105 þ.km,
bensín, sjálfskiptur
Verð kr. 2.070.000
Tilboðsverð kr. 1.699.000



**TOYOTA COROLLA
TOURING 4WD**
Árgerð '99, ekinn 156 þ.km,
bensín, 5 girar.
Verð kr. 550.000
Tilboðsverð kr. 299.000



**HYUNDAI TUSCON
CRDI**
Árgerð '05, ekinn 29 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.760.000
Tilboðsverð kr. 2.099.000



**MMC PAJERO SPORT
GLS TDI**
Árgerð '00, ekinn 149 þ.km,
dísil, 5 girar.
Verð kr. 1.490.000
Tilboðsverð kr. 999.000



**VW PASSAT COM-
FORTLINE STW**
Árgerð '97, ekinn 158 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 550.000
Tilboðsverð kr. 299.000



**SKODA OCTAVIA
COMBI AMBIENT**
Árgerð '00, ekinn 101 þ.km,
bensín, 5 girar.
Verð kr. 790.000
Tilboðsverð kr. 499.000



**RENAULT MEGAN II
SCÉNIC**
Árgerð '05, ekinn 31 þ.km,
bensín, 5 girar.
Verð kr. 2.150.000
Tilboðsverð kr. 1.849.000



**SUZUKI GRAND
VITARA 2.0**
Árgerð '04, ekinn 64 þ.km,
bensín, 5 girar.
Verð kr. 1.500.000
Tilboðsverð kr. 1.099.000



HONDA HRV SMART
Árgerð '03, ekinn 108 þ.km,
bensín, 5 girar.
Verð kr. 950.000
Tilboðsverð kr. 749.000



PEUGEOT 807 ST 2.0
Árgerð '04, ekinn 68 þ.km,
bensín, 5 girar.
Verð kr. 1.990.000
Tilboðsverð kr. 1.499.000



**PEUGEOT 407SW
1.8**
Árgerð '06, ekinn 10 þ.km,
bensín, 5 girar.
Verð kr. 2.350.000.
Tilboðsverð kr. 1.899.000



**PEUGEOT 206SW
1.6**
Árgerð '05, ekinn 12 þ.km,
bensín, 5 girar.
Verð kr. 1.450.000.
Tilboðsverð kr. 1.199.000



PEUGEOT 307SW
Árgerð '03, ekinn 45 þ.km,
bensín, sjálfskiptur
Verð 1.120.000
Tilboðsverð 849.000



**PEUGEOT 307SW
- með GLERÞAKI**
Árgerð '04, ekinn 27 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.590.000
Tilboðsverð kr. 1.249.000



**RENAULT LAGUNA
2.0 SW**
Árgerð '00, ekinn 125 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 695.000
Tilboðsverð kr. 399.000



**BMW 525 D
TOURING**
Árgerð '02, ekinn 90 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.350.000
Tilboðsverð kr. 1.799.000



**Tilbúnir í
ferðalagið!**

Opnunartímar:
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 11:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • www.bernhard.is



BAKPANKAR
Práins
Bertelssonar

Verðlagskönnun

Þeir sem segja að ekki sé hægt að kaupa allt fyrir peninga eru að vanmeta mátt peninganna gróflaga. Það er lafhægt að kaupa dauða yfir bæði einstaklinga og þjóðir. Lífslíkur auðmanna og fátæklinga sýna svo að ekki verður um villst að hægt er að kaupa fjöldamörg æviár. Og meira að segja var elsta kaupsýslufyrirtæki á jörðinni á kafi í að selja fólki eilíft líf öldum saman.

MANNLÍF eru metin hjá tryggingafélögum. Slys eða óhöpp eins og að verða fyrir nauðgun eða líkamsárás eru metin til fjár af dómstólum. Þrísinn á nauðgunum er miðaður við að gera fleirum en efnamönnum fjárhagslega kleift að nauðga lágt launuðu kvenfólki, enda væri þrísinn töluvert hærri ef hæstaréttardómara væri nauðgað, að ég tali nú ekki um karlkyns hæstaréttardómara. Nekt og samfarir er líka hægt að kaupa samkvæmt verðlista, og pólitískur stuðningur eða skoðanir fólks hafa öldum saman fylgt markaðsverði. „Brauð og leikir“ var sú verðlagning kölluð í Rómaborg til forna. „Atvinna og stöðugleiki“ er það kallað í dag.

NÚ vill Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana, verðleggja náttúruna og rukka fyrir þau spjöll sem framkvæmdir valda á henni. Þetta er reyndar hafið fyrir löngu. Garðyrkjustöðvar verðleggja einstakar plöntur og blómabúðir verðleggja skrautblóm. Vatnsföll sem hægt er að virkja til raforkuframleiðslu hafa sinn prís, laxveiðiar og silungsvötn er líka að finna í verðlistum.

MIKLU þægilegra er að átta sig í búðum þar sem vörurnar eru verðmerktar. Til að efla verðskyn almennings fyrir einstaklingum og umhverfi þarf endilega að færa þessa verðmerkingu út úr búðunum og inn í borgarumhverfi og loks náttúruna. Fyrst setjum við verðmiða á hvern einstakling og breytum dagsprísnum eftir því hvernig einstaklingurinn þróast og eftirspurnin er í þjóðfélaginu. Sumir kosta 300 millur og aðrir eru falir fyrir þúsund kall á tímann. Síðan þarf að fara að verðleggja mannlega hegðun. Við vitum hvað forsetinn hefur í kaup en hvers virði er hvert augnatillit hans og handaband, og svo þarf að kanna hvers virði er það ef ung stúlka brosir til ungs pilts á vordegi þegar sól fyrir margar milljónir skín yfir land og þjóð?

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 26. maí,
148. dagur ársins.

| Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|----------------|---------|----------|
| Reykjavík 3.38 | 13.25 | 23.14 |
| Akureyri 2.55 | 13.09 | 23.27 |

Heimild: Almanak Háskólans

LEGACY

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

REKSTRARLEIGA / EINKALEIGA

39.900

KR. Á MÁNUÐI FYRIR SJÁLFSKIPTAN LEGACY
MEÐ ÖLLU!*

- ENGIN ÚTBORGUN
- ÖLL ÞJÓNUSTA INNIFALIN
- ÞÚ SKILAR BÍLNUM EFTIR 3 ÁR

**GRÍPTU ÞETTA EINSTAKA TÆKIFÆRI ÞVI
AÐ VIÐ BJÓÐUM AÐEINS TAKMARKAÐAN
FJÖLDA BÍLA Á ÞESSUM KJÖRUM!**

Ríkulegur búnaður: Fjór hjóladríf, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislaspilari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölva, hraðastillir o.m.fl.

Staðgreiðsluverð fyrir sjálfskiptan Legacy Sedan :

3.150.000 kr.



* Miðað við rekstrar- / einkaleigusamning til 36 mánaða (erlend myntkarfa). Athugið að lágmarks tryggingagjald sem greiða þarf í upphafi er endurgreitt í lok samningstíma. Innifalið í mánaðargreiðslu er öll áskilin þjónusta samkvæmt þjónustubók.



GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti þjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON